

VILJA ÓGILDA
MANNRETTINDALÖGIN ▶ 34

Þorleifur og Andri
HANDRITA-
SKRIFIN
STYRKTU
VINÁTTUNA
▶ 30

Tenerife
Verð frá 16.900 kr.

HET
þorleifur

Aðra leið með tösku

plús
FERÐIR
www.plusferdir.is


FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARBLAÐ
16. maí 2015
114. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

AF LOKUÐU HÆLI Í ÁTT AÐ SJÁLFSTÆÐI

Fimmtíu ára saga þroskaþjálfastéttarinnar er samfin réttinda-
baráttu fatlaðs fólks. Fyrir hálfri
öld var fólk með þroskahömlun
falið inni á Kópavogshæli og
svokallaðar gælusystur önnuðust
það. Í dag starfa þroskaþjálfar úti
um allt samfélag og aðstoða fólk
við að lifa sjálfstæðu lífi. ▶ 24



UM SKYLDUR ÓPERUNNAR
Arnbjörg María Danielsen segir
Íslensku óperuna ekki hafa efni
á að skella við skollaeyrum. ▶ 56



DANSINN ER
ALPJÓÐLEGUR
▶ 36

HRÚTAR Á CANNES

Kvikmynd
Gríms Hákonar-
sonar fékk
frábærar
viðtökur.
▶ 70



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


Gefðu möguleika

Þú færð gjafakortið á þjónustuborði
Smáralindar eða á smaralind.is



SMÁRALIND

VEÐUR



Áfram vætusamt á sunnanverðu landinu í dag, en skúrir fyrir norðan. Hiti 6 til 11 stig að deginum.

SJÁ SÍÐU 54

GLEÐIFRÉTTIN

Tryggði Gróttu titilinn

Hin 15 ára gamla Lovísa Thompson, yngsti leikmaður Gróttu, segist eiginlega hafa verið í sjokki eftir að hafa tryggt félaginu fyrsta Íslandsmeistaratitilinn í handknattleik kvenna. Tilfinningin hafi verið skemmtileg. Tuttugu og tveggja ára aldursmunur er á henni og elsta leikmanni liðsins.



FIMM Í FRÉTTUM: BURÐUR Í BEINNI OG EUROVISION



Hala Fadlyeh þurfti að skila inn staðfestingu frá trúfélagi um að hún noti hijab-höfuðklút vegna trúar sinnar. „Ég óska þess að stofnanir á Íslandi hætti að biðja múslimakonur að sanna trú sína með því að biðja aðra sem þekja þær ekki neitt um staðfestingu.“



Gísli Einarsson stýrði sólarhringslangri útsendingu RÚV sem bar nafnið Beint frá burði. Þar var sýnt í beinni frá sauðburði í Syðri-Hofdölum í Skagafirði. Vakti framtakið mikla athygli á samskiptamiðlum og virtust flestir ánægðir með framtakið.



Ingólfur Bjarni Sigfússon, nýmiðla-stjóri RÚV, neitaði því að setja ætti Rás 3 í loftið. Vísir sagði fréttir af því að setja ætti Rás 3 í loftið og búið væri að kaupa lénid ras3.is. „Ég keypti bara lénid til að vera viss, ef niðurstaðan skyldi verða sú að: Jú, þetta væri málið, þá ættum við það inni,“ sagði Ingólfur Bjarni í samtali við Vísir.



Björg Ásta Þórðardóttir greindist með MS-sjúkdóminn árið 2009. Hún sagði frá reynslu sinni í tilefni þess að átakið Stattu með taugakerfinu var sett í gang í vikunni. Það eru ýmis samtök fólks með taugasjúkdóma sem standa að átakinu og óska eftir stuðningi Íslensku Þjóðarinnar til að efla rannsóknir á taugasjúkdómum.

Íslenski hópurinn í Eurovision hélt til Vínarborgar í Austurríki á miðvikudag. **María Ólafsdóttir** stígur á stóra sviðið í seinni forkeppni Eurovision á fimmtudag þar sem hún mun flytja framlag Íslands, Unbroken.



HEIMSÓKN Í KÍNA Narendra Modi, forsætisráðherra Indlands, heimsótti Kínverja í gær og skoðaði meðal annars terrakotta-leirhermenn. NORDICPHOTOS/GETTY

Narendra Modi, forsætisráðherra Indlands, heimsækir Kína: Hvetur Kínverja til samvinnu

INDLAND Narendra Modi, forsætisráðherra Indlands, fundaði í gær með Li Keqiang, forsætisráðherra Kína, í Peking. Forsætisráðherrarnir funduðu um samskipti ríkjanna, þá sérstaklega landamæradeilur, áhyggjur indversku ríkisstjórnarinnar af viðskiptahalla milli ríkjanna og tengsl Kínverja við Pakistan.

Leiðtogarnir skrifuðu undir samstarfssamninga milli ríkjanna í gær sem talið er að séu allt að 1.300 milljarða króna virði. - þea

Hægist á smásöluverslun: Dró úr vexti í aprílmánuði

VIÐSKIPTI Í apríl hæðði á þeim vexti sem verið hefur í sölu smásöluverslana undanfarna mánuði. Rannsóknarsetur verslunarinnar greinir frá þessu.

Þannig dróst velta dagvöruverslana saman um 4,0 prósent að raunvirði og 1,8 prósent samdráttur var í sölu á byggingavörum. Enn var þó vöxtur í raftækjaverslun sem nam 14,4 prósentum að raunvirði frá sama mánuði í fyrra og húsgagnasala var 8,7 prósentum meiri en í apríl í fyrra að raungildi. Þá jókst sala á áfengi um 5,1 prósent. Innlend greiðslukortavelta jókst um 2,4 prósent en sú notkun á kortum erlendis um 17 prósent. - fbj

Sprengjuvargur dæmdur: Sexfaldur dauðadómur

BANDARÍKIN Dzhokhar Tsarnaev var í gærkvöldi dæmdur til dauða af kviðdómi í Massachusetts fyrir aðild sína að sprengjuárás í maraþoninu í Boston fimmtánda apríl 2013.

Tsarnaev var dæmdur til dauða fyrir sex ákæruliði sem allir tengdust notkun og vörslu sprengunnar sem hann og bróðir hans Tamerlan bjuggu til.

Tamerlan lést eftir að lögreglumenn skutu hann til bana í skotbardaga þremur dögum eftir sprengjuárásina.

„Refsingin fyrir þennan hrottafengna glæp er vel við hæfi,“ sagði Loretta Lynch, ríkissaksóknari Bandaríkjanna, í gær. - þea

Sagði frá eigin reynslu af heimilisofbeldi

Guðrún Ögmundsdóttir sagði í fyrsta skipti opinberlega frá eigin reynslu af því að vera barn sem elst upp við heimilisofbeldi. Málþing um heimilisofbeldi var haldið í Háskólanum í Reykjavík í gær. Hún segir mikilvægt að börn verði sýnileg.

OFBELDI „Ég ætla að tala um hvernig er að vera barn sem upplifði heimilisofbeldi. Ég var þetta barn sem allar rannsóknir beinast að,“ sagði Guðrún Ögmundsdóttir í áhrifaríku erindi sínu sem bar heitið Að taka upp úr bakpokanum og var það táknrænt fyrir þá reynslu sem hún sagði frá í fyrsta skipti í gær, á Málþingi um heimilisofbeldi í Háskólanum í Reykjavík.

Faðir Guðrúnar beitti móður hennar ofbeldi og sagðist hún skilja hversu erfitt það sé fyrir börn að búa við slíkrænt aðstæður, hvernig það mótar þau og hve erfitt er að segja frá. „Ég sagði engum frá.“

Börn upplifi oft togstreitu því foreldrar þeirra séu þeim allt. Stundum haldi foreldrar að börnin viti ekki af ofbeldinu því það hafi ekki beinst gegn þeim, líkt og í hennar tilfelli. „Börn vita alltaf allt, þau skynja allt og það er ekki hægt að fela fyrir þeim. Þú talar ekki um þetta þótt stórfjölskyldan viti þetta. Hvað þá við bestu vinkonu þína. Þetta er leyndarmál,“ sagði Guðrún og tók fram að eflaust hefðu margir orðið vitni að því þegar þurfti þrjá lögregluþjóna til að handtaka föður hennar í eitt skipti eftir að hann gekk í skrokk á móður hennar. Íbúðin var rjúkandi rúst eftir á þar sem hann hafði gengið berserksgang. „Ég kaus að láta eins og enginn vissi,“ sagði hún.

„Svona minningar og reynsla sest í frumurnar. Hún er líkamleg og hún er alltaf þarna.“ Hún sagðist, eins og mörg börn, hafa kennt sér um ofbeldið sem hefði



FRÁ MÁLÞINGINU Fjallað var um heimilisofbeldi á málþinginu og sagði Guðrún Ögmundsdóttir, fyrrverandi þingmaður Samfylkingarinnar, þar frá sinni reynslu af heimilisofbeldi. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

enn áhrif á hana í dag. Minningararnar kæmu upp þegar hún yrði vitni að ofbeldi. Í eitt skipti brutust tilfinningarnar fram þegar hún varð vitni að því eftir hrún að fólk réðist að bíl ráðherra. „Ég gjörsamlega panikkeraði, hnippti í mann og lét hann leida mig yfir Arnarhól í vinnuna, ég held ég hafi verið óvinnufær í marga daga,“ sagði hún.

Guðrún sagði að mikið hefði áunnist í því að hjálpa börnum sem orðið hefðu fyrir kynferðisofbeldi. „Gildir það sama um börn sem búa við heimilisofbeldi? Tökum við þau nógu alvarlega? Ekki alltaf, því miður. En það eru svo sannarlega mörg teikn á lofti um að við séum að taka á þessu með festu,“



Svona minningar og reynsla sest í frumurnar. Hún er líkamleg og hún er alltaf þarna.

Guðrún Ögmundsdóttir, fyrrverandi þingkona Samfylkingarinnar.

sagði Guðrún. „Við skulum vinna saman og við skulum gera börn sýnileg,“ sagði Guðrún og ítrekaði alvarlegar afleiðingar heimilisofbeldis á börn. „Tökum þau alvarlega og setjum þeirra reynslu í fyrsta sæti.“ viktoria@frettabladid.is

Ægis tjaldvagn

Par sem ferðalagið byrjar

Korputorg
112 Reykjavík
Sími 551 5600
utilegumadurinn.is

Útilegu maðurinn
SEGLAGERÐIN ÆGIR

Opið mán-fös kl. 10-18 - lau-sun kl. 12-16

Neyðarsöfnun UNICEF á Íslandi vegna skjálftanna í Nepal stendur enn yfir: Gáfu ágóðann af sölu vorrúlla

HJÁLPARSTARF Filippseyingar í samtökunum Project Pearl Iceland gáfu ágóðann af vorrúllum og öðrum kræsingum sem þeir elduðu og seldu í Ráðhúsi Reykjavíkur á fjölmenningsdeginum fyrir viku, alls 140.342 krónur, í neyðarsöfnun UNICEF á Íslandi.

„Allur ágóði rann í neyðarsöfnun UNICEF á Íslandi fyrir börn í Nepal sem eiga um sárt að binda eftir jarðskjálftann mikla fyrir um þremur vikum. Framlag þeirra mun meðal annars fara í að útvega hreint vatn og hreinlætisgögn á skjálftasvæðinu í Nepal, nauðsynleg lyf, sálrænan stuðning og bóluefni til að reyna að koma í veg fyrir mislinga-faraldur,“ segir Sigríður Víðis Jónsdóttir, upplýsingafulltrúi UNICEF á Íslandi.

Hún segir neyðina í Nepal



Í RÁÐHÚSINU Félagar í samtökunum Project Pearl Iceland við básinn sinn á fjölmenningsdeginum.

gríðarlega. „Hvert einasta framlag skiptir máli. Við erum félögum í Project Pearl Iceland innilega þakklát fyrir framlag sitt og fyrir allan stuðninginn.“

Hann er algjörlega ómetanlegur.“ Neyðarsöfnunin stendur enn yfir en alls hafa safnast yfir 15 milljónir króna.

- ibs



BLÓMLEGUR SÆLUREITUR

Hjá okkur færðu allt fyrir garðinn, sólpallinn og sumarið



KJARA KLÚBBUR

OUTBACK

Gasgrill Omega 200

Grillsvæði 500x360 mm, tvískiptur brennari

17.900 kr.

Fullt verð: 23.900 kr. 3000225



KJARA KLÚBBUR

OUTBACK

Gasgrill Outback Solo

Grillsvæði 628x406 mm, þrjú ryðfríir brennarar

29.900 kr.

Fullt verð: 39.900 kr. 3000393



KJARA KLÚBBUR

Royal 320

Grillsvæði 380x670 mm, þrjú ryðfríir brennarar

56.900 kr.

Fullt verð: 65.900 kr. 3000604



Hekklippur

20 cm langt blað

2.446 kr.

Verð áður 3.495 kr. 5084742



Greinaklippur 7"

849 kr.

Verð áður 1.212 kr. 5084732



Greinaklippur 8.25"

1.187 kr.

Verð áður 1695 kr. 5084733



Greinaklippur 54 cm

2.306 kr.

Fullt verð: 3.295 kr. 5084738



Sólboði

999 kr.

Fullt verð: 1.490 kr.



Margarita

999 kr.

Fullt verð: 1.690 kr.

Reiðhjól AUTHOR TROPHY 26"

19" álgrind, 18 girar, V bremsur, Spanker 26"x1,95 dekk, Shimano TY18 afturskipting, með fjöðrun



35.900 kr.



3899978

20% afsláttur af öllum áburði



Bláakorn 5 kg

1.192 kr.

Fullt verð: 1.490 kr.



Kalkkorn 5 kg

799 kr.

Fullt verð: 999 kr.



Gróðurmold 10 ltr

599 kr.



Grasfræ 1 kg

1.890 kr.



Snædrífa

999 kr.

Fullt verð: 1.690 kr.



Pallaolía Jotun Treolje

Pallaolía á gagnvarið efni, sú mest selda í Húsasmiðjunni

2.385 kr.

Fullt verð: 3.295 kr. 7049123

11.05.2015 → 17.05.2015



111 þúsund
fermetrar af
malbiki

verða lagðir á rúma 16 kílómetra
gatna í Reykjavík í sumar.



11.000 Íslendingar
hafa flutt til útlanda
frá aldamótum sé horft á fjölda
brotfluttra umfram aðflutta.




1 framhaldsskóli af **31** hefur
SKÓLASÁLFRÆÐING
í starfsliði sínu.



SAUÐARGÆRUR
verða seldar frá fyrirtæki
á Blönduósi til Hong Kong,
gangi samningur eftir.

40 SMÁBÁTAR
losnuðu frá flotbryggju á
Rífi á Snæfellsnesi í
óveðri í vikunni.



84,6%
af Norðfjarðargöngum
hafa verið grafinn
eða **6.397 metrar.**



VARÐSKIPIÐ ÞÓR Er við eftirlit á
úthafskarfamiðunum. MYND/LHG

Varðskipið Þór vaktar veiðar:

Við eftirlit á karfamiðunum

LÖGGÆSLA Varðskipið Þór er við eftirlit á úthafskarfamiðunum við 200 sjómílna mörk efnahagslögsögunnar á Reykjaneshrygg. Veiðarnar máttu hefjast síðasta sunnudag, samkvæmt samningi Norður-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC).

Þá voru á svæðinu 27 skip, þar af þrjú íslensk. Auk varðskipins Þórs var á svæðinu spænskt varðskip á vegum Evrópusambandsins.

Varðskipið Þór verður við eftirlit á svæðinu á næstunni, en þegar hefur verið farið til eftirlits um borð í erlend veiðiskip. -sh

Cameron fundar í Skotlandi: Vilja aukin völd til Skotlands

BRETLAND David Cameron, forsætisráðgjafi Bretlands, ferðaðist til Skotlands á fund Nicola Sturgeon, forsætisráðgjafa Skotlands.

Skoski þjóðarflokkurinn, flokkur Sturgeon, vann mikinn sigur í þingskosningunum í síðustu viku sem þótti vera til marks um það að áherslur flokksins um aukin völd til Skotlands ættu upp á pallborðið.

Cameron sagði í lok fundar að á stefnu ríkisstjórnar hans yrði frumvarp um aukin völd til Skotlands en í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að flytja völd til skattlagningar yfir til Skotlands. -sfs

Brot Byko alvarleg og ollu almenningi öllum tjóni

Samkeppniseftirlitið sektaði Byko í gær um 650 milljónir króna vegna ólöglegs samráðs. Stjórnendur Byko saka Samkeppniseftirlitið um áróður og segja ákvörðunina vera í andstöðu við niðurstöðu Héraðsdóms Reykjaness.

STJÓRNSÝSLA Samkeppniseftirlitið hefur ákveðið að leggja 650 milljóna króna stjórnvaldssekt á Byko vegna umfangsmikils ólöglegs samráðs við gömlu Húsasmiðjuna.

Rannsókn málsins hefur staðið yfir allt frá árinu 2011, en ákvörðun Samkeppniseftirlitsins var birt í gær. Þar kemur fram að Samkeppniseftirlitið telur að brot Byko séu mjög alvarleg og hafi verið framin af ásetningi. Brotin hafi verið til þess fallin að valda húsbyggjendum og almenningi öllum umtalsverðu tjóni. Sektin er lögð á móðurfélag Byko, Norvík.

Rannsókn málsins hófst eftir að Múrbúðin sneri sér til Samkeppniseftirlitsins og upplýsti um tilraunir Byko og Húsasmiðjunnar til að fá Múrbúðina til þess að taka þátt í ólöglegu samráði. Auk þess upplýsti Múrbúðin um verðsamráð milli Byko og Húsasmiðjunnar. Að undangengnu mati á þessum upplýsingum ákvað Samkeppniseftirlitið að kæra nokkra einstaklinga, starfsmenn Byko og Húsasmiðjunnar, til lögreglu vegna gruns um brot gegn samkeppnislögum. Í kjölfarið var framkvæmd húsleit hjá Byko og Húsasmiðjunni þann 8. mars 2011. Í samræmi við ákvæði samkeppnislaga hefur Samkeppniseftirlitið rannsakað þátt fyrirtækjanna og lögregla þátt starfsmanna þeirra.

Steinull hf., sem áður hét Steinullarverksmiðjan, er einnig sektuð um 20 milljónir króna fyrir að hafa veitt Húsasmiðjunni upplýsingar um viðskiptakjör Múrbúðarinnar. Með því braut Steinull gegn skilyrðum sem sett voru vegna kaupa Byko, Húsasmiðjunnar og Kaupfélags Skagfirðinga á eignarhlutum



BYKO Rannsókn málsins hófst eftir að Múrbúðin sneri sér til Samkeppniseftirlitsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

í Steinullarverksmiðjunni. Skilyrðunum var ætlað að vinna gegn því að sameiginleg eignaraðild Byko og Húsasmiðjunnar að Steinull myndi takmarka samkeppni.

Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins kemur fram að brot þessa máls tengjast ekki núverandi rekstraraðilum Húsasmiðjunnar. Rannsókn á þætti Húsasmiðjunnar í málinu lauk í júlí á síðasta ári. Fyrirverandi rekstraraðili Húsasmiðjunnar, Holtavegur 10 ehf., segir að gamla Húsasmiðjan hafi gert sátt við Samkeppniseftirlitið og viðurkennt að hafa átt í ólöglegu samráði við Byko.

Þann 9. apríl síðastliðinn var kveðinn upp dómur í Héraðsdómi Reykjaness í sakamáli sem embætti sérstaks saksóknara höfðaði gegn starfsmönnum Byko og Húsasmiðjunnar. Þeim dómi hefur nú verið áfrýjað til Hæstaréttar. Samkeppniseftirlitið segir að sakamálið hafi ekki áhrif á niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins.

Byko er sektað fyrir eftirfarandi brot

- Reglubundin, yfirleitt vikuleg, samskipti við gömlu Húsasmiðjuna um verð, birgðastöðu og fleira í því skyni að hækka verð/vinna gegn verðlækkunum á svonefndum grófvörum, svo sem timbri, steinull og stáli.
- Samráð við gömlu Húsasmiðjuna um að hækka verð í öllum tilboðum á grófvöru í áföngum.
- Samráð við gömlu Húsasmiðjuna um að vinna gegn verðsamkeppni í sölu á pallaefni á aðalsölutíma þeirrar vöru og reyna þess í stað að hækka verð.
- Samráð við gömlu Húsasmiðjuna um að hækka verð á miðstöðvaröfnum.
- Að hafa gert sameiginlega tilraun með gömlu Húsasmiðjunni til að fá Múrbúðina til að taka þátt í samráði um verð á grófvöru og með því að hafa ákveðið með gömlu Húsasmiðjunni að fylgjast með aðgerðum Múrbúðarinnar á markaðnum.

Byko hefur ákveðið að kæra

ákvörðun Samkeppniseftirlitsins til áfrýjunarnefndar Samkeppnismála. Sakar Byko stofnunina um áróður með uppsetningu á upplýsingasíðu sem sett hefur verið upp vegna málsins. jonhakon@frettabladid.is

Forseti Alþingis tekur vel í hugmyndir um breytingar á þingsköpum:

Vill bylta þingsköpum Alþingis

STJÓRNMÁL „Þarna eru áhugaverðar hugmyndir. Sumar sem hafa verið ræddar áður og aðrar ekki,“ sagði Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis. Bjarni Benediktsson fjármálaráðgjafi velti upp hugmyndum á Facebook-síðu sinni í gær um miklar breytingar á þingsköpum Alþingis til að auka afköst þingsins.



EINAR K. GUÐFINNSSON

„Þessi mál eru til meðhöndlunar í nefnd hérna í þinginu sem tekur á þingsköpunum. Eg geri ráð fyrir að þetta verði rétt þar,“ sagði Einar.

„Ég fagna öllum umræðum um þingsköpin sem miða að því að auka skilvirkni þingsins og tryggja rétt minnihlutans.“

Bjarni segir að núverandi verklag bjóði upp á rífrildi og mal fram á nótt sem teji fyrir vinnu þingsins.

Hann viðurkennir að hann hafi setið báðum megin borðs þegar kemur að þessum starfsháttum en leggur til umbætur sem ættu að gagnast öllum.



VILL KOMA Í VEG FYRIR MAL Bjarni vill auka skilvirkni og tryggja rétt minnihlutans. FRÉTTABLAÐIÐ/BALDUR HRAFNKELSSON

Þá vill hann til dæmis auka völd forseta þingsins til að stöðva mál og setja tímamörk á umræðu mála. Á móti vill hann efla vernd minnihluta þingsins og opna á þann möguleika að flytja mál á milli þinga en slíkt krefst stjórnarskrárbreytinga.

Þess má geta að fyrir þinginu liggur frumvarp Pírata um breytingar á þingsköpum sem gerir þingsmálum kleift að lifa á milli þinga. -sfs

Mallorca
Sólarpris fyrir börnin

Frítt flug fyrir fyrsta barn!*

50% afsláttur fyrir annað og þriðja barn.*

Tilboðið gildir frá hádegi á föstudag, 15. maí til hádegis á þriðjudag, 19. maí.

[Sjá nánar á vita.is](#) *2-11 ára

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is
VITA | Skógarhlíð 12 | Sími 570 4444

vita VITA er lífið



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

ALVEG HREINT SKÍNANDI SAMBAND ÞJÓNUSTUDAGUR TOYOTA

BLAUSKJALSTYRI 7812 6015



Í dag, laugardag 16. maí, kl. 11 – 15

Þjóðum við öllum Toyota-eigendum að koma með bílana sína í sápuþvott hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota.

Í tilefni af 50 árum Toyota á Íslandi fylgir happdrættismiði með þvottinum. Fimmtíu vinningshafar verða dregnir út á Facebook. Í pottinum eru flugmiðar til Evrópu með Icelandair, bensínúttektir, hreinsivörupakkar og fleiri stórglæsilegir afmælisvinningar.

Engin vandamál - bara lausnir.

Við sápuþvoutum bílana að utan – grill, gos og sumarglaðningur fyrir börn og fullorðna.

Toyota Kaupúni
Toyota Akureyri
Toyota Selfossi
Toyota Reykjanesbæ
Bílfreiðaverkstæði KS
Bílaverkstæði Austurlands
Bílageirinn
Bílfreiðaverkstæði Reykjavíkur
Nethamar

Kaupúni 6
Baldursnesi 1
Fossnesi 14
Njarðarbraut 17
Hesteyri 2
Miðási 2
Grófinni 14a
Bæjarflöt 13
Garðavegi 15

Garðabæ
Akureyri
Selfossi
Reykjanesbæ
Sauðárkróki
Egilsstöðum
Reykjanesbæ
Reykjavík
Vestmannaeyjum

50
FIMMTÍU ÁR Á ÍSLANDI
TOYOTA
MEST SELDI BÍLLINN Í 25 ÁR



Allt gekk vel fyrir sig í moskunn sem er framlag Íslendinga á Feneyjatvíæringnum í ár:

Hundruð múslima báðu í moskunn í gær

MENNING „Það gekk frábærlega vel í dag. Full moska og við vorum með íslenskan imam, Ólaf Halldórsson, sem leiddi bæen. Tvö til þrjú hundruð manns voru í moskunn og það voru múslimar af öllum þjóðernum, aðallega túristar. Engin mótmæli voru í gangi og við heyrðum ekkert frá yfirvöldum,“ segir Sverrir Agnarsson, formaður Félags múslima á Íslandi, sem staddur er í Feneyjum.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að aðstandendur íslenska verksins óttuðust mótmæli en ekkert varð

af þeim í gær þrátt fyrir að auglýsingaspjöldum þess efnis hefði verið dreift um borgina.


„Við erum ekki að svívirða neina kirkju. Þetta er ekki kirkja. Hún var afhelguð af páfa þegar hann var í Feneyjum og hefur verið lager síðustu 40 árin. Það hefur ekki komið nógu skýrt fram, ekkert er verið að vanhelga,“ segir Sverrir sem vill áréttta þann misskilning sem hann segir hafa verið ríkjandi í fjölmiðlum og segir fjölmiðla erlendis hafa fiskað upp stemmingu gegn verkinu.

„Pressan hefur verið að kvarta yfir því að þetta sé skipulagt bænahald en þetta bænahald var skipulagt fyrir 1400 árum. Múslimar biðja alltaf á sömu tímum,“ segir hann.

„Við múslimar lítum á það sem svo að heimurinn geti verið moska. Það er engin athöfn til að helga mosku eða vanhelga. Maður getur beðið hvar sem er, líka í listaverki. Þetta er flottasta moska sem ég hef séð í Evrópu og þar af leiðandi biðjum við þar,“ segir Sverrir. - þea



FALLEGASTA MOSKA Í EVRÓPU
Sverrir Agnarsson á gólfi moskunnar í Feneyjum.
MYND/SVERRIR AGNARSSON



Ein virkjun dregin til baka úr tillögunni

Hörð átök voru á Alþingi í gær um þingsályktun um fjölgun virkjanakosta. Forsætisráðherra upplýsti um að draga ætti Hagavatnsvirkjun til baka úr tillögunni.

ALÞINGI Meirihluti atvinnuveganefndar Alþingis féll í gær frá því að hafa Hagavatnsvirkjun meðal þeirra virkjanakosta sem lagt er til að verði færðir úr biðflokki rammaáætlunar í nýtingarflokk.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra upplýsti um þetta samkomulag í óundirbúnum fyrirspurnatíma á Alþingi í gær.

„Svleiðis að menn geta haldið áfram að velta þeim kosti fyrir sér í ró og næði og vonandi séð að það er til bóta fyrir umhverfið að ráðast í virkjun á þeim stað og ná aftur til baka gamla Hagavatni og hefta þar með stórskadlegan uppblástur sem hefur staðið í allt of marga áratugi,“ sagði Sigmundur.

Síðari umræða um umdeilda tillögu til breytingar á þingsályktun frá meirihluta atvinnuveganefndar um fjölgun virkjanakosta hófst á þriðjudag.

Þingmenn stjórnarandstöðunnar, sem heyrðu fyrst af breytingunni í ræðu forsætisráðherra, voru nokkuð forviða yfir þessari tilkynningu. „Það er sem sagt búið að gera samkomulag um að breyta breytingartillögunni sem við áttum að ræða hér í allan dag. Hvenær átti að segja okkur þetta? Hvenær ætlaði hæstvirtur forseti að segja okkur þetta? Hvar eru þessar ákvarðanir teknar? Hvað erum við að ræða hérna í þingsalnum? Þetta er bara orðinn farsí,“ sagði Guðmundur Steingrímsson formaður Bjartrar framtíðar.

Þess var krafist að forseti Alþingis tæki málið af dagskrá þar sem ekki lægi ljóst fyrir hvaða tillögu stæði til að ræða eftir breytinguna. „Þetta er svo mikið rugl. Ég krefst þess að forseti fresti hér fundi og að boðað verði til fundar meðal formanna flokkanna til þess að fara yfir dagskrána. Það er ekki í boði, það er ekki boðlegt að hér sé viðhöfð svona vinnubrögð þar sem við vitum ekki hvað verður á



HÖRD ÁTÖK Hart var tekist á um umdeilda tillögu meirihluta atvinnuveganefndar um fjölgun virkjanakosta í gær og ein virkjun dregin til baka.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

dagskrá,“ sagði Birgitta Jónsdóttir, kaftinn Pírata, meðal annars.

Einar K. Guðfinnsson samþykkti að lokum að funda með þingflokksformönnum áður en þingfundir yrði haldið áfram. Eftir fundinn tókst loks að hætta karpinu og var umræðu haldið áfram um vernd og orkunýtingu landsvæða. Þingmenn héldu þó áfram að ræða dagskrá þingsins undir þeim lið og furðuðu sig á því að verið væri að ræða þessi mál en ekki stöðuna á vinnumarkaði, húsnæðismál eða önnur mál sem stjórnarandstöðunni þótti eðlilegra að ræða þegar svo stutt er til þingloka sem raun ber vitni.
fanney@frettabladid.is



„Hvenær átti að segja okkur þetta? Hvenær ætlaði hæstvirtur forseti að segja okkur þetta? Hvar eru þessar ákvarðanir teknar? Hvað erum við að ræða hérna í þingsalnum? Þetta er bara orðinn farsí.“

Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar.

Skipulagsstofnun stendur fyrir hinum árlega UMHVERFISMATSDEGI

í Fyrirlestrarsal Þjóðminjasafnsins fimmtudaginn 21. maí kl. 13:00-16:00.

Fjallað verður um:

- umhverfisáhrif af vindmyllum
- breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum (C-flokk)
- áhrif framkvæmda og áætlana á samfélag
- mat á umhverfisáhrifum hraðvagna- og lestarkerfa

Fundurinn er opinn öllum og aðgangur ókeypis.

Skráning þátttöku og nánari dagskrá á www.skipulagsstofnun.is.



Reykjavíkurborg

Styrkir vegna útgáfu myndríkra bóka um sögu Reykjavíkur

Útgefendur myndríkra bóka sem tengdar eru sögu og menningu í Reykjavík geta sótt um styrk til niðurgreiðslu á kostnaði vegna kaupa á myndum til birtingar frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur skv. gjaldskrá og magntilboðum safnsins. Styrkirnir eru vegna útgáfu bóka sem koma út á árinu 2015 eða í ársbyrjun 2016. Styrkirnir eru aðgerð í kjölfar menningarstefnu Reykjavíkurborgar sem miðar m.a. að því að hlúa að varðveislu menningararfleifðar og hvetja til miðlunar hennar. Þriggja manna dómnefnd skipuð tveimur starfsmönnum Borgarsögusafns Reykjavíkur og skrifstofustjóra menningarmála metur umsóknir.

Í umsókn komi fram nauðsynlegar upplýsingar um umsækjanda ásamt lýsingu á fyrirhugaðri útgáfu og verðáætlun Ljósmyndasafns Reykjavíkur vegna afgreiðslu ljósmynda í höfundarétti sem bera birtingagjald skv. gjaldskrá safnsins.

Umsókn merkt „Myndrík bók um sögu Reykjavíkur“ berist á netfangið menning@reykjavik.is.

Umsóknarfrestur hefur verið framlengdur til 12. júní.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



S A F T



Gætu verið fangelsuð í sex ár fyrir að vera „óæskileg“ í augum stjórnvalda:

Vilja óæskilega útlendinga burt

RÚSSLAND Fyrir Dúmunni, rússneska þinginu, liggur frumvarp sem hefur það að markmiði að grisja úr „óæskilega útlendinga“ eins og það er orðað í frumvarpinu.


Frumvarpið, sem kemur frá stjórnmalamönnum sem eru hliðhollir Pútín forseta, þykir afar opið til túlkunar um hvað „óæskilegur útlendingur“ sé.

Árið 2012 samþykkti Dúman frumvarp sem miðaði að því að úthýsa erlendum félagasamtökum en í fyrra var skrifstofa Norðurlandaráðs til að mynda flokkuð sem „óæskilegur erlendir aðili“ og var henni lokað í kjölfarið.

Frumvarpið sem liggur nú fyrir þinginu mun koma til með að ná til einstaklinga og fyrirtækja sem utanríkisráðuneyti Rússa telur vinna gegn hagsmunum Rússlands.

Þeir sem eru dæmdir eftir lögjöfni geta búið við sekt upp á rúma milljón króna eða allt að sex ára fangelsisvist.

Fulltrúar mannréttindasamtaka hafa fordæmt lögjöfina og bent á að þó að einstaklingar þyki óæskilegir í augum einhverra stríði það gegn mannréttindum þeirra að vera sektaðir eða fangelsaðir fyrir veru sína í Rússlandi.
- srs



KREML Frumvarpið þykir of opið til túlkunar.
MAXIM MARMUR/AFP

**TAX
FREE**

DAGAR

**AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT*
AF ÖLLUM SKÓM
OG BARNAFATNAÐI
13.-17. MAÍ Í HOLTAGÖRÐUM,
SMÁRALIND, BORGARNESI,
SELFOSSI OG NJARÐVÍK.**

*Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,35% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Átök í Ramallah og Nablus: Skutu á mót-mælendur

PALESTÍNA Ísraelskar öryggis-sveitir beittu tárágasi, vatns-sprautum og skutu gúmmíkúlum á palestínska mótmælendur í gær.

Palestínubúar minnst þess að 67 ár eru frá stofnun Ísraels-ríkis og efndu til mótmæla. Sautján manns slösuðust í átökum í Ramallah og Nablus. Ísraelsher fylgdi fjölda pílagríma að grafhýsi Jósefs í Nablus og gerðu palestínskir mótmælendur hróp að þeim og grýttu grjóti að þeim. - srs

Menntamálaráðherra stýrði ráðherra fundi um þróun Bologna-samstarfsins:

Hvíta-Rússlandi veitt aðild

MENNTUN Hvíta-Rússlandi var veitt aðild að Bologna-ferlinu á fundi menntamálaráðherra ríkja sem eiga aðild að samstarfinu.

Ríkinu er gert að auka sjálfstæði háskóla sinna og auka réttindi stúdenta til að geta átt fulla aðild að samstarfinu. Hvíta-Rússland hefur áður sótt um aðild en var hafnað vegna frelsis-sviptinga á stúdentum í kjölfar forsetakosninga í landinu.

Bologna-ferlið er verkefni sem tryggir samevrópskt háskóla-

svæði og aukinn hreyfanleika á milli námsmanna í Evrópu.

Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra stýrði fundi menntamálaráðherra þeirra ríkja sem eiga aðild að Bologna-samstarfinu í Armeníu. Fundinum lauk í gær.

„Samstarfið hefur verið hvatning fyrir nemendur og starfsmenn til að flytja sig á milli landa með viðurkenndar náms- og starfsaðferðir í farteskinu,“ sagði Illugi í ávarpi sínu. - srs



SAMSTARF Illugi lofaði Bologna-samstarfið. MYND/MENNTAMÁLARÁÐUNEYTI ARMENÍU

35 ár frá kjöri Vigdísar: Styrkur til hátíðarhalda

STJÓRN MÁL Ríkisstjórnin samþykkti í gærmorgun að veita fjórar milljónir króna af ráðstöfunarfé sínu til hátíðardagskrár sem haldin verður á Arnarhóli sunnudaginn 28. júní næstkomandi.

Hátíðin er haldin í tilefni þess að hinn 29. júní næstkomandi verða 35 ár liðin frá kjöri Vigdísar Finnbogadóttur í embætti forseta Íslands. Fjöldi stofnana stendur fyrir viðburðinum. - vh

ATVINNA FYRIR ALLA – ALLRA HAGUR



MÁLÞING UM ATVINNUMÁL FÓLKS MEÐ SKERTA STARFSGETU
FIMMTUDAGUR 21. MAÍ 2015, KL. 8.30 – 12.00
GRAND HÓTEL REYKJAVÍK


- 08.30–08.40 **SETNING** Halldór Sævar Guðbergsson, varaformaður ÖBÍ
- 08.40–08.50 **ÁVARP** Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra
- 08.50–09.10 **STAÐA FATLAÐS FÓLKS Á VINNUMARKAÐI Í EVRÓPU** Dr. Stefan C Hardonk, Rannsóknasetri í fótunarfræðum við Háskóla Íslands
- 09.10–09.30 **REYNSLUSÓGUR**
- 09.30–09.50 **KAFFI**
- 09.50–10.10 **VINNUMARKAÐUR FYRIR ALLA** Gissur Pétursson, forstjóri Vinnuálastofnunar
- 10.10–10.30 **SAMVINNA ER LYKILORÐIÐ - FRAMLAG SVEITARFÉLAGA TIL ATVINNUMÁLA FATLAÐS FÓLKS** Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga
- 10.30–10.45 **REYNSLUSAGA ATVINNUREKANDA** Sigrún Björk Jakobsdóttir, hóteltstjóri Icelandair hótels Akureyri
- 10.45–11.00 **REYNSLUSAGA KONU MEÐ SKERTA STARFSGETU** Svanhildur Anna Sveinsdóttir, starfsmaður Icelandair hótels Akureyri
- 11.00–11.20 **HRINGSJÁ OG HVAÐ SVO?** Helga Eysteinsdóttir, forstöðumaður Hringisjár náms- og starfsendurhæfingar
- 11.20–11.40 **GAGNKVÆMUR ÁVINNINGUR - UM VINNUMARKAÐ ÁN AÐGREININGAR** Ketill Berg Magnússon, framkvæmdastjóri Festu – miðstöðvar um samfélagsábyrgð fyrir tækja og kennari í viðskiptasiðfræði og samfélagsábyrgð við Háskólann í Reykjavík
- 11.40–11.50 **STEVIE WONDER SKIPTIR UM STARFSVETTIVANG** Hugleidding Kolbrúnar Daggar, MA nema í fótunarfræði
- 11.50–12.00 **MÁLÞINGSSLIT** Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður Landssamtakanna Þroskahjálpar

MÁLÞINGSSTJÓRI Steinunn Þóra Árnadóttir, alþingismaður

Málþingið er ætlað öllu áhugafólki um efnið, stjórnendum fyrirtækja og stofnana, bæði í einkageiranum og ekki sist hjá ríki og sveitarfélögum.

EKKERT ÞÁTTTÖKUGJALD.

Skráning og upplýsingar um túlkun eru á vef Öryrkjabandalags Íslands, WWW.OBI.IS. Síðasti skráningardagur er **20. MAÍ 2015**.



HJÁ RÍKISSÁTTASEMJARA Formenn félaga launamanna vilja almennilegt tilboð.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Sláum ekki af kröfum með frestun

Starfsgreinasamband Íslands hefur frestað verkföllum. Vill veita Samtökum atvinnulífsins tækifæri til að koma með almennilegt tilboð. Lítil árangur af fundi samninganefndar ríkisins og BHM.

KJARAMÁL Starfsgreinasamband Íslands, SGS, er ekki að slá af kröfum sínum þótt ákveðið hafi verið að fresta fyrirhuguðu tímabundnu verkfalli tíu þúsund félagsmanna aðildarféлага þess sem boðað hafði verið 19. og 20. maí og ótímabundnu verkfalli frá 26. maí. Þetta segir Björn Snæbjörnsson, formaður SGS.

Næstu aðgerðir eru nú boðaðar 28. og 29. maí og svo ótímabundið frá 6. júní verði ekki samið fyrir þann tíma.

„Við erum bara að gefa Samtökum atvinnulífsins tækifæri til að koma með eitthvað almennilegt tilboð til þess að það verði hægt að klára þessa samninga. Þetta þýðir ekki að við séum að slá af. Við veitum frest og skorum á SA að nýta hann. Þetta er gert til að veita umþóttunartíma.“

Spurður hvort Starfsgreinasambandið sé með þessu einnig að reyna að verða samferða VR, Landssambandi íslenskra verslunarmanna og Flóabandalaginu í aðgerðum segir Björn: „Það yrði auðvitað meiri þungi þegar kannski 80 þúsund manns fara í verkfall á sama tíma en það var ekki endilega þælt í því þegar við vorum að taka þessa ákvörðun.“

Björn segir boltann vera hjá Samtökum atvinnulífsins að nálgast skynsamur og ábyrgar kröfur Starfsgreinasambandsins. Næsti samninganefndur SGS og SA hefur verið boðaður á mánudaginn.

Fundur BHM og samninganefndar ríkisins í gær breytti litlu, að sögn Páls Halldórssonar, formanns samninganefndar Bandalags háskólanna, BHM. „Við



BJÖRN SNÆBJÖRNSSON



PÁLL HALLDÓRSSON

komumst voða lítið á þeim fundi. Við erum enn að ræða saman en alls ekkert að klára eitt eða neitt.“

Páll nefnir að bæði sé verið að fást við upphæðir og kerfi. „Kerfið getur aldrei tekið mið af samningum annarra. Þeir geta ekki verið að biða eftir samningum við aðra. Við leggjum ríka áherslu á að ná fram samningi sem hentar okkur og við viljum koma þeim viðræðum almennilega í gang.“

Næsti fundur BHM og samninganefndar ríkisins verður á mánudag.

VR og Flóabandalagið luku átta klukkustunda fundi samninganefnda félaganna í gær. „Við vorum að ræða saman um hvort það væri hægt að vinna með eitthvað í tilboðum SA,“ segir Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR. „Við erum enn að tala saman og munum halda áfram fundarlotunni á sunnudaginn.“ Aðspurð segir Ólafía að frestun á verkfalli Starfsgreinasambandsins hafi ekki verið til að stilla saman strengi með verkfallsaðgerðum annarra verkalýðsfélaga. „Ég frétti bara af þessu í fjölmiðlum í morgun,“ segir hún.

ibs@frettabladid.is
stefanrafn@frettabladid.is

FARANGUR INNIFALINN

FLJÚGÐU VEL

MEÐ ICELANDAIR

*Alltaf innifalið: Frjálst sætaval við bókun | Afbreytingarkerfi 350 klst. | 10 kg handfarangur
Meira pláss milli sæta | Ein ferðataska allt að 23 kg til Evrópu og tvær töskur til N-Ameríku
Matur fyrir börnin | Óáfengir drykkir og dagblöð | Vildarpunktur | Flug- og flugvallarskattar*



Reksturinn erfiður í vetur: Minni tekjur af Hlíðarfjalli í ár

AKUREYRI Rekstur skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli var erfiður í vetur. Tekjuáætlun íþróttadeildar bæjarins hljóðaði upp á að ríflega hundruð milljónir kæmu í tekjur af miðasölu. Raunin varð að 74 milljónir komu í tekjur.

Tíðarferið í vetur var að sögn bæjaryfirvalda mjög óhagstætt fyrir skíðaiðkun. Fjölda daga þurfti að hafa lokað í fjallinu vegna hvassviðris þótt nægur snjór hefði verið í brekkum fjallsins. -sa

Bæjarstjórn Hornafjarðar segir mikla óvissu með skipaumferð inn til Hafnar vegna hafnaraðstæðna: Þungar áhyggjur af innsiglingunni á Höfn

SAMGÖNGUMÁL Bæjarstjórn Hornafjarðar lýsir yfir þungum áhyggjum af hversu litlum fjármunum er varið til nauðsynlegrar uppbyggingar hafnarmannvirkja. Sveitarfélagið sér fram á mikla óvissu með skipaumferð um innsiglinguna inn til Hornafjarðar.

Í ályktun á fundi bæjarstjórnar á miðvikudag er bent á alvarlegt ástand í innsiglingunni um Hornafjarðarós og á Grynnslnum – sandrifi við innsiglinguna, en Hornfirðingar hafa barist fyrir

rannsóknnum á svæðinu til að unnt sé að huga að umbótum. Ekki hefur tekist að tryggja fjármuni í þetta verk þrátt fyrir margar tilraunir.

„Dýpið á Grynnslnum hefur minnkað um tvo metra á undanförunum fimm mánuðum og eru þetta um 200.000 rúmmetrar sem safnast hafa upp á þessum tíma. Líkur eru á að þetta ástand verði viðvarandi næstu mánuði. Bæjarstjórn bendir á að þetta ástand skapi mikla óvissu um skipaumferð um innsiglinguna inn til Horna-

fjarðar,“ segir í ályktun bæjaryfirvalda.

Ef áætlanir ríkisins ganga eftir í samgönguáætlun minnkar hlutur ríkisins úr 75% í 60% í framkvæmdum við hafnarmannvirki á yfirstandandi ári. Einnig er aðeins gert ráð fyrir 100 milljónum til rannsókna á öllum höfnum á Íslandi. -shá

SIGLT YFIR GRYNNSLIN Skip hafa þurft að landa afla sínum annars staðar.

MYND/KRISTJÁNJÓNSSON



Landsvirkjun

50 Samtali á afmælisári

Framtíðaráhrif loftslagsbreytinga Tími til aðgerða

Landsvirkjun býður til opins fundar um hnattrænar loftslagsbreytingar og hvernig fyrirtæki geta unnið gegn áhrifum þeirra.

Föstudagur 22. maí kl. 8.30–10.45
Silfurberg í Hörpu



Áherslur stjórnvalda í loftslagsmálum

Sigrún Magnúsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra

Hvernig vinnur Landsvirkjun gegn loftslagsbreytingum?

Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar

Hnattrænar loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Ísland

Halldór Björnsson, veður- og hafræðingur hjá Veðurstofu Íslands

Ábyrgð, samstaða og samstarf um lausn vandans

Halldór Þorgeirsson, forstöðum. stefnumarkunar hjá skrifstofu Rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar



Pallborðsumræður

Þátttakendur eru Halldór Björnsson, Halldór Þorgeirsson, Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, Rannveig Rist, forstjóri Rio Tinto Alcan, Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisstjóri Orkuveitu Reykjavíkur og Hugi Ólafsson, skrifstofustjóri í umhverfis- og auðlindaráðuneyti.

Fundarstjóri er Magnús Halldórsson, blaðamaður á Kjarnanum.

Skráning á fundinn og bein útsending á landsvirkjun.is

Allir velkomnir!

Í tilefni af 50 ára afmæli stendur Landsvirkjun fyrir samtali við þjóðina með opnum fundum.



GRUNDARTANGI Hafnarstjóri segir umfang starfseminnar á Grundartanga fela í sér skyldur gagnvart umhverfinu og að það eigi líka við um Silicor Materials.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ekki eiturefni í sólar- kísilrykinu

Faxaflóahafnir segja í svari til Umhverfisevntarinnar að engin eiturefni verði í ryki frá sólar-kísilverksmiðju á Grundartanga. Ljós- og hljóðmengun verði hindruð eftir megni. Kannanir sýni óveruleg umhverfisáhrif.

UMHVERFISMÁL „Styrkur verkefnisins liggur í hinni nýju tækni sem hlífir umhverfinu og er því ekki í andstöðu við náttúru og lífríki,“ segir í svari Gísla Gíslasonar, hafnarstjóra Faxaflóahafna, til samtakanna Umhverfisevntarinnar í Hvalfirði.

Spurningalisti frá Umhverfisevntarinni vegna fyrirhugaðrar sólar-kísilverksmiðju Silicor Materials á Grundartanga var lagður fyrir síðasta fund stjórnar Faxaflóahafna sem fól Gísla hafnarstjóra að taka saman svör.

„Útstreymi koltvísýrings er áætlað um 100 til 800 tonn á ári sem mun vera svipað og frá meðalstóru mjólkurbúi á Íslandi með 35 kýr,“ segir í svari Gísla sem kveður mjólkurbú af þeirri stærðargráðu senda frá sér 500 tonn af koltvísýringi á ári.

Umhverfisevntarinnar spurði um eiturefnainnihald þeirra sextíu tonna af ryki sem áætlað sé að verksmiðja Silicor Materials sendi frá sér árlega. „Engin eiturefni eiga að vera í því ryki sem tilkynnt er um að komi frá starfseminni,“ svarar Gísli og bendir á að í umræðunni sé sólar-kísilframleiðsla stundum ruglað saman við kísilframleiðslu.

Þá segir Gísli að Silicor Materials hafi skilað þeim gögnum og farið í gegnum þau ferli sem íslensk lög geri ráð fyrir. „Margvíslegar áhættugreiningar og áreiðanleikakannanir hafa verið unnar á framleiðsluferlinu og verkefninu sjálfu og er niðurstaða þeirra allra jákvæð, það er hvað varðar fjárfestingu, tækni og umhverfisáhrif, sem metin eru óveruleg.“



Útstreymi koltvísýrings er áætlað um 100 til 800 tonn á ári sem mun vera svipað og frá meðalstóru mjólkurbúi á Íslandi með 35 kýr.

Gísli Gíslason, hafnarstjóri Faxaflóahafna.

Umhverfisevntarinnar segir að nú þegar sé gríðarleg hávaða- og sjónmengun af verksmiðjunni á Grundartanga. Tilkoma Silicor Materials muni gera hana langt um verri. „Ríkur vilji er til þess að mæta þeim atriðum sem lúta að hljóði og lýsingu með aðgerðum sem draga eins og kostur er úr áhrifum þessa á nágrennið,“ svarar Gísli.

Að sögn Umhverfisevntarinnar er verið að breyta náttúruþerlunni Hvalfirði í ruslakistu. Gísli segir að stefnt hafi verið að atvinnuuppbyggingu á Grundartanga í áratugi. Þar séu nú um eitt þúsund fastir starfsmenn. Umfangið leggi þær skyldur á herðar þeirra sem að málum koma að gæta að umhverfisáhrifum.

„Bygging verksmiðju Silicor er þar engin undantekning, en verksmiðjan mun framleiða hráefni í sólarhlöð sem munu á sinn hátt stuðla að nýtingu vistvænni orkugjafa en nú er notaðir víða um heim,“ segir í svörum hafnarstjórnans.

gar@frettabladid.is

Nýr Touareg. Tekur vel á móti þér.



Kemur þér hvert sem er.

Þú ekur áhyggjulaus um á nýjum Touareg. Hin öfluga V6 TDI vél á eftir að vekja sterk hughrif hjá þér og gera aksturinn ógleymanlegan. Leyfðu þér hámarksþægindi, ríkulegan öryggisbúnað og glæsilega hönnun. Leyfðu þér nýjan Volkswagen Touareg.

Nýr Volkswagen Touareg V6 3.0 TDI, verð frá: **9.380.000 kr.**



Das Auto.

ISIS ræðst á Íraska borg: Íslamska ríkið nær Ramadi

ISIS Íslamska ríkið náði í gær borginni Ramadi á sitt vald. Borgin er höfuðborg fjölmennasta héraðs Íraks, Anbar, og er í um hundrað kílómetra fjarlægð frá Bagdad, höfuðborg landsins.

Miklar orrustur hafa geislað síðustu mánuði milli Íraskra hermanna og liðsmanna ISIS í borginni. Hernám borgarinnar er mikill sigur fyrir ISIS-liða sem hafa tapað stórum svæðum í hendur Íraka undanfarið, meðal annars borginni Tikrit. - þea

Drög að samningi við Samtökin '78 í Árborg og tillaga um frekara samstarf: Hinsegin fræðsla í tíunda bekk

SAMFÉLAGSMÁL Bæjarstjórn Árborgar vísaði í gær tillögu um átak í eflingu hinsegin fræðslu í grunnskólum í samstarfi við Samtökin '78 til fræðslunefndar og íþrótt- og menningarnefndar sveitarfélagsins.

Í greinargerð með tillögu fulltrúa Samfylkingar og Bjartrar framtíðar segir að hinsegin ungmenni upplifi gjarnan mikinn skort á upplýsingum, umræðu og fyrirmyndum og eigi í erfiðleikum með að þróa jákvæða sjálfmynd.

„Efling hinsegin fræðslu getur gert þeim auðveldara að takast á við þær tilfinningar sem tengjast kynhneigð og kynvitund. Auk þess getur hinsegin fræðsla verið mikilvægur liður í að útrýma fordómum og uppræta haturfulla orðræðu gegn hinsegin einstaklingum,“ segir í greinargerðinni.

Ásta Stefánsdóttir úr Sjálfstæðisflokki bókaði að forvarnahópur Árborgar hefði lagt áherslu á hinsegin fræðslu. Fyrir liggja drög að samningi við Samtökin '78. - gar

Rækjustofn með ágætum: Mæla með 700 tonna veiði

HAFRANNSÓKNIR Ástand rækjustofnsins við Snæfellsnes er ágætt, sýnir nýafstaðin árleg stofnmæling Hafrannsóknastofnunar. Stofnvísitalan er yfir meðallagi og er stærð rækjunnar á svæðinu svipuð og í fyrra.

Á grundvelli niðurstaðna leggur Hafrannsóknastofnun til að leyfðar verði veiðar á 700 tonnum af rækju á svæðinu við Snæfellsnes á tímabilinu 1. maí 2015 til 15. mars 2016.

Lítið var af fiski á slóðinni. - shá



SELFSS Fulltrúar minnihlutans í bæjarstjórn vilja uppræta haturfulla orðræðu gegn samkynhneigðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR



CHEWBACCA Hjálparhella Han Solo þarf að líta vel út.

JUSTIN TALLIS/AFP

Madame Tussauds opnar sýningu tileinkaða Stjörnustríði: Vákurinn snyrtur fyrir sýningu

BRETLAND Í fjarlægri vetrarbraut, nánar tiltekið London, leggja starfsmenn Madame Tussauds vaxmyndasafnsins lokahönd á vaxmyndasýningu tileinkaða Stjörnustríðsmyndunum. Hér eru starfsmennirnir að kemma vákinum Chewbacca fyrir opnun sýningarinnar nú í maí.

Aðdáendur Stjörnustríðsmyndanna bíða spenntir eftir nýju innslagi í myndabálinn en sjöunda myndin kemur í kvikmyndahús í lok desember. Kvikmyndirnar gengu í endurnýjun lífdaga þegar Disney keypti höfundarréttinn af George Lucas, höfundi þeirra. - sfs

Vörn gegn leghálskrabba: Tvær sprautur í stað þriggja

HEILBRIGÐISMÁL Landlæknisembættið hefur tilkynnt að frá hausti 2015 verður gerð breyting á bólusetningu gegn HPV-veirusýkingu. Talið er að bólusetning gegn HPV muni fækka leghálskrabbameinum um að minnsta kosti 70% hér á landi.

Til þessa hefur verið talið að þrjár sprautur þurfi til að ná fullri vernd en nú hefur komið í ljós að tvær sprautur með minnst sex mánaða millibili nægja.

Þátttaka 12 ára stúlkna hér á landi í bólusetningu gegn HPV hefur verið með því mesta sem þekkt er eða um 90%. Með því að fækka sprautum í tvær er vonast til að þátttakan aukist enn. - shá



KOMNIR TIL INDÓNESÍU Flóttamaður frá Búrma lyftir barni sínu í land í Kúala Langsa í Aceh-héraði í Indónesíu, en þangað komu hundruð flóttamanna í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Átta þúsund á hrakningi

Nærri átta hundruð flóttamönnum var bjargað á land í Indónesíu í gær. Fólkið er á flóttu frá Búrma, flestir múslimar sem sætt hafa ofsóknum af hálfu búddista.

INDÓNESÍA Hundruðum manna hefur verið bjargað á land á Indónesíu undanfarna daga, þótt stjórnmöld þar vilji ekki sjá flóttafólk frá Búrma og hóti að senda alla aftur á haf út. Hundruð manna hafa einnig komist á land í Malasíu og rúmlega hundruð manna hafa komist til Taílands. Indónesískir sjómenn hafa bjargað fólkinu, en þúsundir manna eru enn í hrakningum á hafi úti og óvíst um örlög þeirra. Indónesíustjórn segir að öllum bátum og skipum flóttafólks verði vísað jafnharðan burt frá landinu.

Flóttafólkið kemur flest frá Búrma eða Bangladess. Flestir eru af Rohingya-þjóðinni, sem býr í Rakhine-héraði á vesturströnd Búrma við Bengalhaf. Sumir eru einnig að flýja fátækt í Bangladess.

Rohingya-menn eru múslimatrúar og hafa árum saman sætt hörðum ofsóknum af hálfu búddista, sem eru í meirihluta íbúa í Búrma. Fólkið siglir um hafið á yfirfullum og misstórum bátum, og hafa skipstjórar og smyglarar yfirgefið suma bátana.

Alls hafa um tvö þúsund manna komist á land í Indónesíu og Malasíu, en stjórnmöld í báðum þessum löndum segja nú nóg komið.

„Við hverju er eiginlega búist af okkur?“ sagði Wan Junaidi Jaafar, aðstoðarinnaríkisráðherra í

„Við verðum að senda rétt skilaboð um að fólkið sé ekki velkomið hér.“

Wan Junaidi Jaafar, aðstoðarinnaríkisráðherra í Malasíu.

Malasíu, við fjölmiðla í gær. „Við verðum að senda rétt skilaboð um að fólkið er ekki velkomið hér.“

Hann segir vel hafa verið tekið á móti þeim sem komnir eru til landsins, en ekki sé hægt lengur að taka á móti slíkum straumi flóttafólks.

Sameinuðu þjóðirnar segja neyðarástand ríkja og Mannréttindavaktin, alþjóðleg samtök með aðsetur í New York, hafa fordæmt stjórnmöld í Indónesíu, Malasíu og Taílandi fyrir að neita að taka við fólkinu.

Stjórnmöld landanna þriggja fara þar að dæmi Ástralíu, sem fyrir nokkrum misserum tók upp á því að vísa flóttamannaskipum jafnharðan til baka. Þeir sem komust í land í Ástralíu hafa verið settir í einangrun á eyju og neitað um alla möguleika á að fá ríkisborgararétt.

Flóttamannastráumurinn frá Búrma hefur margfaldast það sem af er þessu ári. Talið er að um 25 þúsund manna hafi siglt þaðan á flóttamannaskipum á árinu, en það eru nærri helmingi fleiri en flúðu allt árið í fyrra.

gudsteinn@frettabladid.is

Sólgler með styrkleika fylgja kaupum á gleraugum í **Augastað**

VERA WANG EYEWEAR

DIESEL

TOM FORD

GANT

woodbone EYEWEAR

MJÓDDIN Sími 587 2123

FJÖRÐUR Sími 555 4789

SELFSS Sími 482 3949

augastaður

Gleraugnaverslunin þín

Úrval af uppáhaldsmyndum í Vodafone PLAY

Vodafone PLAY, áskriftarveita í anda Netflix, er komin í Vodafone Sjónvarpið. Notendur fá þar aðgang að fjölbreyttu og sívaxandi úrvali af íslenskum og erlendum kvikmyndum, barnaefni, tónleikum og sögum.

Prófaðu Vodafone PLAY til 31. maí, án viðbótarendurgjalds.

Vodafone
Við tengjum þig



Daníel hefur mikið dálæti á klassískum kvikmyndum og þá sérstaklega verkum **Charlie Chaplin**. Það kom honum því skemmtilega á óvart að skegglausir eru þeir ekki alls ósvipaðir. Ekki er verra að hægt er að nálgast gæðaefni um meistaraverk frá gullárum kvikmyndanna á **Vodafone PLAY**.

Daníel er einkaþjálfari og fjallagarður.



BANDALOO
Opnunaratriði Listahátíðar í Reykjavík



Ósómaljóð eftir Þorvald Þorsteinsson
– í flutningi Megasar & Skúla Sverrissonar
@ Gamla Bíó – 26. maí, KL. 20:00 – KR. 4.900



BLÆÐI: obsidian pieces – Íslenski dansflokkurinn
@ Borgarleikhúsið – 3 sýningar – KR. 4.500



MagnusMaria – Ópera um rétt kyn
@ Þjóðleikhúsið – 3. júní, KL. 20:00 – KR. 5.900



Jan Lundgren Trio – Sænskur Jazz
@ Harpa, Silfurberg – 4. júní, KL. 20:00 – KR. 3.900



No 29
2015

Reykjavík
Arts Festival

Brim

Stoltur bakhjarl

Listahátíðar

Shantala Shivalingappa
– Klassískur dans & tónlist frá Indlandi
@ Borgarleikhúsið – 2. júní, KL. 20:00 – KR. 4.500

Miðasala og dagskrá á
www.listahatid.is

13. maí — 7. júní

Stofnaðilar



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Máttarstólpi

TVG-ZIMSEN
FLUTNINGSMIDLUN

Bakhjarlar

:REITIR



ISLENSK
ERFDAGREINING



Lárusson Design Studio

Lindur – Vocal VII – Nýr gjörningur eftir Rúrí
@ Harpa, Norðurljós – 16. maí, KL. 18:00 – KR. 2.900

Skuggalegur veruleiki í Bandaríkjunum:

Land tukthúsanna

Hvergi sitja fleiri dæmdir sakamenn í fangelsi hlutfallslega en í Bandaríkjunum. Bandaríkjamenn eru nálægt fimm af hundraði mannkyns, þó lætur nærri að 25 prósent refsifanga í tukthúsum heimsins séu Bandaríkjamenn, sem þýðir að fimm sinnum fleiri Bandaríkjamenn þurfa að þola tukthúsvist en aðrir.

Þeldökkir Bandaríkjamenn eru sjö sinnum líklegri til að lenda í fangelsi en hvítir landar þeirra. Þeir eru fjórtán prósent þjóðarinnar en um 40 af hundraði refsifanga. Mannréttindasamtök halda því fram, að þetta hlutfall endurspeglar innbyggð misrétti, sem eigi sér langa sögu. Lögregla sækir harðar gagnvart þeldökkum og þeir fá þyngri dóma en hvítir. Þetta er ein undirbúningur þeirrar blóðugu úlfúðar, sem brotist hefur út í borgum Bandaríkjanna undanfarið, nú síðast í Baltimore.

Kristín Þorsteinsdóttir

kristin@frettabladid.is



Þarna glitir í ljótustu hlið allsnægtasamfélagsins í vestri. Það er merkilegra sökum þess, að glæpum fækkar þar eins og í vestrænum ríkjum. Fólk er að vakna til vitundar um að eitthvað meira en lítið er búið við sjálft kerfið. Tapað stríð gegn eiturfjöldi veldur miklu. Stór hluti refsifanga afplánar dóma fyrir minni háttar fíkniefnabrot.

Vísendingar eru um, að einkavæddur fangelsisíðnaður geri illt verra. Hann þjóni eigendum sínum frekar en almenningi. Tekjur fangelsanna aukast eftir því sem fleiri sitja bak við lás og slá. Fangelsisíðnaðurinn leggur grunsamlega mikið upp úr því, að ekki verði gefið eftir í stríðinu gegn fíkniefnum.

Ætla mátti að glæpagengjum yxi ásmegin. Ofbeldisglæpir fá gríðarlega athygli, einkum í sjónvarpi. Fyrir vikið telja tæplega 70 prósent Bandaríkjamanna að glæpaöldur rísi hærra og hærra. Það er rangt. Glæpum fækkar ár frá ári. Í febrúar urðu þau tíðindi í New York fylki, að færri féllu fyrir morðingjahendi en nokkru sinni síðan skráning hófst.

Álykta mátti, að þungar refsingar ættu drjúgan þátt í þessum umskiptum. Svo er ekki. Afbotamenn forherðast í fangelsi og verða líklegri til að feta glæpabrotina að afplánum lokinni.

Fælingarmáttur tukthúsvistar mun því vera lítill. Jákvæð þróun er frekar rakin til minni áfengisdrykkju ungs fólks, hækkandi meðalaldurs þjóðarinnar og færri freistinga á götum úti. Reiðufé, sem glæpamenn sóttu í áður, er nánast horfið af sjónarsviðinu.

Inn í þetta fléttast vopnaburður lögreglu. Efasemdir um að lögreglumaður með byssu komi í veg fyrir glæpi, fá meiri hljómgrunn. Byssan kalli bara á aðra byssu og kyndi undir óhuggulegu vopnakaþplausni á götum. Í öðrum löndum, þar sem lögregla er óvopnuð, er þróunin á sömu lund. Glæpum fækkar, óháð vopnaburði lögreglu.

Margt er vel gert í Bandaríkjunum. En þegar kemur að löggæslu, refsidómum og tukthúsum er fáar fyrirmyndir þangað að sækja. Það er beinlínis hrollvekjandi, að því skuli haldið fram með góðum rökum, að í síðuðu landi séu tukthús gróðalind, sem þjóni þröngum hagsmunum eigenda sinna – gegn hagsmunum heildarinnar.

Talsmönnum lögreglu á Íslandi er vinsamlegast bent á að horfa annað en til Bandaríkjanna þegar fyrirmynda á sviði löggæslu er leitað. Hér búum við við það að fangar eru tiltölulega fáir og glæpir fátíðari en víðast hvar. Það er í sjálfu sér ekki margt sem kallar á róttækar breytingar. Ísland er þrátt fyrir allt friðsælt land.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLÉL: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG ADALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is. AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@365.is, Hrunn Þórsdóttir hrunn@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

15% afsláttur

af Nicorette Fruitmint, öllum pakkningastærðum og styrkleikum

2 mg 210 stk.
Nú kr. 3.994.-

Tilboðið gildir til 17. júní n.k.

Lyfjaval
APÓTEK

Álftamýri - Mjódd - Bílaapótek Hæðasmára 4



MÍN SKOÐUN: JÓN GNARR

Trúður = bjáni?

Ég hef starfað sem grínisti á Íslandi í 25 ár. Það gerðist eiginlega óvart. Ég segi oft að ég „hafi leiðst út í það“. Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á gríni og alltaf verið að fíflast eitthvað. Svo kom að því að ég var beðinn um að skemmta á árshátíð. Svo byrjaði boltinn að rúlla og smátt og smátt varð grín mitt aðalstarf.

Ég vann ýmist einn eða með



ekki bara fíflagangur og bull. Ég hef líka reynt að koma skila-

öðrum, á sviði, í sjónvarpi og útvarpi. Markmið mitt með gríninu hefur alltaf verið að koma fólki á áhrif og skemmta því. En grín er ekki bara fíflagangur og bull. Ég hef líka reynt að koma skila-

boðum á framfæri og vekja fólk til umhugsunar og skapa umræðu. Grín er mjög góð leið til þess. Ég hef aldrei fengið neitt sérstaklega út úr því að meidda fólk eða niðurlægja með þessum hæfileika mínum. Mér finnst ég bera ábyrgð. Ég er eins og einhver sem kann kung fu. Maður gengur ekki um og lemur fólk bara af því að maður kann kung fu. Eins er með grínið.

Comedy = Tragedy + Time

Að gera grín er vandamt verk og það er mjög einstaklingsbundið hvernig hver og einn upplifir grín. Ég þekki það af eigin raun. Markmiðið er oft óljóst, og jafnvel gerandanum sjálfum, hann leyfir sér stundum að elta þráð sem hann veit ekki alltaf hvert liggur. Grín byggist að miklu leyti á flæði sem á ákveðinn hátt er hafið yfir rökhugsun og lógík og verður þá ákveðinn leikrænn spuni. Grín er listform og hluti af leiklist. Grínistinn hefur mikilvægu hlutverki að gegna. Hann er hluti af mannréttindum, lýðræði og tjáningarfrelsi. Hans hlutverk er ekki bara að veita fólki afþreyingu heldur líka að hjálpa því að skilja og skynja líf sitt á nýjan hátt. Hvernig

til tekst er svo yfirleitt háð hæfileikum, kunnáttu og fimi en ekki síður tímasetningu. Grín snýst að öllu leyti um tímasetningu. Kímnigáfa er greind. Það er hluti af samskiptafærni. Það er gáfa sem hægt er að nota og misnota eins og aðrar gáfur. Á ákveðinn hátt er grín líka heimspeki eða jafnvel lífsstíll. Margir fremstu heimspekingar og hugsuðir hafa verið heillaðir af gríni og haft alls konar hugmyndir um það.

Austurríski heimspekingurinn Ludvig Wittgenstein fullyrtaði að hægt væri að byggja alvarlegt og gott heimspekiverk á bröndurum eingöngu. Monty Python hafa líka oft bent á þetta bæði í orðum og verki. Heimspeki grínsins er

í grundvallaratriðum sú að lífið sjálft sé svo absúrd að það sé í eðli sínu brandari, við séum brandari sem við séum yfirleitt að taka mun alvarlegar en tilefni sé til. Það eru ekki allir tilbúnir að viðurkenna að þeir séu bara lifandi skritla. En það kemur alltaf að því. Allt verður skoplegt að lokum, alveg sama hvað okkur finnst það alvarlegt. Og það er svo skritið að eftir því sem hlutir eru álitnir alvarlegri því betri brandarar verða þeir að lokum. Það er bara spurning um tíma. Bandaríski grínistinn Caroll Burnett útskýrði þetta á mjög góðan hátt þegar hún sagði: „Comedy is tragedy plus time.“ Það er mikið til í því. Við getum hlegið bæði að Hitler og hörmungum miðalda.

Líf okkar er djók

Ég hef oft verið gagnrýndur. Stundum kemur fólk fram og tjáir sig um mín verk og þá oft út frá því hvort eitthvað sé fyndið, hverju megi gera grín að og hverju ekki og með alls konar góð ráð til mín hvernig ég eigi að starfa. Ég hef margoft verið kærður en aldrei hlotið neinn dóm. Mér hefur verið hótad margoft og ég hef orðið fyrir líkamsárásam út af gríni mínu. Fólk hefur sakað mig um ósmekkleghheit eða illan ásetning gagnvart hinum ýmsu þjóðfélagsþópum. Ég hef yfirleitt reynt að verja

mig og gjörðir mínar en stundum er það bara ekki hægt. Það getur verið snúið að rífast um hvað sé fyndið og hvað ekki, hvað megi og hvað megi ekki. Að kryfja grín leiðir yfirleitt til þess eins að grínid deyr. Ég er þeirrar skoðunar að í grundvallaratriðum megi gera grín að öllu, en það skipti máli hvernig og hvenær það er gert og af hverjum. Vöðaverkin í París og umræðurnar í kjölfarið hafa sýnt okkur þetta mjög vel. Egill Helgason skrifaði mikið um það mál og tók sér stöðu með Charlie Hebdo og

botnaði ekkert í fólki sem var ósátt við skopið, það skildi ekki franskt samfélag og mikilvægi trúðsins fyrir lýðræðið. En svo þegar ég gerði grín að einum uppáhalds trommuleikara hans, í mínum síðasta pistli, þá fauk í hann og honum sárnaði og hann sendi mér tóninn. Það er svo oft eitt í orði en annað á borði þegar kemur að gríni. Ég er alls ekki að væla neitt eða kvarta. Ég hef valið mér þetta hlutskipti, ég fæddist í það og ég held að ég hafi aldrei átt neitt val um annað. Ég er Charlie.

5 ára ábyrgð
Ótakmarkaður akstur

VINSÆLDIR HYUNDAI AUKAST STÖÐUGT

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

www.hyundai.is



Hyundai Santa Fe
Fjór hjóladrif / Dísil sjálfskiptur
Verð frá 6.990.000 kr.
Eyðsla 6,7 l/100 km*

Opið í dag frá 12–16

Hyundai ix35



Fjór hjóladrif / Dísil beinsk.
Verð frá 5.590.000 kr.
Eyðsla 5,7 l/100 km*

Hyundai i10



Verð frá 1.970.000 kr.
Eyðsla 4,7 l/100 km*

Hyundai i30



Verð frá 3.190.000 kr.
Eyðsla 6,0 l/100 km*

Umboðsaðilar:

GE Bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilaka.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurl.
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

iB ehf.
Selfossi
www.ib.is
490 9090



HYUNDAI

Kauptúni 1 / Beint á móti IKEA / 575 1200



Innovation
that excites

NÝR NISSAN PULSAR

AFBURÐA RÚMGÓÐUR OG HLAÐINN BÚNAÐI



NissanConnect upplýsingakerfi
7" snertiskjár, íslenskt
leiðsögukerfi

360° myndavélabúnaður**

Nálgunarvarar með
umhverfisskynjun**

Regnskynjarar á rúðupurrkum

Rafdrifin aðfelling á útispeglum**

Bakkmyndavél
Blindhornaviðvörðun**

Neyðarhæmlun**

Öryggishjúpstækni Nissan tekur við skilaboðum frá myndavélum á öllum hliðum bílsins og miðlar þeim til 8 mismunandi öryggiskerfa sem fylgjast með öllu sem gerist. Kerfin láta ökumann vita þegar eitthvað óvænt stöðjar að sem valdið getur hættu.**

Bluetooth símabúnaður/tónlistarafspilun,
sambætting við snjallsímaöpp, Facebook,
Google search ofl.

LED dagljósabúnaður,
aðalljós með birtuskynjara

NISSAN PULSAR

ACENTA DÍSIL / EYÐSLA 3,6 L/100 KM*

VERÐ FRÁ: 3.550.000 KR.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



BIRNALLA – NÝTT FRÁ AMERÍKU



BIRNALLA
20%
AFSLÁTTUR

BIRNALLA SKENKUR
Stærð: 183 x 51 H: 99 cm.
Fullt verð: 139.990
Tilboðsverð: 109.900 kr.

**BIRNALLA
BORÐSTOFUBORÐ**
Stærð: 180/226 x 99 H: 76 cm.
Fullt verð: 129.990
Tilboðsverð: 99.990

BIRNALLA BORÐSTOFUSTÓLL
Fullt verð: 24.990 **Tilboðsverð: 19.990**

ECKMAN HORNSÓFI 2H2

ECKMAN
25%
AFSLÁTTUR



Stærð: 233 x 233 H: 90
Svart bondedleður. Fullt verð krónur 269.990
TILBOÐSVERÐ: 199.990 kr.

50 ÁRA
1965–2015

Vaxandi vörúreal

HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • OPÍÐ Virka daga 10-18, laugard. 11-17 og sunnud. 13-17 O

F furninova

**MAÍ-TILBOÐ 25% AFSLÁTTUR
MIDSOMMER BORÐ**

Sófaborð, hornborð, lampaborð o.fl.
Margar gerðir, há og lág, svört eða hvít.

MIDSOMMER
25%
AFSLÁTTUR



ABSALON – FRÁBÆRT VERÐ

ABSALON
20%
AFSLÁTTUR



ABSALON
20%
AFSLÁTTUR

ABSALON 3JA SÆTA SÓFI
Slitsterkt dökk- og ljósgrátt áklæði.
Stærð 178 x 83 H: 86 cm
Fullt verð krónur 99.990
TILBOÐSVERÐ: 79.990 kr.



ABSALON STÓLL
Slitsterkt dökk-
og ljósgrátt áklæði.
Fullt verð krónur 69.990
TILBOÐSVERÐ: 55.990 kr.

- *enn betra verð!*



HÚSGAGNAHÖLLIN

G Dalsbraut 1 • Akureyri OPIÐ Virka daga kl 10–18 og laugardaga 11–16 EITT SÍMANÚMER 558 1100

VESTA TUNGUSÓFI

VESTA
25%
AFSLÁTTUR



Stærð: 295 x 160 H: 75 cm
Ljós- og dökkgrátt slitsterkt áklæði. Fullt verð krónur 299.990 **TILBOÐSVERÐ: 224.990 kr.**

HELGIN

Hanna Rún Bazev Óladóttir dansari

Farðar skvísur og hefur það huggulegt

Í dag fæ ég nokkrar skvísur í förðun til mín og mun svo halda í hefðina, og fara á vídeóleiguna, taka mynd og kaupa nammi og hafa það huggulegt með fjölskyldunni. Kíki svo í kaffi til ömmu og afa á morgun, en annars mun helgin að mestu fara í að pakka búslóðinni niður þar sem við ætlum að flytja af landi brott í júlí og förum til Rússlands í frí bráðum. Þá verðum við að finna tíma um helgina til að kaupa gjafir til að hafa með okkur út.



Þórunn Erna Clausen, tónlistar- og leikkona
Vinna, skóli og kaffi

Þessi helgi er troðfull af vinnu og skóla hjá mér. Ég er í söng- og raddþjálfaranámi í Kaupmannahöfn. Í dag syng ég á tónleikum þar og hitti frábæra vini. Á morgun er ég í skólanum allan daginn.



Margeir Ingólfsson, DJ Margeir

Æfir splittið

„Ég verð náttúrulega að spila í kvöld á klúbbkvöldi á Dolly. Deginum verður því varið í að dusta rykið af gömlum vínplötum. Á sunnudag ætla ég að slaka á og æfa splittið mitt, ég verð að halda mér heitum.“



Benedikt Valsson fjölmiðlamaður

Slakar á og horfir á fótbolta

Ég ætla að slaka mjög mikið á um helgina. Ég ætla svo að fara á KR-völlinn á sunnudagskvöld. Ég geri ekki ráð fyrir þremur stigum en mikið svakalega væri það gaman!

Nature's Bedding

Fyrir þínar bestu stundir

MEIRA Á dorma.is

REST heilsurúm



Nature's Rest dýna
með Classic botni

Stærð cm	Dormaverð
90x200	68.900 kr.
100x200	72.900 kr.
120x200	79.900 kr.
140x200	92.900 kr.
160x200	99.900 kr.
180x200	117.900 kr.

- Svæðaskipt poka-gormakerfi
- Burstaðir stálfætur
- 320 gormar pr fm²
- Sterkur botn
- Góðar kantstyrkingar

COMFORT heilsurúm



Nature's Comfot dýna
með Classic botni

Stærð cm	Dormaverð
100x200	99.900 kr.
120x200	119.900 kr.
140x200	138.900 kr.
160x200	149.900 kr.
180x200	164.900 kr.

- Svæðaskipt poka-gormakerfi
- Burstaðir stálfætur
- 320 gormar pr fm²
- Sterkur botn
- Steypar kantstyrkingar

LUXURY heilsurúm



Nature's Luxury dýna
með Classic botni

Stærð cm	Dormaverð
120x200	129.900 kr.
140x200	155.900 kr.
160x200	169.900 kr.
180x200	189.900 kr.

- Svæðaskipt poka-gormakerfi
- Þrýstjónunarfyrirbætur
- Sterkur botn
- Burstaðir stálfætur
- 320 gormar pr fm²

Haltagörðum
512 6800
Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100

Afgreiðslutími
Mán. til fös. frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16
www.dorma.is

DORMA

Láttu drauminn rætast

→ TEDxReykjavík

Staðsetning Tjarnarbíó.
Verð 6.000 krónur.
Tími í dag klukkan 10.00.



MIKILL HUGSUÐUR Ólafur Stefánsson handboltakappi fjallaði í fyrra um hvaða lærdóm mætti draga af handbolta í lífinu.

MYND/ROMAN GERASYMENKO

Hugsuðir miðla reynslu

TEDxReykjavík fer fram í fimmta sinn í Tjarnarbíó í dag. Fjöldi hugsuða og athafnamanna tekur þar til máls og reyna að miðla sinni reynslu og hugsun.

Gunnar Leó Pálsson
gunnarleo@frettabladid.is

Þetta hefur verið að vaxa mikið ár frá ári og er orðinn fastur liður í viðburðadagatali Reykjavíkur,“ segir Martin L. Sørensen, viðburðastjóri TEDxReykjavík. Viðburðurinn TEDxReykjavík verður haldinn í fimmta skipti í dag í Tjarnarbíó.

Um er að ræða viðburð sem færir áhorfendum nokkra áhuga-verðustu hugsuði, listamenn og frumkvöðla sem Ísland hefur upp á að bjóða. Þá munu tveir erlendir mælendur flytja erindi. Hvor þeirra mun flytja stutt en innihaldsríkt erindi um málefni sem brennur á honum eða henni.

Þema viðburðarins í ár er „Ljós og skuggar“ og er markmiðið að einblína á atriði sem við sem samfélag kjósum oft að horfa ekki á en með því að taka erfiðum málum með opnum örmum verðum við sterkari.

TEDxReykjavík er byggt á sömu gildum og hugsjón og TED en TED er árlegur atburður þar sem leiðandi hugsuðum og athafnamönnum í heiminum er boðið að deila eldmóði sínum með öðrum. „TED“ stendur fyrir „technology“, „entertainment“ og „design“ eða tækni, skemmtun og hönnun.

PEIR SEM TAKA TIL MÁLS ERU

Gísli Ólafsson

hjálpstarfsmaður veitir fólki innsýn í veruleika hjálparstarfsmannsins, sem oft er hjúpaður dýrðarljóma í hugum fólks.



Selma

Hermansdóttir

deilir reynslu sinni af því að vera ítrekað lögð í einelti og hugarfarinu sem gerir henni kleift að höndla það og verða sterkari fyrir vikið.



Búi Aðalsteinsson frumkvöðull

leiðir gesti í allan sannleika um hvers vegna við ættum öll að neyta skordýra í meira mæli. Hann og fleiri standa um þessar mundir fyrir framleiðslu orkustykkis úr skordýrapróteini.

Kyra Maya Philips, frumkvöðull

og rithöfundur, fjallar um leynd hagkerfi og menningu í jaðarhópum samfélagsins, en bók hennar og Alexu Clay, The Misfit Economy, kemur út í júní.

Arnoddur Magnús Danks, leikari,

kennari og sviðsbardagamaður, flytur erindi um mikilvægi þess að gefast ekki upp og hvernig hann beitir þeim lærdómi í starfi sínu með börnum.

Hermann Jónsson, faðir Selmu,

segir frá sýn sinni á foreldrahlutverkið og hvernig hann einsetti sér að vera besti pabbi í heimi.



Birgitta Jónsdóttir, þingskáld

og pírat, deilir með gestum sýn sinni á framtíð lýðræðisins.



Páll Ólafsson félagsráðgjafi

hefur sterk skilaboð að færa for-eldrum: Hættum að æpa á börnin okkar. Við þurfum að sjá þau og hlusta á þau.

Steve Fuller, prófessor við Warwick-háskóla í Englandi,

viðrar nýjar kenningar sínar um hvernig hugmyndafraeði og stjórnmál geta gjörbreyst í nálægri framtíð.

Kári Halldór Þórsson leiklistar-

kennari fer með gesti í ferðalag um heim ímyndunarafis, tjáningar, samskipta og orku.

Einnig kemur **Linda Ósk Valdimarsdóttir** fram. Hún hefur unnið

ad þróun eigin dansstíls, EXMO (Experimental Movement).



Húsnæðislán

Hvert stefnir fasteignamarkaðurinn?

Íslandsbanki heldur opinn fræðslufund miðvikudaginn 20. maí kl. 17.15-18.15 í nýju útibúi bankans á Granda.

Leitast verður við að svara eftirfarandi spurningum, svo og öðrum þeim er kunna að brenna á fólki í fasteignahugleiðingum:

- Verður áfram flug á fasteignamarkaðnum?
- Hvaða hverfi eru dýrust og hvar er hagkvæmast að kaupa?
- Hvort á ég að velja verðtryggt, óverðtryggt eða blandað lán?
- Er skynsamlegra að leigja eða kaupa í dag?
- Er unga fólklið skilið útundan á markaðnum?

Fundurinn er öllum opinn en vakin er athygli á því að sætaframboð er takmarkað. Boðið verður upp á kaffiveitingar.

Skráðu þig á www.islandsbanki.is/husnaedismal eða í síma 440 4000

Dagskrá:

Endurreisn á óvissutímum

Magnús Árni Skúlason, hagfræðingur hjá Reykjavík Economics

Hvað stendur til boða í dag varðandi húsnæðislán?

Finnur Bogi Hannesson, vörustjóri húsnæðislána og Hanna Dóra Jóhannesdóttir, viðskiptastjóri einstaklinga í Grandaútibúi



AF KÓPAVOGSHÆLI Sumarmyndin er frá 1965 en hin frá jólum árið 1964. Fáar myndir eru til frá árum Kópavogshælis enda hefur verið reynt að fela fortíðina eins og Kristjana gæslusystir segir. MYND/KATRÍN GUDMUNDSDÓTTIR



Af fávítahælum út í samfélagið

Á eingöngu hálfri öld hefur viðhorf til fólks með þroskahömlun gjörbreytt. Stétt þroskaþjálfa fagnar fimmtíu ára afmæli á mánudaginn en barátta stéttarinnar fyrir tilverurétti sínum hefur verið samstíga baráttunni fyrir tilverurétti fatlaðs fólks.

Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@frettabladid.is



Á því tilefni að Þroskaþjálfafélag Íslands heldur upp á fimmtíu ára afmæli sitt kemur út bók um baráttu stéttarinnar sem Þorvaldur Kristinsson ritar fyrir félagið. Í bókinni er rakin saga þroskaþjálfa, en sú saga er samofin sögu fatlaðs fólks á Íslandi. Sagan byrjar árið 1960 þegar nokkrar stúlkor hófu nám á Kópavogshæli og útskrifuðust skömmu síðar með vottorð upp á að þær hefðu lokið námi í „gæslu og umönnun vangefinna“. Þær stofnuðu síðar félag þegar fjögga í hópi þeirra og kölluðu sig gæslusystur. Kristjana Sigurðardóttir var ein af fyrstu gæslusysturum og segist hafa fengið áfall þegar hún hóf störf á hælina.

„Ég kom úr sveitinni og var von að umgangast vangefið fólk, eins og það var kallað þá. Þá flakkaði það á milli bæja og margir gátu tekið þátt í búverkunum. En með iðnbyltingu og breyttum búhátum fór þetta fólk á stofnanir. Ég hafði áhuga á að vinna með vangefnum en ég var lengi að finna leið til þess því þetta var svo fallegt. Loksins fann ég nám í „umönnun og gæslu vangefinna“ og það var nákvæmlega það sem starfið fól í sér. Ég hélt aftur á móti að ég væri að fara inn í annað umhverfi.“

Má ekki fela fortíðina

Kristjana segir að það hafi verið reynt að fela hvernig aðbúnaðurinn og þjónustan var á Kópavogshælinu á þessum tíma og allt fram á áttunda áratug síðustu aldar.

„Það átti að fela fortíðina af því að hún var ljót. Hún var ekki ljót

af mannvösku heldur fáfræðslu og menningu. Fólk var hrúgað í stórum hópi inn á stofnun og þar átti öllum þörfum þeirra að vera sinnt. Tannlæknir kom inn á hælið í stað þess að heimilismenn færu á tannlæknastofu. Ég man aldrei eftir að það hafi verið gert við tennur, þær voru aðeins dregnar úr heimilisfólki. Einnig sinnti starfsfólkið hárgreiðslu og klippingu, það var aldrei fengin hárgreiðslukona á hælið. Heimilismenn fengu engan vasapening fyrr en 1974 sem þýddi að ekkert var hægt að gera með þeim nema við starfsfólkið borguðum fyrir það. Það var aldrei neitt farið með þau nema á 17. júní og í desember til að skoða jólaljós. Þar af leiðandi voru margir heimilismenn eins og biluð plata allt árið að spyrja hvenær júní og desember rynni upp.“

Refsað með matarleysi

Kristjana hóf störf á tuttugu manna karladeild. Klukkan sex á morgnana voru heimilismenn rifnir á fætur og stundum voru þeir klæðalausir hálfan og heilan daginn.

„Það voru ekki til fót. Margir fengu ekki fót að heiman og stofnunin var háð gjafafötum. Þeir sem gátu svo ekki tekið þátt í vinnunni voru settir fram á gang sem var læstur. Eftir morgunmat voru heimilismenn settir út í garð þar sem eingöngu var róla og vegasalt og þarna erum við að tala um fullorðna karlmenn. Það sem mér fannst ljótast var að þeim var hegnt fyrir óæskilega hegðun með því að svipta þá matnum. Maturinn var eina tilbreyting heimilismanna þannig að sú refsing var mjög ljót. Einnig voru gæslumenn sem voru alls ekki mjúkhentir. Það var margt ljótt sem gerðist og það er sannast sagna erfitt að rifja það upp.“

Kristjana segir að á hælina hafi mannréttindi verið brotin, ítrekað.



GÆSLUSYSTIR Kristjana var ein af fyrstu gæslusysturum og var meðal stofnfélaga félagsins sem heitir nú Þroskaþjálfafélag Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Það átti að fela fortíðina af því að hún var ljót. Hún var ekki ljót af mannvösku heldur fáfræðslu og menningu. Fólk var hrúgað í stórum hópi inn á stofnun og þar átti öllum þörfum þeirra að vera sinnt.“

„Ég tók þátt í hlutum sem ég hefði aldrei gert nokkrum árum síðar. Ég tel ekki vonda manneskju en þetta sýnir hvað það er auðvelt að fara inn í andrúmsloftið – sem var hluti af tíðarandanum. Þess vegna er svo mikilvægt að fela ekki fortíðina, svo við endurtökum ekki mistökin. Mér finnst vera afturför í nútímasamfélagi hvað snertir málefni aldraðra. Þar sem stórum hópi er hrúgað á stóra stofnun, þar sem er baðað einu sinni í viku og svo framvegis. Það finnst mér sýna hættuna á að við getum farið með ýmsa hluti aftur til fortíðar. Jafnvel þótt við teljum okkur vera að gera okkar besta.“

Fáir komu í heimsókn

Heimur heimilismanna á Kópavogshæli takmarkaðist við hælið. Gestangangur var lítill og dagurinn ansi tilbreytingalaus.

„Þeir fáu sem fengu heimsóknir þurftu að deila gestinum með hinum. Aðstandendur komu og voru í sameiginlega rýminu í borðsalnum og allir upplifðu að þeir væru að fá gest. Síðar þegar einangrunin varð minni og samfélagið opnaði á umræðuna fóru mæður að koma í heimsókn. Þetta voru konur sem höfðu látið frá sér barnið 11-13 ára gamalt og sagt við þær að best væri að þær myndu bara gleyma því. Það væri best fyrir þær og best fyrir

barnið. Fólk kom að heimsækja aðstandendur eftir margra ára fjarveru að drepast úr samviskubiti. Margir höfðu meira að segja falið tilvist einstaklingsins fyrir yngri börnum eða öðrum í fjölskyldunni. Maður fékk smátt og smátt að heyra þessar sögur þegar það fór að líða á áttunda áratuginn.“

Breytingar hefjast

Kristjana hefur upplifað á sínum starfsferli gífurlegar breytingar á þjónustu við fólk með þroskahömlun. Hún hóf störf á Kópavogshæli, svo á áttunda áratugnum var farið að tala gegn stofnunum og þá kemur hugmyndafræðin um meiri dreifingu í minni sambýlum. Þroskaþjálfar tóku þátt í þessum breytingum af fullum krafti.

„Þetta var það sem við vildum og óskuðum okkur. Hægt og sigandi eru byggð sambýli og það fækkaði á hælina. Þegar mest var á hælina voru 196 heimilismenn, sem er eins og þorp úti á landi. En sambýlin hafa líka minnkað smátt og smátt og nú er sjálfstæð búseta orðin búsetuform sem er vinsælt. Þetta er gífurleg breyting frá því að vera tæplega tvö hundruð saman á einni stofnun.“

Frá fávítum til fólks með fötlun

Meðfram breyttri þjónustu við fatlað fólk hefur orðanotkun breyst. Talað var um fávíta um 1960, við tók orðið vangefinn, svo þroskaheftur og nú er talað um fólk með fötlun eða með þroskahömlun.

„Orðin eru alltaf misnotuð og notuð á ljótan hátt og þá þarf að breyta um orð. Ég er satt best að segja á móti svona mikilli orðanotkun. Við sem þjóðfélag erum alltof mikið að eyrnamerkja fólk. Það er ekki hægt að finna eitt orð yfir allt fatlað fólk, þetta er of breiður hópur til þess. Kannski þurfum við bara ekkert að kalla alla eitthvað.“



Stjórnmálafræði



Lögfræði



Félagsráðgjöf



Félagsfræði
Mannfræði
Þjóðfræði

FJÖLBREYTT NÁMSFRAMBOÐ

SPENNANDI FRAMTÍÐ!

UMSÓKNARFRESTUR Í GRUNNNÁM ER TIL 5. JÚNÍ
VELKOMIN Í HÁSKÓLA ÍSLANDS



Hagfræði



Viðskiptafræði

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands býður fjölbreytt, krefjandi og skemmtilegt nám í sex deildum:

- Félags- og mannvísindadeild
- Félagsráðgjafardeild
- Hagfræðideild
- Lagadeild
- Stjórnmálafræðideild
- Viðskiptafræðideild

Kynntu þér grunnnám á hi.is.

Aukagreinar í boði: atvinnulífsfræði, fjölmiðlafræði, kynjafræði, líffræðileg mannfræði og safnafræði.



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ



Í PROSKAPJÁLFUN Natalía Rós Másdóttir með þroskajálfa sínum, Halldóru Kolku B. Ísberg, á Lyngási.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Lagasetningar til marks um breytt viðhorf

1936

Lög um fávítahæli

Fyrsta löggjöf um fólk með þroskahömlun lítur dagsins ljós á Íslandi. Þar er gert ráð fyrir að svo framarlega sem fé fái á fjárlögum skuli ríkisstjórnin sjá til þess að stofnað sé skólaheimili fyrir „vanvita og hálfvita“, hjúkrunarheimili fyrir „örvita og fávita“, sem ekki gætu tileinkað sér neitt nám, og vinnuhæli fyrir fullorðna fávita sem einhverja vinnu geta stundað þótt ekki sé á almennum vinnumarkaði. Lögum var sannarlega ætlað að

bæta hag þess fólks sem um ræðir en fræðsluskyldu laganna var síðar meir lítt eða ekki sinnt.

1979

Lög um aðstoð við þroskahefta

Í lögum er ákvæði þess efnis að landinu skuli skipt í átta starfssvæði og að á hverju svæði eigi að veita ýmiss konar sérfræðipjónustu, þar á meðal þroskajálfun. Pjónusta þroskajálfa er þar með ekki lengur bundin við altækar sólarhringsstofnanir. Sjálfstæðum búsetueiningum, sambýlum, fjölgar óðum svo og öðrum stuðningsúrræðum.

2011

Lög um málefni fatlaðra

Pjónusta við fatlað fólk flyst frá ríki til sveitarfélaga. Markmiðið er að bæta pjónustu við fatlað fólk, laga hana að þörfum þess með hlíðsjón af ólíkum aðstæðum og stuðla að samþættingu nærpjónustu við íbúa sveitarfélaga.

Heimild: Proskajálfar á Íslandi. Saga stéttar í hálfra öld. Þorvaldur Kristinsson.



BARÁTTUKONA Halldóra hefur alla tíð barist fyrir þátttöku sonarins í samfélaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hver kynslóð foreldra hefur sín baráttumál

Halldóra Sigurgeirsdóttir segir fatlað fólk sýnilegra og kröfuna um aukin tækifæri háværari en fyrir 40 árum.

Halldóra eignaðist barn með Downs heilkenni fyrir 45 árum. Hún segir samfélagið hafa breyst nokkuð síðan þá en betur megi ef duga skal og nóg af baráttumálum eftir.

„Kynslóðin á undan minni tók fyrstu skrefin í að brjóta niður múra og með minni kynslóð verða til sambýli og smærri heimili í þéttbýli í stað stórra stofnana sem gjarnan voru reist í útjaðri byggðar. Þannig stuðluðum við að því að börn okkar tækju þátt í samfélaginu á borð við aðra og það var mín barátta alla tíð og er enn. Smátt og smátt voru þessi stóru heimili brotin upp í smærri og heimilislegri einingar.“

Halldóra tók af fullum krafti þátt í ýmiss konar starfi sem tengdist málefnum og þakkar fyrir kraftinn og aðstoður sem leyfðu henni að einbeita sér að því. „Ég reyndi að koma syni mínum inn í almenn úrræði, svo sem skóla, en slíkt fékk ég ekki í gegn, enda sá akur þá algerlega óplægður. Ég held samt að ég hafi náð að sá einhverjum frægum með baráttunni og er ánægð með það. Sonur minn stundaði nám í Safamýrarskóla. Ég reyndi á hinn bóginn að koma honum í Öskjuhlíðarskóla sem nú heitir Klettaskóli en það gekk ekki eftir því hann var

með of mikla fötlun. Í dag kæmist hann trúlega ekki inn í Klettaskóla vegna þess að hann er ekki nógu fatlaður. Þetta er ein birtingarmynd af breytingum samfélagsins og æskilegt væri að foreldrar hefðu eitthvert val um skóla fyrir fötlud barn sín.“

Halldóra segir hverja kynslóð foreldra hafa sín baráttumál en vegna breyttra aðstæðna í samfélaginu þurfi ríki og sveitarfélög að grípa betur inn í. „Í dag eru mæður yfirleitt ekki heimavinnandi og geta mögulega ekki sinnt þessum málum af fullum krafti eins og ég gerði. Með breyttu samfélagi, kröfum um betra líf og þekkingu þá þarf líka að breyta úrræðum og tækifærum.“

En hvernig finnst þér stöðan vera í dag? „Fatlað fólk sjálf er mun sýnilegra en áður var, umræðan er opnari, krafan um aukin tækifæri og þátttöku í almennum úrræðum háværari og þekkingin er mun meiri. Til að mynda býr sonur minn í íbúð sjálfur með aðstoð. En það má aldrei gefast upp og hætta að berjast, það þarf endalaust að fylgja málum eftir. Það er verkefni sem fylgir því að eignast fatlað barn, verkefni og mikil vinna, ekki erfiðleikar að eilífu, eins og margir halda að fylgi þessu hlutskipti.“

Þroskajálfar smitast af baráttuhug



Laufey Gissurardóttir formaður Þroskajálfafélags Íslands

Laufey Elísabet Gissurardóttir er formaður Þroskajálfafélags Íslands. Hún segir þroskajálfa alltaf hafa þurft að vera á varðbergi og berjast fyrir viðurkenningu á starfi sínu. „Eitt samfélag fyrir alla er það sem við eigum að stefna að og við erum ekki komin þangað.“

Á 50 ára afmæli félagsins eru það ekki síst kjaramálin sem brenna á stétt þroskajálfa. „Við höfum alltaf barist fyrir bættum kjörum. Samkvæmt launakönnunum BHM erum við þar í næstneðsta eða neðsta sæti. Ein ástæðan er sú að við erum 95 prósentastétt og ég tel að önnur ástæða sé sú að við vinnum við að aðstoða fatlað fólk. Það er ótrúlegt en við þurfum að hafa mikið fyrir því við samningaborðið að tala máli þeirra sem við þjónum, við fáum þar jafnvel setningar eins og: „Hvað er fatlað fólk að gera í framhaldsskólum?“ Þetta er samtvinnað barátta – að starf þroskajálfa og að líf

fatlaðs fólks njóti verðskuldaðrar virðingar í samfélagi okkar.“

Laufey fagnar þeim sigrum sem unnist hafa í málefnum fatlaðs fólks og segir starf þroskajálfa hafa breyst mikið í samræmi við það. „Áður fyrr unnum við á altækum stofnunum en í dag er nær helmingur þroskajálfa að starfi í grunnskólum og leikskólum. Þrátt fyrir hindranir hafa hér orðið róttækar framfarir sem eru víðs fjarri veruleika fatlaðs fólks fyrir aðeins fáeinum áratugum.“

Baráttan um tilvistarrétt



Halldóra Jóhannesdóttir Sanko þroskajálfa sem starfar í grunnskóla.

„Ef ég skoða mína skólagöngu þá sá ég óskaplega lítið af fötluðu fólki í almenna skólakerfinu. Sem betur fer er það breytt og það sem mér finnst svo mikilvægt í umræðunni er að þetta er svo hollt og gott fyrir aðra nemendur. Að allir hafi rétt á að vera eins og þeir eru.“

Halldóra segir að þótt lög um skóla án aðgreiningar séu veruleiki á Íslandi sé sigurinn ekki unninn þar sem hún heyrir oft gagnrýni á kerfið. „Maður er spurður hvort fatlaða barnið eigi ekki heima annars staðar. Ég verð alltaf jafn reið. Því skólakerfið getur þetta alveg ef það er fagfólk til að sinna starfinu.“

Halldóra segir baráttumál þroskajálfa snúast aðallega um tilvistarrétt. „Við berjumst fyrir tilvistarrétti okkar. Og við berjumst fyrir tilvistarrétti fatlaðs fólks. Við þurfum stundum að berjast fyrir tilvistarrétti okkar í almennum grunnskólum, eins og börnin.“

ÁTT ÞÚ SVONA GJAFAKORT?

Vegna kerfisbreytinga munu gjafakort Kringlunnar í þessu útliti falla úr gildi frá og með 1. júní næstkomandi. Hægt verður að skipta gjafakortinu út fyrir nýtt kort á þjónustuborði Kringlunnar án kostnaðar.

Kringlan biðst velvirðingar á þeim óþægindum sem kunna að skapast vegna þessa.

MÁN-MIÐ	10-18.30
FIM	10-21
FÖS	10-19
LAU	10-18
SUN	13-18

Kringlan

KRINGLAN.IS

FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS



Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er leiðarvísir að því hvernig tryggja skal fötluðu fólki mannréttindi og virk tækifæri til jafns við aðra í samfélaginu. Alls hefur 151 ríki fullgilt samninginn og er Ísland í hópi fjögurra Evrópuríkja sem eiga það eftir. Krafa okkar er að samningurinn verði fullgiltur eigi síðar en á haustþingi 2015.

Kynntu þér samninginn og skoraðu á stjórnvöld á www.obi.is

SKORUM Á STJÓRNVÖLD


AÐ FULLGILDA SAMNING SP UM RÉTTINDI FATLAÐS FÓLKS EIGI SÍÐAR EN Á HAUSTÞINGI 2015!



Jón Margeir Sverrisson



Andri Snaer Magnason



Guðmundur Magnússon



Helða Kristín Helgadóttir



Halldór S. Guðbergsson



Bryndís Loftsdóttir




Ebba Guðný Guðmundsdóttir



Freyr Eyjólfsson



Jón Gnarr



Valur Höskuldsson



Þorsteinn Bachmann



Magnús Jónsson



Jóhanna Sigurðardóttir




Þuríður Harpa Sigurðardóttir



Vilhjálmur Hjálmarsson



Haraldur Freyr Gíslason



Embla Guðrúnar Ágústsdóttir



Rákel Dögg Bragadóttir



Ellen J. Calmon



Til hamingju!

Við óskum veitingaaðilum á nýju og betra veitingasvæði Keflavíkurflugvallar hjartanlega til hamingju með opnunina.

Eftir miklar framkvæmdir hafa matsölustaðirnir Nord Restaurant, Mathús, Joe & the Juice, Segafredo og Loksins Bar opnað dyr sínar og munu sjá farþegum fyrir gómsætum mat og drykk í flugstöðinni.

Við hlökkum til að sjá þig á nýjum og betri Keflavíkurflugvelli.





KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR



SAMEINA KRAFTA SÍNA Andri Óttarsson og Þorleifur Örn Arnarsson hafa unnið að handritinu að Rétti 3 í rúm tvö ár. Þeir eru gamlir vinir og segja handritið upphafið að frekara samstarfi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Tilvísun í hræðilegan veruleika

Þorleifur Örn Arnarsson og **Andri Óttarsson**, gamlir vinir sem gætu virst ólíkir en skipa gott teymi, skrifuðu handritið að Rétti 3, sakamálapætti. Sérían verður talsvert ólík þeim sem á undan hafa komið og er sögusviðið fært úr réttarsalnum.

Gyða Lóa Ólafsdóttir

gydaloo@frettabladid.is



Tökur standa yfir á þriðju seríu sakamálapáttanna Réttar. Baldvin Z sér um leikstjórn og handritshöfundar eru Þorleifur Örn Arnarsson og Andri Óttarsson. Sérían er frumraun þeirra í handritsgerð fyrir sjónvarp. Þorleifur kannast margir við úr leikhúsgreinanum þar sem hann hefur leikstýrt fjölda verka, meðal annars Sjálfstæðu fólki og Englum alheimsins, og starfað í leikhúsum í Þýskalandi.

Aðkoma Andra er óhefðbundnari, hann kemur úr heimi lögræði og pólitíkur en ákvað fyrir um fimm árum að láta drauminn rætast og einbeita sér að skrifum.

Skrifin veita lífsánægju

„Þetta hefur alltaf blundað í mér og á einhverjum tímamarki fór ég að gera mér betur og betur grein fyrir því að þetta var það sem veitti mér mesta lífsánægju. Það leiddi til þess að ég fór að þreifa mig áfram og fikta við skáldskapinn,“ segir Andri og bætir við að hann hafi í kjölfarið komist að því að honum þóttu skáldskaparskrifin skemmtileg. „Lífið er einhvern veginn allt of stutt og skemmtilegt til þess að vera að gera eitthvað annað en það sem maður hefur mesta ánægju af því að gera.“

Áralöng vinátta

Andri og Þorleifur hafa verið vinir lengi, raunar svo lengi að þeir eiga í erfiðleikum með að rifja upp árafjöldann. Andri hefur aðstoðað Þorleif á bak við tjöldin í hans verkefnum, lesið yfir efni og jafnvel

ferðast á milli landa til að rétta hjálparhönd.

Þorleifur var því fljótur að stinga upp á að þeir skrifuðu handritið að Rétti 3 saman þegar honum bauðst verkefnið. „Það meikaði sens að við tveir myndum skrifa þetta, annar úr leikhúsinu og svo Andri úr lögræðinni sem hafði líka þessa hæfileika,“ segir Þorleifur og bætir við:

„Samtalið við SagaFilm um að fá Andra um borð tók í alvöru þrjár mínútur,“ segir Þorleifur og hælir hugrekki SagaFilm, að þora að veðja á nýja höfunda og gefa þeim frelsi til að enduruppgötva seríuna.

Feikilega gott teymi

Þeir eru ólíkir í fasi og framkomu en augljóst er að þarna er eitthvað sem virkar. Einhvers konar jin-jang orka þar sem þeir vega hvor annan upp. Þeir eru sammála um að þeir skipi gott teymi, samvinnan hefur gengið vel og jafnvel styrkt vináttuna.

„Okkur gengur rosalega vel að vinna saman. Ég held að reynsla Dodda sem leikstjóra hjálpi okkur mikið. Hann getur alltaf hámarkað möguleikana sem hver sena hefur og er algjörlega óhræddur við að benda á að senan gæti verið betri. Þó að þetta sé eitthvað sem aðrir myndu segja að væri mjög gott, þá sér hann alltaf það sem hægt er að bæta ofan á hana í gæðum. Sem er ómetanlegt. Ég held að þetta komi að einhverju leyti úr leikstjórninni,“ segir Andri og beinir þessum vangaveltum að vini sínum sem fellst á það.

Þorleifur segir markið hafa verið sett hátt, enda þýði ekkert annað. „Við ákváðum að skrifa besta handritið sem hefur komið í íslensku sjónvarpi og sögðum að það yrði enginn afsláttur gefinn,“ segir Þorleifur á meðan Andri brosir út í annað yfir ákefðinni.

Þorleifur heldur hlæjandi áfram. „Já, eða ég er alltaf búinn að vera að tala um það og ég bara trúí því. Það hvort manni tekst það eða ekki er ekki endilega aðalatriðið, en maður verður að stefna á það.“

Að handritinu hafa þeir unnið í rúm tvö ár og kastað því á milli.

Minna úr réttarsalnum

Réttur fjallar um lögræðistofuna Lög og rétt og þær flækjur sem upp koma. Fyrri handrit skrifuðu Sigurjón Kjartansson og Margrét Örnólfsdóttir og aðalhlutverk eru í höndum Magnúsar Jónssonar sem Loga og Jóhönnu Vigdísar Arnardóttur í hlutverki Brynhildar. Verkefnið var því spennandi að takast á við, sér í lagi þar sem um er að ræða frumraun þeirra beggja í sjónvarpi. Sögusviðinu breyttu þeir að því leyti að minna er í réttarsalnum og meiri áhersla á íslenskan veruleika.

„Ég var ofboðslega fljótur að útskýra fyrir fólki að íslenskir réttarsalir eru svona sirkabát leiðinlegasta sjónvarpsefni sem til er í heiminum,“ segir Andri spöskur á svip.

Eftir þá ákvörðun kviknuðu spurningar um umfjöllunarefni þáttanna en þeir félagar áttuðu sig fljótt á að starf lögmanna snertir marga fleti íslensks samfélags. Afraksturinn er samfelld sakamálasaga úr íslenskum raunveruleika þar sem dregin er upp yfirlitsmynd af ofbeldismálum.

Umfjöllunarefnið er kynferðisofbeldi gagnvart ungum einstaklingum í neyrtal og hinn duldi heimur internetsins þar sem samfélagsmiðlar koma við sögu.

Þeir sönkðu að sér upplýsingum um málaflökkinn, þó ekki um einstakt mál, og lögðu upp með að þættirnir væru raunverulegir og drægju ekkert undan.

„Það er varla að það komi þarna inn sena eða atvik sem á sér ekki hliðstæðu eða jafnvel enn öfgafyllri útgáfu í íslenskum raunveruleika í dag. Ekki í LA eða einhvers staðar í Simbabve, heldur hér,“ bætir Þorleifur við ákveðinn og segir sjónvarpsseríuformið henta vel til þessa en í handritinu eru margar sögur fléttaðar saman yfir langan tíma.

„Við vorum ákveðnir í því eiginlega frá fyrstu mínúttunni að það væri vannaþyrft tækifæri ef við færum að skrifa þessa seríu eingöngu út frá skemmtanagildi, það yrði að vera einhver þjóðfélagsleg skírskotun,“ segir Andri og bætir við að ánægjulegt sé að vilji sé til að skapa efni með sterkum skilaboðum og skírskotun í raunveruleg og aðkallandi málefni.

Kjarni vináttunnar

Þarna tekur Þorleifur til máls og segir að það sé einmitt þessi köllun þeirra beggja sem sé kjarni vináttunnar.

„Við viljum báðir hafa áhrif á samfélagið. Andri áður í gegnum pólitískt starf og lögmennsku og ég í gegnum leikhúsið,“ segir Þorleifur.

„Við förum í gegnum sameiginlegt ferli og ég held að við höfum báðir komist að því að í listinni hafi maður að mörgu leyti tækifæri til, þó að þú sjáir það ekki alveg svart á hvítu, að hafa djúpstæðari aðgang að fólki. Þetta eru ný þættir sem munu kannski rúlla í gegnum þrjá mánuði. Ef okkur tekst vel upp þá geta þessi málefni verið á milli tannanna á fólki í fleiri mánuði,“ segir Þorleifur og það er augljóst að umfjöllunarefnið er þeim hjartans mál.

Tökur á þáttunum standa yfir fram í júlí en stefnt er á að sýningar hefjist á Stöð 2 í október.

„Við erum búnir að sjá svoltið

“Lífið er einhvern veginn allt of stutt og skemmtilegt til þess að vera að gera eitthvað annað en það sem maður hefur mesta ánægju af því að gera.

Andri Óttarsson

“Við erum búnir að sjá svoltið úr tókunum, fáum sendar senur og senur, og þetta lítur alveg svakalega vel út. Við erum mjög spenntir, alveg eins og krakkar í dótakassa.

Þorleifur Örn Arnarsson

úr tókunum, fáum sendar senur og senur, og þetta lítur alveg svakalega vel út. Við erum mjög spenntir, alveg eins og krakkar í dótakassa,“ segir Þorleifur ánægður og bætir við að það sé magnað að sjá tveggja ára vinnu vakna til lífsins.

Andri er sammála og bætir við: „Það er alltaf erfitt að afhenda sköpunarverkið í hendurnar á einhverjum öðrum en eftir fyrsta fundinn með Baldvin Z vissum við að handritin gætu ekki verið í betri höndum, hann deilir sömu sýn á verkefnið og er í raun eins og hugur okkar á setti. Við erum búnir að mæta nokkrum sinnum á settið og sjá þessar fyrstu tökur. Það sem við erum búnir að sjá er enn þá betra en það sem maður þorði að vona,“ segir hann. Þegar þeir eru inntir eftir því hvort þetta verkefni sé upphafið að frekara samstarfi þeirra eru svörin skýr: „Það er ljóst að við munum halda þessu áfram,“ segir Andri ákveðinn og Þorleifur tekur í sama streng: „Þetta var bara upphitun.“

WITH A LITTLE HELP FROM MY FRIENDS



BÍTLAKRÁS fyrir Grensás

Fjöldi landspekktra listamanna flytja lög Bítlanna Lennon og McCartney og gefa vinnu sína á **stuðningstónleikum** fyrir Grensásdeild í Háskólabíói kl 18:00 - laugardaginn 30. maí 2015

Frábær skemmtun á aðeins 4.700,-

EFTIRTALDIR AÐILAR KOMA FRAM:

Kynnar: Helgi Pétursson og Bogi Ágústsson, - Listamenn: Björn Thoroddsen, Ari Jónsson, Eyþór Ingi Gunnlaugsson & Lovísa Fjeldsted, Sönghópur úr Domus vox, Hljómsveitin; Bandið bak við eyrað, Ólafía Hrönn, Jóhanna Guðrún Jónsdóttir, Þuríður Sigurðardóttir, Örn Gauti Jóhannsson.



HLJÓMSVEITARSTJÓRN:
Davíð Sigurgeirsson

TROMMUR:
Óskar Þormarsson

HLJÓMBORD:
Ingvar Alfredsson


BASSI:
Ingi Björn Ingason

RADDIR:
Gospelkór Jóns Vídalíns

Sing-Along á tjaldi - Leynigestur - Sögusýning í anddyri og margt fleira

Miðasala:
midi.is

Hollvinir Grensás



Hollvinir Grensás safna fé bæði til tækjakaupa og almennra styrkja við starf Grensásdeildar og einnig til endurbóta á húsnæði deildarinnar.
www.grensas.is



Aukin lífsgæði verða ekki metin til fjár

Styrktaraðili Hollvina Grensás

365



Kíktu í kökuveislu, röltu rúntinn og farðu á stofutónleika

Það mikilvægasta til þess að vel takist til með Listahátíðina í Reykjavík er líkast til þátttaka borgarbúa. Hátíðin hófst í vikunni og virðist fara vel af stað og mætingin er góð. Enda er það umfram allt það sem að er stefnt; að listin komi til fólksins og fólkið til listarinnar.

FURÐUVERÖLD LÍSU, ÆVINTÝRAHEIMUR ÓPERUNNAR

RÖLTU RÚNTINN

Eitt það skemmtilegasta við Listahátíðina í Reykjavík í ár er aukin virkni smærri sýningarrýma.

Í **Gallery Gamma** í Garðastrætinu er einstaklega áhugaverð **sýning** á verkum listakonunnar *Dorothy Iannone* sem alla tíð hefur storkað viðmiðum ríkjandi menningar í list-sköpun sinni og líffsýn. Á síðustu árum hafa verið haldnar yfirlits-sýningar á verkum hennar, m.a. í New Museum í New York og Berlinische Galerie í Berlín og nú er hún komin til Reykjavíkur.

Á **Frakkastígnum** er líka skemmtileg sýning. Þar sýna stór nöfn í íslenskrri myndlist útsýningu í portinu við Frakkastíg 9, á húsveggjum og í garðinum. **Kosningaþátttaka kvenna í 100 ár** er viðfangsefnið í bráðskemmtilegri sýningu í brakandi fersku lofti.

Í **Týsgallerí** er **sýningin Holning** eftir *Bryndísi Hrönn Ragnarsdóttir* og *Hulda Hákon* sýnir hjá **Tveimur hröfnum**.

Í **Hverfisgallerí** er *Ásdís Sif Gunnarsdóttir* að sýna **myndbandsverkið Misty Rain – á mörkum kvikmyndar og vídeó-innsetningar**.

Í heimahúsi að **Pinghóltsstræti 27** gefur að líta **sýninguna í tíma og ótíma**. Þar sýna fimm listamenn í íbúð sameiginlegrar vinkonu.

Á **Listasafni ASÍ** gefur svo að líta **sýninguna Frenjur og fórnarlömb, konur um konur**, svo af nógu er að taka og það kostar ekkert á ofangreindar sýningar.

Einnig er tilvalið að huga að **sýningunni Furðuveröld Lísu, ævintýraheimur óperunnar – verkefni í vinnslu** á Listasafni *Einars Jónssonar*. Sýningin er innblásin af nýrri óperu eftir *John A. Speight* tónskáld og *Böðvar Guðmundsson* rithöfund. Aðgangseyrir er 2.000 kr.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Hér er tæpt á nokkru af því fjölmarga sem er á döfinni um helgina og vonandi getur það hjálpað einhverjum til þess að finna eitthvað sem gleður og lyftir andanum í dagsins önn og amstri. Ekki er verra að hafa í huga að á hátíðinni er fjöldi viðburða ókeypis og margir þeirra eru einmitt tilgreindir hér. Svo nú er bara að setja kaffi á brúsa, smyrja nokkrar samlokur og skella sér af stað. Góða skemmtun.

SUNNU-DAGSSÆLA

Á sunnudagseftirmiðdag er tilvalið að taka frá tíma fyrir **tónleikana Nýjabrum** í stofunni að **Óðinsgötu 7**, fjórðu hæð til hægri. Tónskáldin *Daniel Bjarnason*, *Haukur Tómasson* og *María Huld Markan Sigfúsdóttir* hafa öll samið tónverk á árinu sem verða flutt á tónleikum á einkaheimili á Óðinsgötu með útsýni yfir Kvosina. Aðgangseyrir er 3.900 krónur og um að gera að tryggja sér miða í tíma því stofan tekur vart endalauzt við.



NÝJABRUM Í STOFUNNI



OG KÖKUVEISLA

Laugardaginn er tilvalið að byrja kl. 13 í **Nýlistasafninu í Reykjavík** og er aðgangur ókeypis. Í verkinu **OG** býður *Steinunn Gunnlaugsdóttir* í fjörluga kökuveislu í Nýlistasafninu, þar sem alræmd hugtök halda uppi góða skapinu og gömsæt samtenging verður á boðstólum. Kökuveislan hefst stundvíslega kl. 13 og stendur eingöngu yfir í 30 mínútur en eftirmálar gjörningins verða til sýnis til 7.júní. Athugaðu að Nýlistasafnið er í Völvufelli 13-21 og þaðan er tilvalið að taka strætó eða bruna í miðborgina í meiri skemmtilegheit.

Í **Nýlistasafninu** er líka sýningin **Vorverk** eftir *Kristínu Helgu Káradóttur*. Þar fangar listakonan komu vorsins með tilheyrandi togstreitu við hið innra og hið ytra.

EDA Á SUNNU-DAGINN

Athugaðu að sumt af því sem er í boði í dag verður ekki endilega opið á morgun, kannaðu því málið á vef Listahátíðar, listahatid.is, áður en þú leggur af stað. Í **Ljósmyndasafni Reykjavíkur** er líka ókeypis sýning sem verður opnuð á sunnudaginn og kallast **Verksummerki**. Sýning sem fjallar um huglægar og nærgöngular tilhneigingar í íslenskrri samtímaljósmyndun.




VOCAL – RÚRÍ

RÚRÍ

Rúrí er án efa einn fremsti myndlistarmaður okkar Íslendinga. Verk hennar er að finna í opinberum söfnum og einkasöfnum víða um heim og og útiverk hennar hafa mörg hver verið áberandi bæði hér heima og í Svíþjóð og á Ítalíu svo eitthvað sé nefnt.

Í dag, laugardag, kl. 18 í **Norðurljósal Hörpu** verður nýr gjörningur eftir Rúrí sem hún kallar **Lindur – Vocal VII**. Verkið er stórt í sniðum og hluti af gjörningaröð hennar Vocal sem hún hefur sýnt víða um heim. Aðgangseyrir er 2.900 kr. og ætti þeim að vera vel varið enda spennandi verk hér á ferðinni.



DORÍÓN VÍDEÓ- OG TÓNLISTARGJÖRNINGUR

UTAN REYKJAVÍKUR

Það eru líka viðburðir utan Reykjavíkur. Í **Gerðarsafni í Hamraborginni** í **Kópavogi** er merkileg **samsýning íslenskra listamanna** þar sem unnið er út frá steindum gluggum **Gerðar Helgadóttur** (1928-1975) sem má finna í Skálholtskirkju, Kópavogskirkju og víðar.

Í **Kópavogskirkju** á laugardaginn kl. 16 er á ferðinni **vídeó- og tónlistargjörningurinn Doríón** eftir *Doddu*

Maggy. Sérstaklega saminn í tilefni sýningarinnar *Birting* í Gerðarsafni. Það er vart hægt að halda því fram að maður sé ekki í bænum þegar maður er í Kópavogi en með **Listasafn Árnesinga** gegnir öðru máli. Þar verður opnuð í dag **sýningin Geymar** þar sem gestum er boðið að ganga inn í myndheim *Sirru*.

Allar þessar sýningar eiga það sameiginlegt að það kostar ekkert inn.



VELKOMIN Í HÁSKÓLA ÍSLANDS



„Ég valdi Háskóla Íslands því hann er framúrskarandi. Kennararnir eru einstakir og aðstaðan í háskólanum er til fyrirmyndar.“

*Alma Gytha Huntingdon-Williams,
jarðfræði*



YFIR 400 SPENNANDI NÁMSLEIÐIR Í BOÐI Í HÁSKÓLA Í FREMSTU RÖÐ

Fjölbreytt félagslíf, sveigjanlegt nám og góð þjónusta.

Fyrsta flokks kennsla í alþjóðlegum háskóla og einstakir möguleikar í skiptinámi.

Öflug tengsl við atvinnulíf og víðtæk áhersla á þátttöku nemenda í rannsóknum.

Umsóknarfrestur um grunnám er til 5. júní.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

ÁFANGAR Í MANNRÉTTINDAMÁLUM EVRÓPU OG BRETLANDS

ÁRIÐ 1949

Fjórum árum eftir stríðslok var **Evrópuráðið** stofnað af tíu Evrópulöndum til að styrkja samvinnu um vandað réttarfar, mannréttindi, lýðræði og menningarmál. Ísland gerðist aðildarríki strax árið eftir og nú eru aðildarríkin **47** talsins. Þeirra á meðal eru Rússland, Tyrkland og Kákasuslöndin Georgía, Aserbaísjan og Armenía. Raunar eiga öll ríki Evrópu allt til Kákasushéraðanna aðild að Evrópuráðinu að undanskildu einu, sem er Hvíta-Rússland.

ÁRIÐ 1950

Páverandi aðildarríki Evrópuráðsins settu sér **Mannréttindasáttmála Evrópu**. Sáttmálinn tók gildi **árið 1953** og nú eiga öll **47 aðildarríki** Evrópuráðsins jafnframt aðild að Mannréttindasáttmálanum. Jafnframt var stofnaður **Mannréttindadómstóll Evrópu**, sem hefur það hlutverk að skera úr um mannréttindamál í aðildarríkjum Evrópuráðsins og styðst dómstóllinn þar við Mannréttindasáttmálann. **Breska þingið** samþykkti árið **1998** mannréttindalög, sem tóku svo gildi árið **2000**.



EVROPURÁÐIÐ Stofnað fjórum árum eftir lok seinni heimsstyrjaldar og á ekkert skylt við Evrópusambandið.

ÁRIÐ 1998

Breska þingið samþykkti mannréttindalög sem höfðu það höfuðmarkmið að innleiða **Mannréttindasáttmála Evrópu** í bresk lög. Með þessu var breskum stjórnvöldum gert skylt að virða þau mannréttindi sem tryggð eru með Mannréttindasáttmála Evrópu. Þar með áttu Bretar ekki að þurfa að leita til **Mannréttindadómstóls Evrópu**, þar sem breskir dómstólar áttu að tryggja sambærileg réttindi heima fyrir. Eftir sem áður gátu Bretar þó leitað til Mannréttindadómstólsins ef þeir voru ósáttir við afgreiðslu breskra dómstóla.



SIGURVEGARAR David Cameron forsætisráðherra stilti sér upp til myndatöku fyrir framan þinghúsið í London ásamt nýkjörnum þingmönnum Íhaldsflokksins.

NORDICPHOTOS/AFP

Vilja ógilda mannréttindalögin

Eitt af forgangsverkefnum nýrrar ríkisstjórnar Davids Cameron snerist um að draga úr áhrifum Mannréttindadómstóls Evrópu á breskt réttarfar. Með þessu verði breskum stjórnvöldum gert auðveldara að vísa útlendum glæpamönnum úr landi.

Guðsteinn
Bjarnason
guðsteinn@frettabladid.is



Fyrir þingkosningarnar í Bretlandi 7. maí síðastliðinn gaf breski Íhaldsflokkurinn kjósendum skýrt loforð um að „fella úr gildi mannréttindalöggjöfina og skerða hlutverk Mannréttindadómstóls Evrópu, svo auðveldara verði að flytja útlenda glæpamenn úr landi.“

Þetta átti að verða eitt af forgangsmálum stjórnarinnar, en strax viku eftir kosningarnar er komið í ljós að innan Íhaldsflokksins eru afar skiptar skoðanir um þetta kosningamál.

„Ég er hræddur um að með þessu lendum við í átökum við Mannréttindadómstólinn og ekki vil ég að við yfirgefum hann,“ sagði einn þingmanni flokksins, David Davis, í viðtali við dagblaðið Hull Daily Mail. „Ef við förum þá fá allir aðrir afsökun til að fara.“

Hann segist telja að þetta verði enn umdeildara mál en úrsögnin úr Evrópusambandinu, sem Cameron hefur lofað að láta Breta kjósa um síðar á kjörtímabilinu.

Mannréttindi í uppnámi

Bresku mannréttindalögin voru sett árið 1998, þegar Verkamannaflokkurinn var við völd og Tony Blair forsætisráðherra. Tilgangur þeirra var að leiða í bresk lög Mannréttindasáttmála Evrópu og þar með veita Mannréttindadómstól Evrópu ákveðið úrskurðarvald um mannréttindamál í Bretlandi.

Þau hafa frá upphafi verið umdeild, og sérstaklega gagnrýnd fyrir að gera breskum stjórnvöldum erfitt fyrir að vísa útlendum glæpamönnum úr landi.

Í staðinn fyrir mannréttindalögin ætlar breska stjórnin reyndar að setja í lög svonefnda Réttindaskrá, sem á að tryggja Bretum mannréttindi áfram án þess að þurfa að leitast sérstaklega til Mannréttindadómstóls Evrópu.

Áform Camerons hafa verið

Úr kosningastefnuskrá Íhaldsflokksins

„Við höfum komið í veg fyrir að fangar fái kosningarétt, og höfum rekið úr landi grunaða hryðjuverkamenn á borð við Abu Qatada, þrátt fyrir öll þau vandamál sem skapast hafa af mannréttindalöggjöf Verkamannaflokksins. Næsta ríkisstjórn Íhaldsflokksins mun fella úr gildi Mannréttindalögin og innleiða Réttindaskrá Bretlands. Með þessu verða rofin tengsl milli breskra dómstóla og Mannréttindadómstóls Evrópu, þannig að okkar eigin Hæstiréttur verði endanlegt úrskurðarvald í mannréttindamálum í Bretlandi.“



NÝJA STJÓRNIN Ný ríkisstjórn Davids Cameron forsætisráðherra kom saman á þriðjudaginn. George Osborne verður áfram fjármálaráðherra, Philip Hammond utanríkisráðherra og Theresa May innanríkisráðherra.

NORDICPHOTOS/AFP

sögð stefna aðild Bretlands að Evrópuráðinu og Mannréttindasáttmála Evrópu í uppnám. Með breskum sérlögum um mannréttindi ætli Bretar sér að reyna að vera með einhverjum hætti stikkfrí þegar kemur að mannréttindamálum. Þar með verði mannréttindamálum í Bretlandi jafnframt stefnt í uppnám.

Að vísu fylgir ekki, að þótt breska stjórnin nemi mannréttindalögin úr gildi þá þurfi Bretland að segja sig úr Evrópuráðinu, þannig að Bretlandi yrði ekki lengur aðili að Mannréttindasáttmála

Evrópu og Evrópudómstólnum. Einstaklingar geta áfram leitað til Mannréttindadómstólsins til að fá úrlausn sinna mála, og með áframhaldandi aðild að sáttmálanum skuldbinda bresk stjórnvöld sig áfram til að þess að fara að ákvæðum hans í allri afgreiðslu



BRESKA PINGIÐ Tony Blair forsætisráðherra í ræðustól árið 1999, en hann var forsætisráðherra þegar mannréttindalögin voru sett.

ABU QATADA

Abu Qatada er jórdanskur Palestínumaður, sagður predika hatursboðskap og grunaður um tengsl við Al-kaída. Hann var handtekinn í Bretlandi árið 2002 og sendur þaðan til Jórdaníu árið 2013 eftir að Jórdaníur höfðu fullvissað Breta um að hann myndi ekki sæta pyntingum. Í júní 2014 var hann svo sýknaður í Jórdaníu af ákærum um aðild að hryðjuverkum.

Bresk stjórnvöld hugðust vísa honum úr landi strax eftir að hann var handtekinn árið 2002, en hann barðist hart gegn brottvísun og tóku þau málaferli meira en áratug.



ABU QATADA Orðinn frjáls maður ásamt móður sinni í Jórdaníu eftir sýkrun í júní á síðasta ári.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

„Ég er hræddur um að með þessu lendum við í átökum við Mannréttindadómstólinn og ekki vil ég að við yfirgefum hann.“

David Davis,
einn þingmanna íhaldsflokksins.

mála. Ætli bresk stjórnvöld sér að nota innlend lög til þess að komast hjá því að hlíta ákvæðum Mannréttindasáttmálans, þá má fastlega reikna með því að Mannréttindadómstóllinn fari fljótlega að skipta sér af því.

Norður-Írland í uppnámi

Áform Camerons mæta einnig harðri andstöðu frá Norður-Írlandi, því mannréttindalögin eru nefnilega partur af friðarsamkomulaginu sem gert var á Norður-Írlandi föstudaginn langa árið 1998.

Að friðarsamkomulaginu stóðu bæði bresk og írsk stjórnvöld ásamt átta norðurírskum stjórnmalaflokkum og samtökum, bæði úr röðum sambandssinna og aðskilnaðarsinna. Bresk stjórnvöld skuldbundu sig, rétt eins og hinir aðilar sammingsins, til þess að virða hann í einu og öllu, þar á meðal skýrt ákvæði um að bresku mannréttindalögin séu partur af honum.

„Utanríkisráðherrann ætti án tafar að útskýra stöðu stjórnarinnar varðandi það hvort hún ætli sér með þessum hætti að brjóta samninginn sem gerður var í Belfast föstudaginn langa,“ hafði breska dagblaðið The Guardian nú í vikunni eftir Brian Gormally, framkvæmdastjóra norðurírsku mannréttindasamtakanna CAJ. „Skref af því tagi myndi gera Bretland að útlagaríki á alþjóðavettvangi og grafa verulega undan friðarsamkomulaginu á Norður-Írlandi.“

Írsk stjórnvöld hafa sömu leiðis látið skýrt í ljós að þau muni standa með Norður-Írsum í þessu máli.

„Það er nauðsynlegt að virða algjörlega það grundvallarhlutverk mannréttinda að tryggja frið og stöðugleika á Norður-Írlandi,“ er haft eftir Charlie Flanagan, utanríkisráðherra írsku stjórnarinnar, í BBC.

Yfirborðsbreytingar einar?

Nýja stjórnin kom saman á sinn fyrsta vikulega fund strax á þriðjudaginn var. Á mánudaginn kemur svo nýkjörrið þing saman í fyrsta sinn. Elísabet drottning les síðan stefnuskrá nýrrar stjórnar miðvikudaginn 27. maí, en stefnuræða sú er venju samkvæmt fyrst og fremst listi yfir þau frumvörp sem stjórnin ætlar að leggja fyrir þingið næsta árið.

Það verður Michael Gove, dómsmálaráðherra nýju stjórnarinnar, sem fær það hlutverk að koma þessum breytingum á. Cameron hefur óskað eftir því að drög að frumvarpi liggi fyrir innan hundrad daga, eða ekki síðar en í byrjun ágúst.

Hans bíða í raun tveir kostir: Annaðhvort verða gerðar verulegar breytingar sem kosta það að bresk stjórnvöld lenda fljótlega upp á kant við Mannréttindadómstól Evrópu, eða breytingarnar verða fyrst og fremst á yfirborðinu og hafa í raun lítið að segja.

Ertu með góða hugmynd fyrir Menningarnótt?

Menningarnótt fagnar 20 ára afmæli sínu þann 22. ágúst nk. Við ætlum að fagna þessum merku tímamótum með því að styrkja skemmtilega og frumlega viðburði. Viðburðir hátíðarinnar eiga sér stað víðsvegar um borgina, m.a. á torgum, í portum, gördum, galleríum, verslunum, menningarstofnunum og heimahúsum.

Við úthlutun í ár verður kastljósinu beint að viðburðum á torgum miðborgarinnar; nýjum og gömlum, stórum og litlum, fundnum og földum. Sú tenging er þó ekki skilyrði fyrir styrkveitingu. Við tökum vel á móti öllum umsóknum.

Menningarnæturpotturinn er samstarfsverkefni Höfuðborgarstofu og Landsbankans sem hefur verið máttarstólpi Menningarnætur frá upphafi.

Veittir verða styrkir úr pottinum, 50-200.000 kr. til einstaklinga og hópa sem vilja skipuleggja fjölbreytta og áhugaverða viðburði á Menningarnótt.

Tekið er við umsóknum um styrki úr sjóðnum til og með 1. júní á www.menningarnott.is.

Nánari upplýsingar um styrki hátíðarinnar veita viðburðastjórar Höfuðborgarstofu í síma 590 1500 og á menningarnott@reykjavik.is.



JOHNSON & LEWIS - JUS - SIA

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000





Á ÆFINGU Cameron, Einar og Sergio voru truflaðir á æfingu á Stóra sviðinu en Íslenski dansflokkurinn frumsýnir Blæði á þriðjudaginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ballettinn fælist strákana frá

Þrjú erlendir karldansarar starfa í Íslenska dansflokknum, þeir **Sergio Pares Agea**, **Einar Nikkerud** og **Cameron Corbett**. Rætur þeirra og leið til Íslands eru ólíkar en þeir eiga sameiginlegt að hafa fyrir nokkra tilviljun endað sem dansarar hér á landi.

Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@frettabladid.is



Dansararnir þrjú eru hluti af hópi sem frumsýnir verkið Blæði á þriðjudaginn, sem er samstarfsverkefni flokksins og Listahátíðar í Reykjavík. Cameron ætlaði að stoppa í þrjá mánuði á Íslandi en hefur starfað með flokknum í 17 ár, Einar fór á sinn fyrsta atvinnusamning hjá flokknum og Sergio er bókstaflega að taka sín fyrstu dansspor á stóra sviðinu í Borgarleikhúsinu.

Úr sirkus í dansinn

Sergio hefur aldrei tekið þátt í danssýningu áður. Hann er aftur á móti háskólamenntaður loftfíleikamaður og starfar venjulega í sirkus.

„Mér var boðið til Íslands til að taka þátt í þessu verkefni. Þannig að þetta er stutt dvöl hjá mér. Mér finnst dansinn áhugaverður en hann er svolítið langt frá því sem ég sérhæfði mig í. Ég býst því ekki við því að ég muni skipta um starfsferil heldur snúa mér aftur að sirkusnum þegar ég fer heim,“ segir Sergio og bætir við að hann hafi lært mikið á þessum þremur mánuðum um dans og Ísland.

Cameron er frá Bandaríkjunum og hefur búið á Íslandi og starfað með Íslenska dansflokknum frá árinu 1998 eða í 17 ár. *Ætlaðir þú að stoppa svona lengi á Íslandi?*

„Nei, ég kom hingað til að taka þátt í þriggja mánaða verkefni en svo varð ég ástfanginn. Sú ást er

reyndar löngu farin en svo varð ég bara ástfanginn af Íslandi og finnst gott að búa hérna. Í byrjun var ég hræddur um að ég væri að taka skref niður á við, við að fara til Íslands, þar sem ég hafði átt góðan feril í Þýskalandi sem sólóisti. Ég hélt að ferillinn væri búinn að ná hámarki en svo var svo mikil uppbygging í flokknum og orðsporið hefur farið vaxandi ár frá ári. Þannig að það er mjög stóltur af vinnu minni með Íslenska dansflokknum.“

Líf eftir dansferilinn

Cameron er 42 ára og því fer að koma að kaflaskiptum í lífi hans þar sem atvinnudansinn spyr því miður um aldur. Hann hefur þó ekki tekið ákvörðun um hvort hann verði áfram á Íslandi þegar hann hættir hjá Íslenska dansflokknum en segir það góðan möguleika.

„Hér hef ég byggt upp líf mitt og feril. Ég er ekki kominn með plön en hef opnar hugmyndir um framhaldið. Það er nefnilega svo gott í dag að maður getur breytt algjörlega um feril. Hætt í dansi og farið að læra eitthvað nýtt og skipt um stefnu. Þannig að það eru margir möguleikar í stöðunni.“

Ekkert talað – bara drukkið

Einar kemur frá Noregi og hefur starfað með Íslenska dansflokknum í tvö ár. Hann er þó á leiðinni aftur til Noregs eftir nokkrar vikur enda á hann eiginmann þar og hefur fengið nóg af fjarbúðinni í bili.

„Ég kom til Íslands strax eftir útskrift úr dansnámi. Ég sá sýningu með Íslenska dansflokknum í Ósló þegar ég var yngri og heillaðist upp úr skónum. Síðan þá hefur mig langað að starfa með

flokknum. Það var þó erfiðara að aðlagast samfélaginu en ég hélt í fyrstu út af rokinu og tungumálinu. Ég hélt að ég myndi tala reiprennandi íslensku eftir nokkra mánuði,“ segir Einar hlæjandi og við veltum fyrir okkur hvort það sé samt ekki auðveldara að koma til Íslands núna en fyrir tæpum tuttugu árum þegar Cameron kom til landsins. Cameron segir það alveg öruggt.

„Dansinn er alþjóðlegur þannig að ég held að það hafi ekki breyst mikið að starfa með flokknum. En Ísland er allt annar heimur í dag. Þegar ég kom fyrst var erfitt að fá góðan ost og zucchini – eða, enginn vissi hvað zucchini var! Og enginn fór út á þriðjudegi heldur var bara farið út um helgar og þá var ekkert talað – bara drukkið!“

Úr handbolta í dansinn

Einar tekur undir orð Camerons og segist hafa lært mikið á sínum fyrstu tveimur árum í vinnu hjá atvinnudansflokknum. Hann byrjaði ekki að dansa fyrr en fimmtán ára gamall, fyrir aðeins átta árum, og litlu munaði að hann yrði atvinnumaður í handbolta, en ekki dansi.

„Ég var farinn að spila í efstu deild. En svo fyrir hálfgerða tilviljun ákvað ég að fara í inntökuþróf í dansskóla þegar ég var fimmtán ára. Einn virtasti dansari Noregs kemur frá sama litla þorpi og ég og hvatti mig áfram. Ég hafði aldrei heyrt um skólann og inntökuþrófunum var lokið en ég sló samt til. Þetta var mikil breyting fyrir mig og handboltaþjálfarinn skildi ekkert í mér að hætta í boltanum. Það tók mig tvö ár að finna að ég hafði valið rétt og núna er ég mjög sáttur við að hafa valið dansinn.“

En eru þetta ekki ólíkar greinar, handbolti og dans?

„Jú, en það er gott að hafa íþróttahaus í dansinum. Ég mikla ekki hlutina fyrir mér eða flæki þá, heldur bara framkvæmi. Einnig hefur handboltinn hjálpað mér með stökkinn og annað sem krefst styrks í dansinum.“

Dans er meira en ballett

Getur maður sem sagt byrjað að dansa 15 ára?

„Já, það virkaði alla vega fyrir mig. En ég var samt í góðri líkamlegri þjálfun,“ segir Einar.

Sergio grípur orðið. „Já, algjörlega – og ég byrjaði miklu seinna. Ég fór ekki að læra sirkuslistir fyrr en átján ára gamall án þess að hafa nokkurn bakgrunn eða vera í sérstöku líkamlegu formi. Maður getur alveg byrjað að dansa þótt maður hafi ekki æft frá þriggja ára aldri.“

Cameron segir bara betra að byrja aðeins seinna, ef eitthvað er.

„Mér finnst tilhugsunin um að byrja í ballett fimm ára mjög leiðinleg. Börn eiga að leika sér, gera eitthvað spennandi, hlaupa og hafa gaman.“

Ætli það tengist því að ekki fleiri strákar eru í dansi á Íslandi?

„Já, ég held að balletttímar séu ekki aðlaðandi kynning fyrir stráka,“ segir Sergio. „Það er til margs konar dans og líkamlegar listir. En ungt fólk sem ætlar að leggja fyrir sig dans byrjar yfirleitt í ballett, það er kynningin á dansinum, þangað beinir menntakerfið börnunum. Ég held að það sé vandinn, að dyrnar að dansheiminum séu of litlar og þröngar. Bara í gegnum ballettinn.“

Cameron bendir á að á Íslandi sé samkvæmisdansinn dyr strák-

„Mér finnst tilhugsunin um að byrja í ballett fimm ára mjög leiðinleg. Börn eiga að leika sér, hlaupa og hafa gaman.“

Cameron Corbett

„Það er gott að hafa íþróttahaus í dansinum. Ég flæki ekki hlutina, heldur bara framkvæmi.“

Einar Nikkerud

Ég fór ekki að læra sirkuslistir fyrr en átján ára gamall án þess að hafa nokkurn bakgrunn eða vera í sérstöku formi.

Sergio Agea

anna. „Kannski er samt lítið á samkvæmisdans meira sem íþrótt. Þegar ég var að byrja í dansi kynnti kennarinn minn margar greinar fyrir mér og þannig vaknaði áhugi minn en ég veit ekki hversu mikið það er gert í samkvæmisdansinum. Þannig að þótt samkvæmisdansinn sé vissulega dyr inn í dansheiminn er kannski ekki svo auðvelt að fara þaðan á önnur svið dansins.“


Við ljúkum spjallinu á því að vera sammála um að dansinn sé frábært starf. Að það sé hægt að ferðast út um allan heim og fyrir strákana sé alltaf gott að fá vinnu þar sem skortur er á karldönsurum. Dansararnir þrjú ljúka því spjallinu á því að hvetja íslenska stráka áfram á dansbrautinni.

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



Saknar stjórnmalanna
Margrét Tryggvadóttir hefur hug á að taka aftur þátt í stjórnálum. Hún veit þó ekki með hvaða flokki en telur breytingar í aðsigi í pólitísku landslagi.
SÍÐA 2



Queen Extravaganza
Hljómsveitin The Queen Extravaganza treður upp í Eldborgarsal Hörpu 15. ágúst. Hún var sérstaklega mynduð til að koma lögum The Queen á framfæri.
SÍÐA 4

Svefnvandi, kvíði, depurð

MAGNOLIA OFFICINALIS

- Heilbrigður svefn
- Upphaf svefns
- Samfelldur svefn
- Þunglyndi og kvíði



Börkur af plöntunni **MAGNOLIA OFFICINALIS**, sem vex í fjallahéruðum Kína, hefur verið notaður við svefnvandamálum, kvíða og þunglyndi í yfir 2000 ár í Asíu.

„Hjálpur þér að losna úr vítahringnum og ná stjórn á svefninum“
Dr. Michael Breus
www.thesleepdoctor.com

Heilbrigður svefn

Fóanlegt í nær öllum apótekum landsins, Heilsuhúsið, Hagkaup, Fjarðarkaup, Orkusetrið, lifandi Markaður, Heilsuver, Heilsuhorníð Blómaval, Heilsulausn.is og Heimkaup



LOKSINS LAUSN
Maja er loksins laus við sólarexem eftir að hún fór að nota Skin Care Perfect Tan.

NÝTUR SÓLAR ÁN SÓLAREXEMS

ICECARE KYNNIR Eftir að Maja prófaði Skin Care Perfect Tan gat hún loksins notið þess að liggja í sólbaði. Áður hafði sólarexem eyðilagt fyrir henni sólarlandaferðir. Nú getur Maja notið ferðarinnar og sólarinnar án þess að fá sólarexem.

Maja vann lengi í dönsku versluninni Matas og fékk áhuga á heilsuvörum í starfi sínu. „Þegar ég kynntist Perfect Tan-töflunum fyrst ákvað ég að prófa þær, enda með mjög viðkvæma húð,“ segir hún. „Frín mín hafa oft og mörgum sinnum eyðilagst vegna sólarexems. Hendur og fætur voru sérstaklega slæmar af sólarexeminu sem þróaðist oft yfir í blöðrur sem var virkilega óþægilegt. Þetta gerðist þrátt fyrir að ég væri í skugga og hefði notað sólarvörn,“ segir Maja.

PERFECT TAN VIRKAÐI FRÁBÆRLEGA

„Ég var mjög spennt fyrir því hvernig töflurnar myndu virka. Ég byrjaði að taka þær inn um mánuði áður en fríð hófst. Ferðin var yndisleg

and Perfect Tan virkaði frábærlega. Ég gat virkilega notið ferðarinnar án þess að fá sólarexem. Ég upplifði það líka að ég gat verið meira úti í sólinni en ég er vön. Mamma hrósaði mér mörgum sinnum fyrir það hvað ég væri sólbrún, en ég fæ yfirleitt ekki lit. Það er frábært að finna vöru sem virkar, ég er orðin fastur við skiptavinur Perfect Tan.“



HVAR ER HÆGT AÐ KAUPA SKIN CARE PERFECT TAN?

Það er hægt að kaupa Skin Care Perfect Tan í apótekum, heilsuhillum stórmarkaða og öllum heilsuverslunum. Það er einnig hægt að fá Skin Care Perfect Tan á heimasíðu umboðsaðilans, www.icecare.is. Ef þú hefur spurningar hafðu samband við starfsfólk IceCare á ice-care@icecare.is.

SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR

Skin Care Perfect Tan fæst í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare.

www.icecare.is

IceCare
Þín heilsa



„Beetroot hefur gefið mér aukna orku í íþróttum og losað mig við hand- og fótuldann!“

Kristbjörg Jónsdóttir
Zumba kennari og hlaupari

Rauðrófu „extrakt“

í hylkjum

Láttu verðið koma þér á óvart



Útsölustaðir: flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur stórmarkaða og verslana.

Vertu laus við LIÐVERKINA



NUTRILENK™ GOLD

Laus við verki vegna slitgigtar

„Ég hef verið að kljást við slitgigt í hjám og mjóbaki í fjölmörg ár og prófað margt, bæði lyf og náttúruylf sem dugað hafa skammt. Bæklunarlæknir benti mér á að hyggja betur að lífsstílnum og taka inn NUTRILENK. Ég fór að hans ráðum og batinn er ótrúlegur. Ég finn ekki lengur til í hjánum og get hreyft mig óhindrað. Ef ég sleppi því að taka inn NUTRILENK finn ég verkina koma aftur. Ég mæli heilshugar með NUTRILENK.“



Hinrik Ólafsson; leikari, kvikmyndagerðarmaður og leiðsögumaður

Útsölustaðir: flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur stórmarkaða og verslana.

www.gengurvel.is



TUZZI

KRINGLUNNI

Til sölu er tískuverslunin Tuzzi í Kringlunni. Verslunin hefur verið rekin um fimm ára skeið og er þekkt fyrir vandaðan kvenfatnað. Verslunin er með trygg og góð viðskiptasambönd. Tuzzi hefur skapað sér ákveðna sérstöðu og á tryggan hóp viðskiptavina. Verslunin er í 100 m² leiguhúsnæði með langan leigusamning.

Reksturinn hefur gengið vel og skilað ágætum hagnaði.

Áhugasamir hafi samband við jens@kontakt.is

Viðskiptatækifæri á www.kontakt.is

KONTAKT

Fyrirtækjaróðgjöf

Suðurlandsbraut 30 • Sími: 414 1200



BREYTINGAR LIGGJA Í LOFTINU

NÓG AÐ GERA Margrét Tryggvadóttir, fyrrverandi alþingismaður, er að skrifa barnabók sem fjallar um Ísland. Hún saknar stjórnmalavafstursins og stefnir á stjórnmalapáttöku á nýjan leik. Enginn flokkur hentar henni þó núna.

Margrét var á fullu í garðstörfum þegar við náðum tali af henni. „Við erum búin að bera á pallinn, pússa garðhúsgögnin og taka til í garðinum eftir veturinn,“ sagði hún. „Við tókum okkur frí, notuðum þurrkinn til að láta hendur standa fram úr ermum. Tiltekt í bílskúrnum er næst á dagskrá og við ætlum að nota helgina í hana,“ segir Margrét sem býr í suðurhlíðum Kópavogs og er með stóran og skjólgóðan garð. „Fyrir nokkrum árum vorum við að spá í að kaupa okkur sumarhúsið. Ákváðum síðan að hafa sumarhúsið í garðinum, byggðum stóran pall og fengum okkur pott. Það er mjög notalegt í garðinum á góðviðrisdögum.“

BARNABÓK Á LEIÐINI

Annars er ég mest að fást við ritstjórn og ritstörf. Ég er að skrifa bók fyrir krakka sem verður um Ísland og kemur út næsta vor. Bókina er ég að vinna með teiknara og hún er vel á veg komin. Þetta er bók fyrir breiðan aldur,“ útskýrir Margrét en þetta er fjórða barnabókin hennar. „Það er óhemju skemmtilegt að fást við þetta verkefni,“ segir hún.

Margrét er bókmenntafræðingur að mennt og starfaði sem ritstjóri hjá Máli og menningu og síðan Eddu útgáfu en var svo sjálfstætt starfandi. Hún var auk þessa að ljúka við ritstjórn á texta í ferðamannabók. Þar fyrir utan hefur hún nóg að gera í textagerð fyrir hin ýmsu fyrirtæki.

AFTUR Á ÞING

Margrét segist sakna stjórnmalavafstursins að sumu leyti og segist vel geta hugsað sér að fara aftur á þing. „Ég er reyndar fegin að vera ekki á þingi á þessum tíma ársins þegar störfin fara í sinn ljótasta ham. En ég á eftir að koma í gegn einni stjórnarskrá eða svo. Það var ótrúlega mikil og góð reynsla sem ég fékk á Alþingi og er mjög þakklát fyrir hana,“ segir Margrét, sem fylgist vel með öllu því sem gerist í íslenskum stjórnmálum. „Ég er með nefið niðri í öllu sem viðkemur pólitík,“ segir hún. „Ég les meira að segja frumvörp. Mér finnst ástandið hörmulegt á Alþingi. Pólitíkin virðist í pattstöðu en mér finnst samt eins og það sé eitthvað í farvatninu. Það er svo mikil spennan í loftinu að hún hlýtur að brjótast út fyrir en seinna. Ég veit ekki hvað gæti gerst en við getum ekki verið í svona spennu endalaust. Það hefur svo margt verið í kyrrstöðu, gjaldeyrishöftin eru hér enn, að ég tali ekki um stöðuna á vinnumarkaði. Sumir stjórnmálamenn eru ekki í tengslum við almenning. Þeir vita ekki



MEÐ MÖRG ÁHUGAMÁL Margrét segist alltaf vera með nefið niðri í pólitíkinni. En hún hefur mörg önnur áhugamál líka; garðyrkju, hjólaferðir og bóklestur. MYND/GVA

hvernig lífið gengur fyrir sig hjá hinum almenna launþega,“ segir Margrét sem segist vera í góðu sambandi við alþingismenn úr mörgum flokkum.

ENGINN FLOKKUR ÁHUGAVERÐUR

Margrét segist alltaf hafa verið pólitísk en eiga erfitt með að samsama sig einhverjum einum flokki. Þegar hún er spurð með hvaða flokki hún vilji helst vinna, svarar hún: „Ég á von á því að landslagið í pólitík verði breytt þegar kemur að næstu kosningum. Ég finn mig ekki með þeim flokkum sem eru starfandi núna en hef mikla trú á meiri samvinnu á vinstri vængnum. Ég mun fylgjast vel með því sem gerist á næstunni. Það hefur verið mikið rót í þjóðfélaginu eftir hrúnið en breytingarnar liggja í loftinu.“

ER FERÐASJÚK

Margrét segist eiga mörg áhugamál fyrir utan stjórnmálin. „Ég er ferðasjúk. Mér finnst gaman að skreppa í styttri ferðir á hjóli. Svo hef ég líka gaman af því að fara í lengri ferðir. Um páskana fórum við á skíði í Kanada og eyddum svo páskaum í Seattle sem var ótrúlega gaman. Í fyrra hjóluðum við meðfram Dóná en ég ætla að vera dugleg

ALLT AÐ GERAST

„Ég á von á því að landslagið í pólitík verði breytt þegar kemur að næstu kosningum. Ég finn mig ekki með þeim flokkum sem eru starfandi núna en hef mikla trú á meiri samvinnu á vinstri vængnum.“

að hjóla um höfuðborgarsvæðið í sumar. Mér finnst gaman að skoða mig um á hjóli. Maður upplifir umhverfið á annan hátt en þegar ekið er um í bíl. Ég hef líka mjög mikinn áhuga á bókmenntum og myndlist. Svo á ég hund sem ég dýrka. Öll útivera og hreyfing er mér að skapi en svo er ég líka góður kokkur. Ég vil elda fallegan mat frá grunni og hann þarf að vera hollur.“

Margrét segist hafa verið alin upp í hjálparveit skáta. Faðir hennar, Tryggvi Páll Friðriksson, var formaður Landsambands hjálparveitanna og síðan einn framkvæmdastjóra Landsbjargar. Margrét er gift Jóhanni Ágústi Hansen, viðskiptafræðingi og listaverkasala hjá Gallerí Fold, en þau eiga tvo syni, annar þeirra er fluttur að heiman. Margrét hefur haldið úti bloggi á herdubreid.is.

ZenBev - náttúrulegt Triptófan Melatónin úr graskersfræjum

Betri og dýpri svefn
Engin eftirköst eða ávanabinding

Visindaleg sönnun á virkni
sjá vitex.is
Melatónin er talið minnka líkur á blöðruhálskirtilskrabbameini sjá vitex.is
Fæst í flestum apótekum og heilsuþúðum

Upplýsingar í síma 896 6949 og www.vitex.is

Rauðrófu kristall Betra blóðflæði - Betri heilsa

Upplýsingar í síma 896 6949 og www.vitex.is

Nitric Oxide
Nóbelsverðlaun 1998
Sameind ársins 1992
Uppgötvun á Nitric Oxide var upphafið á framleiðslu rislyfja

Eftir fertugt
framleiðir líkaminn 50% minna Nitric Oxide

Breyting nitráts úr fæðu í Nitric Oxide byrjar í **munni**, þess vegna er SuperBeets tekið inn í vökvaformi, en ekki töfluformi.

Fæst í flestum apótekum og heilsuþúðum

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434
Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

Stærðir
36-56

Glænýjar vörur
á FRÁBÆRU verði!

ZIK ZAK
TÍSKUHÚS

Nýtt



KJÓLL
5.990kr
st. S-5XL

Nýtt



PEYSA
5.990kr
st. 36-50

Nýtt



PEYSA
6.990kr
st. 36-50

Nýtt



KJÓLL
5.990kr
st. S-4XL



TOPPUR
7.990kr
st. 42-56



BLÚSSA
5.990kr
st. S-3XL



SKYRTA
ÁÐUR 5.990
NÚ 2.990
st. S-3XL



KJÓLL
ÁÐUR 9.990
NÚ 3.990
st. 42-56



PEYSA
ÁÐUR 11.990
NÚ 2.990
st. S-3XL



BLÚSSA
ÁÐUR 5.990
NÚ 2.990
st. 42-56



KJÓLL
ÁÐUR 11.990
NÚ 5.990
st. 42-56



KJÓLL
ÁÐUR 8.990
NÚ 3.990
st. S-XL

Heilsuréttir fjölskyldunnar



Grænmetislasagna

Opið í dag
12-15



Sumarsprengja
20-50% afsláttur

B/A/S/L/E/R *Parisar* TÍZKAN
Skiptólfli 29b • S.551 | 0770
Sjáðu myndirnar á facebook.com/Parisartizkan



ORIGAMI
Plastbakki
2.750 kr.

FOLIE
Ljósasería
í garðinn eða stofuna
8.900 kr.

MAUI
SÓLSTÓLL
20%
AFSLÁTTUR
NÚ 13.800 KR.

MAUI
Legustóll með strigabaki
Græn- eða rauðmynstrað 13.800 kr.

habitat  **TEKK** COMPANY

FULL BÚÐ
AF NÝJUM
VÖRUM

TEKK COMPANY OG HABITAT | KAUPÚN | SÍMI 564 4400 | WWW.TEKK.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL LAUGARDAGA KL. 11-18 OG SUNNUDAGA KL. 13-18



KRAFTUR „Hljómsveitin er svo góð að ég myndi ekki vilja fara á svið á eftir þeim“ segir Roger Taylor, trommuleikari Queen.

TÓNLIST QUEEN Í LIFANDI FLUTNINGI

TÓNLEIKUR EHF. KYNNIR Hljómsveitin *The Queen Extravaganza* treður upp í Eldborgarsal Hörpu 15. ágúst. Hljómsveitin var sérstaklega mynduð til að koma lögum *The Queen* til nýrra sem eldri aðdáenda um allan heim.


Hljómsveitarmeðlimirnir í *The Queen Extravaganza* voru sérvaldir af trommuleikaranum Roger Taylor og gítarleikaranum Brian May, sem báðir tilheyra upprunalegu hljómsveitinni. „*The Queen Extravaganza* er sérstaklega hugsuð til að nýir sem eldri aðdáendur *Queen* geti notið tónlistar hljómsveitarinnar í lifandi flutningi frá bærra tónlistarmanna,“ segir Taylor, en eins og flestir vita lést Freddy Mercury, söngvari hljómsveitarinnar, langt fyrir aldur fram árið 1991.

„Sýningin er stór í sniðum, mjög myndræn og með óvæntum upptökum,“ segir Taylor. Hann sá sjálfur um að framleiða sýninguna ásamt Spike Edney, hljómborðsleikara *Queen* til margra ára. Saman hafa þeir skapað nær fullkomna tónleikaupplifun og ættu *Queen*-aðdáendur ekki að verða sviknir.

Hljómsveitina skipa tónlistarmenn sem Roger Taylor valdi í sérstakri hæfileika-keppni á netinu. Kanadíski söngvarinn Marc Martel bar sigur úr býtum í þeirri keppni. Hann er áþekkur Freddy Mercury í útliti og söngroddin er ótrúleg lík. Hann hefur líka tekið upp ýmsa takta Freddys. Hljómsveitina skipa auk Martel; Nick Radcliffe á gítar, Tylen Warren á trommur, Francois-Olivier Doyon á bassa. Hljómsveitarstjóri og hljómborðsleikari er Brandon Ethridge. „Hljómsveitin er svo góð að ég myndi ekki vilja fara á svið á eftir þeim,“ segir Taylor.

Marc Martel er fæddur árið 1976. Hann var söngvari í hljómsveitinni *Downhere* frá árinu 1999 til 2011 en hún sérhæfði sig í kristlegri rokk-tónlist. Sólóferillinn hófst árið 2011 eftir þátttöku í hæfileika-keppni Rogers Taylor. Keppnin fór fram á netinu og söng Martel hina ódauðlegu klassík *Somebody to Love*. Á örfáum dögum hafði myndbandið fengið yfir milljón áhorfendur á YouTube. Í dag, þremur árum síðar, hafa rúmlega níu milljónir manna horft á myndbandið en í því hljómar hann nánast alveg eins og hinn goðsagnakenndi Freddy. Það er skemmt frá því að segja að Marc vann keppnina og túrar nú um heiminn með *The Queen Extravaganza*.

Meðal laga á tónleikum hljómsveitarinnar verða *Bohemian Rhapsody*, *Another One Bites the Dust*, *Crazy Little Thing Called Love*, *Under Pressure*, *We Will Rock You / We Are the Champions*, *Kind of Magic*, *Radio Ga Ga*, *Somebody to*




GOÐSÖGN Freddy Mercury upp á sitt besta.



LÍKINDI Marc Martel nær Freddy ótrúlega vel. Söngroddin er mjög áþekkt og sömuleiðis ýmis útlitseinkenni og taktar.

Love, *Killer Queen* ásamt fleiri *Queen*-lögum. Á hljómléikunum verða líka sýndar sjaldgæfar kvikmyndir úr safni *Queen*.

Miðasala hófst í síðustu viku á Harpa.is og eru aðeins örfá sæti laus. Tónleikarnir hefjast klukkan 20 og ættu aðdáendur *Queen* og aðrir áhugasamir að tryggja sér miða.



Leikskólakennari eða

starfsmaður með aðra frábæra háskólamenntun sem nýtist í starfi, óskast til starfa með okkur í frábærum leikskóla, frá og með haustinu eða fyrr...

Leikskólinn Aðalþing starfar í anda hugmyndafræði Malaguzzi frá Reggio Emilia og við leggjum mikið á okkur við að gera góðan skóla strax, því börn hafa ekki tíma til að bíða, þau eldast bara og fara frá okkur. Við reynum að upplifa ævintýrið í sérhverjum degi og leitum að fleiri leikskólakennurum til að njóta þess með okkur.


Vilt þú vinna með mörgum öðrum leikskólakennurum á deildinni?
Væri það ekki draumur?

Við viljum ráða leikskólakennara sem elska að vinna í anda Reggio eða hafa löngun til að kynnast skapandi starfi, uppeldisfræðilegum skráningum og lýðræðsilegum þankagangi í öllu starfi skólans.

Umsóknarfrestur er til 10. júní eða eftir samkomulagi. Hafðu samband við Hörð skólustjóra ef þig langar að forvitnast um starfsmöguleika í Aðalþingi. Síminn er 7703553 og netfangið er horður@adalthing.is



LEIKSKÓLINN
AÐALÞING



hamar.is

Véltæknimaður

Við óskum eftir faglærðum rafvirkja, vélvirkja eða vélstjóra með góða þjónustulund sem staðsettur verður á starfsstöð okkar í Kópavogi. Um er að ræða sérhæfða þjónustu, sem þarfnast þekkingar á vél- og rafbúnaði, við dælukerfi um allt land.

Við leggjum áherslu á :

- að starfsfólk þekki starfsemi okkar
- gæða- og öryggisstefnu fyrirtækisins
- skemmtilegan starfsanda og vinnugleði
- að hæfni ráði vali á starfsfólki
- hvetjandi og öruggt starfsumhverfi
- samkeppnishæf laun

Ráðningarferli:

Val á starfsfólki byggir á faglegum vinnubrögðum. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðargögn. Umsóknarfrestur er til og með **31.05.2015**

Vinsamlegast fyllið út starfsumsókn á heimasíðu okkar www.hamar.is

Nánari upplýsingar veitir: **Árni Gíslason • arni@hamar.is • 660 3602**



Vinnumálastofnun

Frá atvinnuleysi til starfa



Vinnumálastofnun auglýsir eftir tilboðum í virkni- og námsúrræði fyrir atvinnuleitendur sem tryggðir eru innan atvinnuleysistryggingakerfisins sbr. 12. gr. laga nr. 55/2006.

Í starfsáætlun þessa árs leggur Vinnumálastofnun sérstaka áherslu á atvinnuleitendur af erlendum uppruna, konur, háskólamenntaða og ungt fólk, auk þess sem staða ófaglærðra er ávallt áhersluatriði í vinnumarkaðsaðgerðum stofnunarinnar.

Leitað er eftir tilboðum í virkniúrræði/námskeið sem styðja við atvinnuleitendur og styrkja stöðu þeirra á vinnumarkaði.

Áhersla er á virkni- og námsúrræði á eftirfarandi sviðum:

- Sjálfsstyrkingar- og starfsleitarnámskeið fyrir tiltekna markhópa.
- Notkun samfélagsmiðla í atvinnuleit.
- Tölvunámskeið.
- Námskeið í að stofna og reka fyrirtæki.
- Íslenskunám fyrir atvinnuleitendur af erlendu bergi.
- Starfstengd námskeið sem hafa það að markmiði að hvetja þátttakendur til að endurskoða viðtekin viðhorf til kvenna- og karlastarfa.

Jafnt einstaklingum sem fyrirtækjum er boðið að leggja inn tilboð. Gerð er krafa um sérmenntun leiðbeinenda og reynslu af námskeiðshaldi. Vinnumálastofnun áskilur sér rétt til að taka eða hafna öllum tilboðum og verða þjónustusamningar gerðir við þá bjóðendur sem samþykkt verður að ganga til samstarfs við.

Óskað er eftir tilboðum sem tilgreina tilgang og markmið námskeiðs, tímalengd, verð pr. tímaeiningu, námsgögn, staðsetningu og annað sem tilboðsgjafar telja mikilvægt að komi fram.

Tilboðum merkt „Tilboð í virkni- og námsúrræði“ skal skilað fyrir **31. maí 2015** til:

Vinnumálastofnunar, Kringlunni 1, 103 Reykjavík

Fyrirmyndarþjónusta

Virðing

Áreiðanleiki



Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Verkefnastjórar	Ríkiseignir	Reykjavík	201505/517
Sviðsstjóri	Þjóðminjasafnið	Reykjavík	201505/516
Sérfræðingur	Hafrannsóknastofnun	Reykjavík	201505/515
Tæknimaður	Hafrannsóknastofnun	Reykjavík	201505/514
Hjúkrunardeildarstjóri	Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Akranes	201505/513
Skólaliði	Fjölbrotaskólinn í Garðabæ	Garðabær	201505/512
Framhaldsskólakennari	Fjölbrotaskólinn í Garðabæ	Garðabær	201505/511
Læknar í starfsnámi á geðsviði	LSH, skrifstofa geðsviðs	Reykjavík	201505/510
Sérfræðilæknir	LSH, bráðalækningar	Reykjavík	201505/509
Starfsþróunarár hjúkr.fræðinga	LSH, menntadeild	Reykjavík	201505/508
Sérfræðilæknir	LSH, dag- og göngud. Hvítabandsins	Reykjavík	201505/507
Sérfræðilæknar	LSH, göngudeild geðsviðs	Reykjavík	201505/506
Öryggisstjóri	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201505/505
Lektor í félagsráðgjöf	Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið	Reykjavík	201505/504
Doktorsnemi	Háskóli Íslands, Menntavísindasvið	Reykjavík	201505/503
Aðstoðarskólameistari	Fjölbrotaskóli Suðurlands	Selfoss	201505/502
Sjúkraliði	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Neskaupstaður	201505/501
Aðstoðarmaður í umönnun	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Neskaupstaður	201505/500
Lífeindafræðingur	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Neskaupstaður	201505/499
Deildarstjóri	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Neskaupstaður	201505/498
Hjúkrunarfræðingur	Heilsugæslan Hlíðum	Reykjavík	201505/497
Framh.sk.kennarar/ípróttakennari	Verkmenntaskóli Austurlands	Fjarðabyggð	201505/496
Ráðgjafi	Vinumálastofnun	Reykjavík	201505/495
Lífeindafræðingur	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Sauðárkrókur	201505/494
Rannsóknamaður	Hafrannsóknastofnun	Ísafjörður	201505/493
Sálfræðingur	LSH, geðsvið	Reykjavík	201505/492

STÖRF HJÁ GARÐABÆ

Leikskólinn Hæðarból

- deildarstjóri
- leikskólakennari
- aðstoðarmaður matráðs í 40% stöðu

Leikskólinn Akrar

- sérkennsla

Flataskóli

- ræsting

Hofsstaðaskóli

- ræsting

Sjálandsskóli

- kennari
- sérkennari
- stuðningur og aðstoð

Nánari upplýsingar á vef Garðabæjar, www.gardabaer.is



GARÐABÆR
www.gardabaer.is

BÓKARI

50% starfshlutfall

Óskum að ráða bókara til starfa í 50% starfshlutfall.

Starfið felur í sér alhliða bókhaldsstörf, afstemmingar og skil á uppgjöri til endurskoðanda. Viðkomandi þarf að vera reyndur á sínu sviði. Haldgóð kunnátta á Navision tölvukerfi er nauðsynleg.

Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá á netfangið hreyfing@hreyfing.is fyrir 26. maí.

Capacent Ráðningar

capacent

HREYFING
HEILSUGLIND

BLUE LAGOON
ICELAND

Verkefnastjóri

Endurmenntun Háskóla Íslands óskar eftir að ráða verkefnastjóra til starfa. Leitað er að starfsmanni sem býr yfir mikilli samstarfshæfni, sýnir frumkvæði og sjálfstæði í sibreytilegu og spennandi umhverfi og er tilbúinn að takast á við krefjandi starf. Verkefnastjóri vinnur í þróunarteymi með öðrum starfsmönnum Endurmenntunar. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni:

- Þróun námskeiða m.a. á sviði stjórnunar og fjármála
- Samskipti við viðskiptavini, kennara og aðra samstarfsaðila

Menntunar - og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í viðskiptafræði eða sambærilegum greinum er skilyrði
- Reynsla tengd stjórnun og rekstri
- Reynsla af sölu og markaðsmálum er kostur
- Gott vald á íslensku og ensku
- Drifkraftur, frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt og í teymi
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum

Endurmenntun Háskóla Íslands er í afgerandi forystuhlutverki á sviði sí- og endurmenntunar á Íslandi. Þar starfar samhentur hópur fólks að því að efla hæfni og getu viðskiptavina í starfi og einkalífi. Endurmenntun er skilvirkur farvegur fyrir miðlun þekkingar Háskóla Íslands til samfélagsins.

Umsóknarfrestur er til og með 1. júní nk.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Ragnheiður Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent ráðningum.

capacent



Ríkiseignir - Verkefnastjórar

Ríkiseignir óska eftir að ráða tvo verkefnastjóra til starfa á sviði lands og auðlinda.

VERKEFNASTJÓRI VIÐ EIGNAUMSÝSLU

Starfssvið:

- Afgreiðsla erinda og fyrirsvar við umsýslu ríkiseigna
- Samningagerð um leigu, kaup eða sölu eigna
- Samningagerð um ráðstöfun auðlinda og ákvörðun auðlindagjalds

Menntunar - og hæfniskröfur:

- Embættis- eða meistaraþróf í lögum
- Reynsla af samningagerð æskileg
- Gott vald á íslensku í ræðu og riti skilyrði
- Þekking á opinberri stjórnsýslu æskileg
- Frumkvæði og lausnamiðuð vinnubrögð
- Jákvætt viðmót og góð færni í mannlegum samskiptum

VERKEFNASTJÓRI VIÐ GAGNASÖFNUN

Starfssvið:

- Gerð gagnagrunns fyrir land og jarðir í ríkiseigu
- Gerð gagnagrunns fyrir auðlindir í ríkiseigu
- Afmörkun og staðsetning lands, jarða og auðlinda
- Gagnaöflun er styðji við ákvarðanatöku um endurgjald fyrir auðlindir
- Umsýsla auðlinda í ríkiseigu

Menntunar - og hæfniskröfur:

- Háskólapróf er nýttist í starfi, s.s. landafræði, viðskiptafræði eða verkfræði
- Reynsla af vinnu við gagnagrunna, kortagerð og hnitasetningu er æskileg
- Frumkvæði og lausnamiðuð vinnubrögð
- Gott vald á íslensku í ræðu og riti
- Jákvætt viðmót og góð færni í mannlegum samskiptum

Ríkiseignir urðu til við sameiningu Fasteigna ríkissjóðs og Jarðeigna ríkisins. Í umsjón stofnunarinnar eru rúmlega 500 þús. m² húsnæðis, yfir 300 jarðir og fjölmargar lóðir, auk auðlinda í eigu ríkisins. Til auðlinda telst m.a. fallvatn, jarðhiti, neysluvatn og jarðefni. Meginhlutverk Ríkiseigna er: Umsýsla fasteigna í eigu ríkisins, þ.m.t. land og jarðir. Útleiga húsnæðis, lands og ríkisjarða. Rekstur, viðhald og endurbætur á fasteignum. Umsýsla auðlinda í eigu ríkisins.

Umsóknarfrestur er til og með 1. júní nk.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.

Umsókn um störfin þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í störfun. Nánari upplýsingar veita Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) og Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) hjá Capacent ráðningum.

capacent



Sviðstjóri fjármála- og þjónustusviðs

Þjóðminjasafn Íslands auglýsir laust til umsóknar starf sviðstjóra fjármála- og þjónustusviðs.

Hjá Þjóðminjasafni Íslands starfa 75 manns og annast fjármála- og þjónustusviðið allan almennan rekstur stofnunarinnar. Undir sviðið heyra fjármál og rekstur, starfsmannamál, húsnæðis- og öryggismál, tölvumál, stjórnsýsla og skjalavarsla.

Ábyrgð og verkefni:

- Fagleg ábyrgð á starfsemi og þróun sviðsins í samræmi við heildarmarkmið og áherslur stofnunarinnar
- Ábyrgð á að starfsemi stofnunar sé í samræmi við fjárhagsramma
- Ákvörðun um verkefni í samráði við þjóðminjavörð og starfsmenn
- Virk þátttaka í verkefnum sviðsins og verkstjórn
- Samskipti við ráðuneyti, stofnanir og samstarfsaðila

Menntunar og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýttist í starfi, framhaldsgráða í viðskiptafræði æskileg. Nám í opinberri stjórnsýslu kostur
- Þekking á opinberri stjórnsýslu og opinberum fjármálum og rekstri nauðsynleg
- Að minnsta kosti 3 ára stjórnunarreynsla
- Reynsla af starfsmannamálum, launavinnslu og bókhaldi
- Góð tölvukunnátta nauðsynleg
- Lipurð í mannlegum samskiptum og jákvætt viðmót
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi og öguð vinnubrögð
- Færni í íslensku og ensku, jafnt töluðu og rituðu máli, kunnátta í einu Norðurlandamáli kostur

Um er að ræða fullt starf og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Ráðning er tímabundin til 12 mánaða til að byrja með. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélag. Við ráðningar í störf er tekið mið af jafnréttisáætlun stofnunarinnar. Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin. Umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Þjóðminjasafn Íslands er vísinda- og þjónustustofnun og höfuðsafn á sviði menningarminja og rannsókna á menningarsögulegum minjum í landinu. Þjóðminjasafnið er háskólastofnun með sérstakan fjárhag. Hlutverk þess er að auka og miðla þekkingu á menningararfi íslensku þjóðarinnar. Þjóðminjasafn Íslands starfar á grundvelli laga um þjóðminjasafn Íslands nr. 140/2011, safnalaga nr. 141/2011 og laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Umsóknarfrestur er til og með 1. júní nk.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent ráðningum.

capacent

» Ráðningarbjonusta

Starfsmaður í blóðsýnatöku

Rannsóknarstofan í Glæsibæ óskar eftir að ráða einstakling með viðeigandi fagnám til starfa við blóðsýnatöku. Vinnutími er frá kl. 08:00 til kl. 16:00.

» Hæfniskröfur

- Menntun á sviði sjúkraliða, lífeindafræði, hjúkrunarfræði eða sambærilegt
- Nákvæm og vönduð vinnubrögð
- Rík hæfni í mannlegum samskiptum



Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is



Akraneskaupstaður

Laus störf hjá Akraneskaupstað

Eftirfarandi störf eru laus til umsóknar:

Leikskólinn Garðasel

- Starf leikskólakennara eða þroskaþjálfara í Leikskólanum Garðasel.

Leikskólinn Teigasel

- Starf leikskólakennara í Leikskólanum Teigasel.

Brekubæjarskóli

- Störf umsjónarkennara á yngsta stigi, tvær 80% stöður til fastráðningar.
- Starf myndmenntakennara, 73% afleysingastaða til eins árs.
- Starf umsjónarkennara á yngsta stigi, 60% afleysingastaða til eins árs.
- Störf umsjónarkennara á miðstigi, tvær 80% afleysingastöður til eins árs.
- Starf umsjónarkennara á miðstigi, 80% afleysingastaða vegna fæðingarorlofs frá og með 1. október 2015.

Tónlistarskóli Akraness

- Starf fiðlukennara, 100% staða.
- Starf pianókennara, 100% staða.

Sótt er um rafrænt á heimasíðu Akraneskaupstaðar á þar til gerðu eyðublaði.

Allar nánari upplýsingar má finna á www.akranes.is

Starfsmaður í vöruhúsi HEKLU

Vegna aukinna umsvifa vantar starfsmann í vöruhúsi HEKLU.

Starfssvið

- Ber ábyrgð á tiltekt á vörum, pökkun þeirra og sendingu sé í samræmi við staðla framleiðenda.
- Ber ábyrgð á móttöku vara inn á vörulager.
- Ber ábyrgð, ásamt umsjónarmanni vöruhúss, að allt starf innan vöruhúss sé í samræmi við staðla framleiðenda.
- Vinnur eftir gæðakerfi HEKLU og fylgir í hvívetna handbókum, stöðlum og fyrirmælum framleiðenda.
- Önnur tilfallandi verkefni sem yfirmaður felur starfsmanni.

Hæfniskröfur

- Reynsla af starfsemi vöruhúsa er kostur.
- Þekking á vörum fyrirtækisins æskileg.
- Þjónustulund, áreiðanleiki og stundvísi.
- Nákvæm vinnubrögð.
- Góð almenn tölvaþekking.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðjón Ingi Guðmundsson í síma 590 5000 eða gigu@hekla.is

Umsóknarfrestur er til og með 24. maí nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Heklu, www.hekla.is



HEKLA hf er leiðandi fyrirtæki í innflutningi, sölu og þjónustu við nýjar bifreiðar og hefur verið söluhæsta bifreiðumboðið á Íslandi undanfarin ár.

HEKLA er með fimm söluumboð á Íslandi – á Akureyri, Selfossi, Reykjanesbæ, Akranesi og Ísafirði. Höfuðstöðvar félagsins eru við Laugaveg 170-174 í Reykjavík.

Um 100 manns starfa hjá HEKLU hf. Félagið er með umboð fyrir Volkswagen, Audi, Skoda og Mitsubishi og annast þjónustu við þessar tegundir.



Stolt Sea Farm Iceland hf

Vaktmaður í fiskeldi

Stolt Sea Farm, alþjóðlegt, leiðandi fiskeldisfyrirtæki óskar að ráða starfsmann í eldisstöð fyrirtækisins á Reykjanesi. Fiskeldið verður stærst sinnar tegundar í heimi og er því um krefjandi og fjölbreytt framtíðarstarf að ræða. Starfsmaður þarf að hafa bifreið til umráða.

Starfssvið og ábyrgð:

- Almenn fiskeldisstörf.
- Vakta- og bakvaktavinna.

Hæfniskröfur:

- Reynsla úr fiskeldi, fiskvinnslu eða sambærilegu.
- Skipulögð og öguð vinnubrögð.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.
- Reykleysi og reglusemi.
- Hreint sakavottorð.
- Lágmarksaldur 25 ár.

Umsóknarfrestur er til og með 20. maí 2015.

Umsókn og ferilsskrá sendist á íslensku á netfangið ssficeland@stolt.com merkt „Vaktmaður í fiskeldi“.

Góð laun í boði og möguleiki á starfsframa fyrir réttan aðila.



Sölumaður óskast í verslun okkar í Kópavogi. Í boði er spennandi og skemmtilegt sölumannsstarf

Menntun og reynsla: Hæfni í mannlegum samskiptum - Stundvísi - Áreiðanleiki - Reynsla af sölumennsku er æskileg en ekki nauðsynleg - Þekking á púplaganaefni og hreinlætistækjum kostur. Æskilegt er að viðkomandi hafi náð 23 ára aldri. Starfið felur í sér að afgreiða í verslun okkar í Kópavogi.

Umsóknarfrestur til: 29.05 2015 - um er að ræða sumarstarf með möguleika á framlengingu (framtíðarstarfi).

Vinnutími: 9.00 - 18.00 alla virka daga og einhverja laugardaga.

Launakjör: Samkomulag

Starfið er laust nú þegar - nánari upplýsingar gefur starfsmannastjóri Tengis - Árni Birgisson

Umsóknir óskast sendar á atvinna@tengi.is

Opið virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15 • www.tengi.is • tengi@tengi.is

Smíðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050



Melabraut 18 - 220 Hafnarfirði - Sími 599-6051

VEGNA AUKINNA VERKEFNA ÓSKA HAGVAGNAR EFTIR AÐ RÁÐA EFTIRFARANDI STARFSMENN:

BÍFVÉLAVIRKJA Á VERKSTÆÐI HAGVAGNA

Starfshlutfall: fullt starf / framtíðarstarf

Dagsetning ráðningar: Sem fyrst

Laun: samkomulag

Starfslýsing: Leitum að starfsmanni til þess að annast almennar viðgerðir og önnur störf sem eru því tengd.

Hæfniskröfur: Æskilegt að hafa menntun í bifvélavirkjun en áhugi og reynsla af bílavíðgerðum kemur einnig til greina. Aukin ökuréttindi æskileg.

BÍLASMÍÐ OG BÍLAMÁLARA

Starfshlutfall: fullt starf / framtíðarstarf

Dagsetning ráðningar: Sem fyrst

Laun: samkomulag

Starfslýsing: Leitum að starfsmönnum til þess að starfa við almennar réttingar, málun og önnur störf sem eru því tengd.

Hæfniskröfur: Æskilegt að hafa menntun í faginu, en áhugi og reynsla af slíkri vinnu kemur einnig til greina.

STARFSMENN Á DEKJA OG SMURVERKSTÆÐI

Starfshlutfall: fullt starf / framtíðarstarf

Dagsetning ráðningar: Sem fyrst

Laun: samkomulag

Starfslýsing: Leitum að starfsmanni á smur- og hjólbarða-verkstæði Hagvagna og önnur störf sem eru því tengd.

Hæfniskröfur: Æskilegt að hafi reynslu af slíkum störfum.

Hægt er að senda inn umsóknir á palmar@hopbilar.is eða hafa samband við Þórð í síma 8220066.

Sölumaður óskast

Ísbíllinn leitar að sölumönnum í fullt starf eða kvöld og helgarvinnu.

Góð laun fyrir góða starfsmenn.

Umsókn og ferilskrá sendist fyrir 20. maí á

isbillinn@isbillinn.is.



www.isbillinn.is



Við leitum að leiðtogum

Fjármálasvið Orkuveitu Reykjavíkur leitar að forstöðumönnum sem tilheyra stjórnendateymi sviðsins. Viðkomandi þurfa að búa yfir mjög góðri samskiptahæfni og þjónustulund ásamt sjálfstæði, frumkvæði og öguðum vinnubrögðum.

Forstöðumaður Áhættustýringar

Forstöðumaður Áhættustýringar ber ábyrgð á áhættustýringu Orkuveitusamstæðunnar ásamt mótun stefnu og framtíðarsýnar.

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Dagleg stýring einingarinnar
- Umsjón greiningar og mats á fjármála- og rekstraráhættu
- Umsjón með áhættuvörnum
- Skilgreining ákvarðanatökufærla
- Gerð varnarsamninga
- Álagsprófanir á rekstri

Menntunar- og hæfnikröfur

- Háskólapróf, s.s. á sviði viðskipta- eða verkfræði, er skilyrði
- Framhaldsmenntun á háskólastigi er kostur
- Stjórnunarreynsla er kostur
- Reynsla af áhættustýringu er skilyrði
- Mjög gott vald á íslensku og ensku

Forstöðumaður Fjárstýringar og áætlana

Forstöðumaður Fjárstýringar og áætlana ber ábyrgð á fjárstýringu og áætlanagerð Orkuveitusamstæðunnar ásamt mótun stefnu og framtíðarsýnar.

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Dagleg stýring einingarinnar
- Umsjón með fjármögnun
- Umsjón með lausafjárstýringu
- Umsjón með áætlanagerð
- Samskipti við fjármálastofnanir
- Umsjón með arðsemisgreiningum
- Umsjón með stjórnendaupplýsingum og greiningarvinnu

Menntunar- og hæfnikröfur

- Háskólapróf, s.s. á sviði viðskipta- eða verkfræði, er skilyrði
- Framhaldsmenntun á háskólastigi er kostur
- Stjórnunarreynsla er kostur
- Reynsla af fjárstýringu skilyrði
- Mjög gott vald á íslensku og ensku

Við hvetjum bæði karla og konur til að sækja um störfin

Nánari upplýsingar veitir Bryndís Ernsts dóttir mannauðsráðgjafi í netfanginu starf@or.is.

Þú sækir um á ráðningavef Orkuveitunnar starf.or.is.

Umsóknarfrestur er til og með 25. maí 2015.



JAFNRÉTTISRÁÐ

Orkuveita Reykjavíkur hlaut jafnréttisviðurkenningu 2002 og 2013

Orkuveita Reykjavíkur er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi, vinnuumhverfi og möguleika til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð.

Nánari upplýsingar um þjónustu okkar má finna á www.or.is



K-Apartments ehf. auglýsir eftirtaldir stöður:

Móttaka

Apartment K

Óskum eftir starfsmanni á dagvakt. Frá 1 Júní.

Um er að ræða 100% stöðu.

Umsóknir sendist á: jobs@apartmentk.is

Pernur

OK Hotel - Apartment K

Pernur í hótelprif. 100% stöður og hlutastörf.

Umsóknir sendist á: headhousekeeper@apartmentk.is

Þjónar

K-Bar

Þjón í sal, vaktavinna 100% stöður og hlutastörf.

Umsóknir sendist á: kbar@kbar.is

Aðstoðarkokkur

K-Bar

100% stöður og hlutastörf. Unnið á kvöldvöktum.

Umsóknir sendist á: kbar@kbar.is

K-people

VÖRUMERKJASTJÓRI

Ölgerðin óskar eftir að ráða vörumerkjastjóra til starfa á markaðssviði. Starfið felur í sér stjórnun á þekktum vörumerkjum í flokki áfengra drykkja. Við leitum að einstaklingi með ástriðu fyrir starfinu og vörunum og er tilbúinn að ferðast erlendis vegna starfsins. Viðkomandi þarf að viðhalda áhugaverðum viðskiptasamböndum, sinna áætlanagerð og eftirfylgni með þeim.

HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólagráða í viðskiptafræði eða sambærilegt
- Reynsla af sölu- og markaðsmálum
- Reynsla af rekstri
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, frumkvæði, jákvæðni og áreiðanleiki

Nánari upplýsingar um starfið veita Júlíus Kristjánsson, mannauðsstjóri, (Julius.Steinn.Kristjansson@olgerdin.is) og Gunnar B. Sigurgeirsson (Gunnar.B.Sigurgeirsson@olgerdin.is), framkvæmdastjóri markaðssviðs.

Umsóknarfrestur er til og með 25. maí nk. Umsókn ásamt ítarlegri ferilskrá og kynningarbréfi óskast send á netfangið Julius.Steinn.Kristjansson@olgerdin.is merkt „Vörumerkjastjóri“. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.



3,8 m	0,3 m	0,2 m	1,9 m	0,4 m	1,4 m			
17.12	23.29	13.07	13.36	15.05	21.27			
4,0 m	0,2 m	-0,0 m	2,1 m	0,3 m	1,5 m			

Kaupmannah.	Oslo	Stokkhólmur	Gautaborg	Helsinki	Pörshöfn	Nuuk
12°	12°	15°	9°	11°	8°	-1°
London	Amsterdam	Paris	Berlin	Madrid	Brussel	Róm
17°	14°	16°	18°	24°	14°	23°
Boston	New York	Orlando	Moskva	Singapúr	Tókyó	Sydney
13°	16°	23°	9°	28°	19°	16°

Reykjavík



Sun	Mán	Þri	Mið	Fim
8°	8°	8°	6°	6°
↘ 10	↘ 5	↗ 7	↗ 6	↘ 7

Ísafjörður



Sun	Mán	Þri	Mið	Fim
0°	1°	2°	3°	1°
↘ 15	↘ 6	↔ 7	↗ 7	↘ 15

Akureyri



Sun	Mán	Þri	Mið	Fim
2°	3°	4°	6°	1°
↘ 4	↘ 3	↔ 4	↗ 5	↘ 6

Egilsstaðir



Sun	Mán	Þri	Mið	Fim
6°	5°	4°	4°	3°
↔ 8	↘ 8	↗ 3	↔ 14	↘ 4

Kirkjubæjarklaustur



Sun	Mán	Þri	Mið	Fim
6°	9°	9°	7°	7°
↘ 5	↔ 1	↗ 4	↗ 7	↘ 7

Myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Øverli



GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Billy Elliot

Söngleikjanámskeið

fyrir börn og unglinga á aldrinum 8-14 ára

Dansþjálfarar Chantelle Carey og Guðmundur Elías Knudsen

Námskeiðin fara fram í Borgarleikhúsinu á virkum dögum klukkan 09:00 - 13:00

Dagsetningar

15. - 26. júní (9 virkir dagar)
20. - 30. Júlí (10 virkir dagar)
4. - 14. ágúst (9 virkir dagar)

Skráning og frekari upplýsingar

Þáttökugjald er 40.000 kr. fyrir 10 daga námskeið og 30.000 kr. fyrir 9 daga námskeið en allar frekari upplýsingar má nálgast með því að senda póst á billy@borgarleikhus.is

Skráning hjá miðasölu Borgarleikhússins í síma 568-8000 eða með því að senda póst á midasala@borgarleikhusid.is

568 8000 | borgarleikhus.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

Frá kr. **69.900**

SÉRTILBOÐ
Bodrum, Krít, Marmaris, Salou
&
Allt að **20.000 kr.**
bókunarfsláttur á mann
til 1. júní 2015.
Albir, Benidorm, Bodrum, Marmaris.
Valdar dagsetningar, valin hótél.

Bókaðu sól í sumar

Krít



m/allt innifalið

Stökktu

Frá kr. 109.900

Netverð á mann frá kr. 109.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í stúdíó/herbergi/íbúð. Netverð á mann frá kr. 165.900 m.v. 2 fullorðna í stúdíó/herbergi/íbúð. Stökktu 21. maí í 11 nætur.

Salou



m/morgunmat

Hotel Oasis Park

Frá kr. 69.900

Netverð á mann frá kr. 69.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 79.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 5. júní í 7 nætur á sértilboði.

Tenerife



m/allt innifalið

Villa Adeje

Frá kr. 119.900

Netverð á mann frá kr. 119.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 155.900 m.v. 2 fullorðna í stúdíó. 6. júní í 14 nætur á sértilboði.

Albir



m/morgunmat

Sun Palace Albir

Frá kr. 74.900

Netverð á mann frá kr. 74.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 91.900 m.v. 2 fullorðna í stúdíó. 7. júní í 7 nætur m/bókunarfslætti.

Benidorm



m/hálft fæði innifalið

Benikactus

Frá kr. 89.900

Netverð á mann frá kr. 89.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 99.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 7. júní í 7 nætur á sértilboði.

Bodrum



m/allt innifalið

Eken Resort

Frá kr. 119.900

Netverð á mann frá kr. 119.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 148.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 18. júní í 11 nætur m/bókunarfslætti.

Marmaris



m/hálft fæði innifalið

Hotel Romance

Frá kr. 99.900

Netverð á mann frá kr. 99.900 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 109.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 18. júní í 11 nætur á sértilboði.

Fuengirola



Nuriasol

Frá kr. 111.900

Netverð á mann frá kr. 111.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 135.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 25. júní í 11 nætur.

MENNING

Listin er ónæmiskerfi samfélagsins

Arnbjörg María Danielsen býr í Berlín og starfar í veröld alþjóðlegrar óperu, tónlistar- og menningarviðburða. Vel menntuð, ung kona með skýra framtíðarsýn og óhrædd við að setja fram gagnrýni á Íslensku óperuna sem hefur ekki efni á því að skella við skollaeyrum.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Arnbjörg María Danielsen er ung kona sem er að hasla sér völl í evrópskum menningarheimi en er minna þekkt hér heima fyrir. Arnbjörg María býr í Berlín og starfar sem framleiðandi, listrænn stjórnandi og leikstjóri í veröld alþjóðlegrar óperu, tónlistar- og menningarviðburða sem nær þó vart utan um allt sem hún fæst við frá degi til dags.

Arnbjörg María tekur engu sem gefnu heldur er í sífelli leitandi í framleiðslu sinni sem og listsköpun, sem er búið að vera viðburðaríkt ferðalag.

Gruflarinn

„Tónlist og leikhús hafa ávallt skipað stóran sess í lífi mínu en ég stefndi frekar að því að læra listfræði, fornleifafræði, stjórnmálafræði eða eitthvað slíkt. Var komin til Ítalíu til þess að læra listasögu og alþjóðleg stjórn má og að vinna sem fararstjóri þegar áhugi minn á óperu leiddi mig í minn fyrsta söngtíma, hjá Kristjáni Jóhannssyni. Hlutirnir gengu hratt fyrir sig og ég átti dýrmæt ár með Alinu Dubik og fleira stórkostlegu fólki í Tónlistarskólanum í Reykjavík, sem undirbjó mig fyrir mastersnám í óperu og tónlistarleikhúsi við Mozarteum-háskólann í Salzburg.“

Þó að mér gengi vel að syngja, einkenndist tíminn í Mozarteum af miklum sjálfsefa. Ég eyddi miklum tíma á bókasafninu í samamburði við aðra söngvara og sótti meira og meira í samtímatónlist og framúrstefnulegri sviðsframsetningar og listform. Þegar kom að því að hrökkva eða stökkva sem söngvari varð ég að horfast í augu við það að ég saknaði þess of mikið að hugsa og grufna. Hafði meiri áhuga á hugmyndavinnunni og öllu því sem að baki liggur, frekar en að standa sjálf í sviðsljósinu. Fannst aðrir eiga miklu meira erindi á fjalirnar en ég.“

Ný hugsun

Arnbjörg María söðlaði um og fór í annað mastersnám í háskólanum í Zürich og flutti sig þannig yfir á svið listrænnar stjórnunar, dramaturgu og framleiðslu. Námið í Zürich var sérsniðið að rekstrarþörfum opinberra liststofnana með megináherslu á leikhús og óperuhús. Það var samtvinnnað af húmanísku fögunum, heimspekideildinni og hagfræðideildinni í samstarfi við stóru óperuhúsin, leikhúsin, hátíðir og söfn í Evrópu. Flestir sem komust að voru talsvert eldri og reyndari, sem hjálpaði Arnbjörgu að mynda gríðarsterkt tengslanet innan menningarheimsins.

„Þarna fékk ég tækifæri til þess að vinna með færum fagaðilum á jafningjagrunni því stjórnendur námsins og nemendur voru margir hverjir í ábyrgðarstöðum eða að stýra stórum húsum og listviðburðum.“

Það voru miklir hugsjónamenn sem stóðu á bak við þetta því námið var í sjálfu sér sprottið upp úr ákveðinni krísu sem snýr að réttlætingu á fjármögnun og stöðu opinberra leikhúsa í Evrópu í dag. En þarna lærði maður að fara nýjar leiðir og hvernig á að vinna af heilindum með hagsmunum listarinnar og samfélagsins í öndvegi.“

Far North

Í dag vinnur Arnbjörg María mest í Þýskalandi og víða á Norðurlöndunum. „Þetta eru fjölbreytt verk-

efni. Ég vann til að mynda sem listrænn stjórnandi að 1864 sem var samstarf á milli Danmerkur og Þýskalands til að minnast loka Slésvíkurstriðsins, og nú í vetur sem listrænn stjórnandi 150 ára afmælis danska tónskáldsins Carls Nielsen. Ég verð næstu árin að vinna að sviðuðum mýsíkdráttiskum verkefnum og óperum í Þýskalandi og víðar. Mér þykir spennandi að vinna með sífóníu-hljómsveitum á sviðsrænan hátt og gera tilraunir með rýmið. Þetta er flókið form og krefst mikillar útsjónarsemi og nákvæmni í framkvæmd.“

Annars er það verk sem ég brenn hvað mest fyrir alþjóðlegt tengslanet og framleiðsluvettvangur fyrir tónlistarleikhús í öllum sínum fjölbreytileika sem við Þorleifur Örn Arnarsson leikstjóri og fleira ungt fólk frá Norðurlöndunum settum á laggirnir undir nafninu Far North. Þar er verið að skiptast á hugmyndum og sækja innblástur hvert til annars.“

Fyrsta stóra samstarfsverkefni Far North er ópera eftir Önnu Þorvaldsdóttur, UR_Some Kind of Opera, í leikstjórn Þorleifs. Hún verður frumsýnd í Theater Trier í Þýskalandi í september. Þaðan fer hún í norsku Þjóðaróperuna, til Basel í Sviss og víðar. „Við erum svo að leggja drög að flutningi á Listahátíð í Reykjavík á næsta ári. Þannig að það er í mörg horn að líta.“

Sköpun og traust

Sem listrænn stjórnandi og leikstjóri leggur Arnbjörg María áherslu á að hún treysti áhorfendum til þess að meðtaka. „Þannig vil ég meðtaka og því ber mér að sjálfsgöðu að treysta öðrum til þess sama. Áhorfendur er miklu klárari en við höldum. Þeir geta fyllt í eyðurnar, bætt við og tekið þátt í hinna listrænu upplifun með sínum innri sköpunarkrafti.“

Viðs vegar innan óperuheimsins er meinlaus nálgun vandamála og þá einkum þegar kemur að verkefnavali. Verkefnavalið þjappast í kringum tíu til fimmtán verk, t.d. á Íslandi eru svo fá verk sem fara í uppfærslu að þau koma nær aðeins af topp 10 alþjóðlega vinsældalistanum. Þá er hætt við að árhofendur kynnist aðeins brotabroti af hinu fjölbreytta tónmáli sem finnst innan óperunnar og fagurfræðin getur orðið einsleit. Hús í þessari stöðu hætta oft að vera hluti af lífandi hefð og verða einhvers konar skemmtanaleikhús sem vantar alla vídd. Þannig hafa t.d. mörg lykilverka óperubókmenntanna aldrei verið flutt á Íslandi og það er ekki gott mál, því þá vantar stóra samhengið. Það verður spennandi að fylgjast með framþróuninni á Íslandi næstu misserin.“

Samfélagslegar skyldur

Málið er að leikhús, tónlistarhús og óperur sem eiga tilvist sína undir opinberri fjármögnun þurfa að eiga virkt samtal við samfélagið um tilverurétt sinn og mikilvægi. Þetta samtal á sér stað á opinberum vettvangi og allt þarf að vera opinbert og til umræðu. Það er eina leiðin til þess að réttlæta fyrir almenningi það sem við erum að gera. Það fólk sem er í forsvari í listheiminum getur ekki ætlast til þess að fólk bara sætti sig við það í blindni að listir séu órjúfanlegur og lífsnauðsynlegur hluti af lýðræðislegu samfélagi á 21. öldinni. Ef umræðan um mikilvægi listarinnar í samfélaginu fer fram í lokuðum hópum og fyrir luktum dyrum þar sem allir eru meira eða minna sammála missum við af dýrmætu tækifæri og



Það er ótækt að fólk sem er í forsvari fyrir stofnun sem rekin er að stórum hluta fyrir almannafé nýti sér vísitandi glufu í lagamma um sjálfseignarstofnanir til að firra sig ábyrgð og undanskilja ferla og verklag frá stjórnsýslulögum.

hætt er við að þetta mikilvæga samtal fari fyrir ofan garð og neðan. Þetta þýðir ekki að listin sjálf, innihaldið sjálf, eigi að lúta einhverjum lýðræðislegum lögmálum. En umgjörðin um hana og stofnanirnar svo sannarlega. Það er til að mynda sorglegt að fylgjast með því hvernig kerfisbundið er vegið að tónlistarlífi í landinu með þeim vanhugsuðu gjörningum er snúa að fasteignagjöldum á Hörpu um þessar mundir. Þetta þarf að ræða af miklu meiri nákvæmni á opinberum vettvangi.“

Stjórnun listheimsins

Íslenska óperan hefur verið talsvert í umræðunni að undanförunum en aðspurð um þróun mála segir

Arnbjörg María að þar virðist hafa verið meðvitað eða ómeðvitað kastað til hendinni og ekki viðhafðir starfshættir sem tíðkast í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við. „Það er ótækt að fólk sem er í forsvari fyrir stofnun sem rekin er að stórum hluta fyrir almannafé nýti sér vísitandi glufu í lagamma um sjálfseignarstofnanir til að firra sig ábyrgð og undanskilja ferla og verklag frá stjórnsýslulögum. Þetta er tæknilega séð ekki ólöglegt. En þetta er meðvitað ákvörðun sem stjórn óperunnar er í sjálfsveld sett (miðað við núverandi fyrirkomulag) og þegar kemur að hagsmunum listarinnar og samfélagsins er hún einfaldlega röng.“ Arnbjörg María minnir

á að það getur verið hollt að muna úr hvaða grunni óperan er sprottin. „Óperan á rætur sínar að rekja til rannsóknar á hinu forna gríska leikhúsi, frummynd hins evrópska leikhúss, sem hefur ávallt í eðli sínu verið pólitískt í þeim skilningi að það þrífst ekki án þess að setja fram áleitnar spurningar um hina mannlegu tilvist og stöðu mannsins í samfélaginu á hverjum tíma.“

Það er þessi órjúfanlega samfélagslega vídd sem óperan þrífst á. Þess vegna er ábyrgðin lykilaatriði. Þegar stjórnun listheimsins, innviðirnir sjálfir – ekki listin sjálf, er farin að spegla það sem er ekki í lagi í samfélaginu þá er það mjög alvarlegt mál. Listheimurinn verður að vera vitinn í myrkrinu og taka hlutverk sitt alvarlega. Strúktúrarnir verða að vera í lagi og gefa fyrirheit um betra samfélag, vegna þess að þeir endurspeglar stöðu hins lýðræðislega samfélags. Aðeins þannig getur listin þrífst á eigin forsendum og skilað sínu hlutverki sem ómissandi ónæmiskerfi samfélagsins.“

*Seiðandi og kraftmikil tónlist Brittens sækir innblástur
í ólgandi Atlantshafið og lýsir fárviðri tilfinninganna sem
magnast kringum skipstjórann ógæfusama, Peter Grimes*


Peter Grimes

Sinfóníuhljómsveit Íslands og Íslenska
óperan flytja Peter Grimes ásamt alþjóð-
legum stórsöngvurum í tónleikauppfærslu
í Hörpu á Listahátíð í Reykjavík


22. maí KL. 19:30 í Eldborg




Stuart Skelton



Susan Gritton




Ólafur Kjartan Sigurðarson



Hanna Dóra Sturludóttir



Hallveig Rúnarsdóttir




Lilja Guðmundsdóttir




Snorri Wium



Viðar Gunnarsson



Ingveldur Ýr Jónsdóttir



Garðar Thór Cortes



Oddur Arnþór Jónsson



Jóhann Smári Sævarsson

Miðasala á www.harpa.is

Frumflutningur á Íslandi

Peter Grimes eftir Benjamin Britten
Hljómsveitarstjóri: Daníel Bjarnason

Sinfóníuhljómsveit Íslands
Kór Íslensku óperunnar

Einsöngvarar: Stuart Skelton, Susan Gritton, Ólafur
Kjartan Sigurðarson, Hanna Dóra Sturludóttir, Hallveig
Rúnarsdóttir, Lilja Guðmundsdóttir, Snorri Wium, Viðar
Gunnarsson, Ingveldur Ýr Jónsdóttir, Garðar Thór Cortes,
Oddur Arnþór Jónsson & Jóhann Smári Sævarsson

Stofnaðilar

Reykjavíkurborg

MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Bakhtarlar

TVG-ZIMSEN
FLUTNINGSMIDLUN

:REITIR

BRIM
SKAFOUÐ

ÍSLENSK
ERFDAGREINING

HVENÆR? HVAD? HVAR?

LAUGARDAGUR

16. MAÍ 2015

Gjörningar

13.00 Verkið OG býður í fjöruka kökuveislu. Nýlistasafninu. Kökuveislan stendur yfir í 30 mínútur. Krakkar á öllum aldri sérstaklega velkomnir.

Tónleikar

16.00 VORTÓNLEIKAR TÓNLISTARSKÓLANS Í REYKJAVÍK. Salnum Tónlistarhúsi. Fjölbreytt efnis-skrá með fjölda flytjenda. *Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.*

21.00 AMABA DAMA OG RVK SOUNDSYSTEM. Skemmtistaðurinn Húrra. Miðaverð 2.000 krónur.

21.00 MINNINGARTÓNLEIKAR UM BRAGA RAGNARSSON TÓNLISTARMANN. ObLaDi-ObLaDa, Frakkastíg 8. Bragi lést í síðasta mánuði. Fjöldi tónlistarmanna kemur fram.

22.00 SKÚLI MENNSKI OG HLJÓMSVEIT. Kaffi Rauðku. Tónleikarnir hefjast klukkan 22.00. *Aðgangseyrir 21000 krónur.*

22.20 METALBANDIÐ DYNFARI. Gauknum, Tryggvagötu 22. Útgáfu þriðju plötu þeirra, Vegferð tímans, verður fagnað. *Aðgangseyrir 1.000 krónur.*

Sýningar

14.00 SIRRA, SIGRÚN SIGURÐAR-DÓTTIR SÝNIR GEYMA/CONTAINERS. Listahátíð í Listasafni Ársninga. Á sýningunni er gestum boðið að ganga inn í myndheim Sirru sem sækir efniviðinn í tölulegar staðreyndir og rannsóknir.

17.00 OPNUN SÝNINGARINNAR VERKSUMMERKI. Ljósmyndasafn Reykjavíkur. Verksummerki fjallar um



huglægar og nærgöngular tilhneigingar í íslenski samtímaljósmyndun.

Hátíðir

11.00 FJÖLBREYTT MENNINGARDAGSKRÁ. Menningarhúsunum í Kópavogi á Menningardeg í Kópavogi. Dagskrá er í húsunum frá klukkan 11 til 20. *Ókeypis á alla viðburði.*

Námskeið

13.00 MYNDLISTARKONAN WIOLA UJAZDOWSKA Kjarvalsstöðum laugardagana 16. og 23. maí frá kl. 13 til 16. Wiola stýrir ókeypis örnámskeiðum á pólsku fyrir börn í Hugmyndasmiðjunni.

Tónlist

23.00 ALCHEMIA ÁSAMT VOLCANOVA OG SHADY. Íslenska Rokkbarnum. Húsið opnar kl 17. Tónleikar hefjast kl 23. *Aðgangur ókeypis.*

23.30 INGVAR VALGEIRS. Ránni. Trúbb, gert er ráð fyrir suðvestan gleði með stuði og fjöri á köflum.

Myndlist

14.00 PORSTEINN GÍSLASON OG KRISTJÁN PÉTUR SIGURÐSSON. Verksmiðjunni á Hjalteyri. Innsetningin Wood you see Wood you listen opnuð. Sýningin er opin í frá klukkan 14-17.

SUNNUDAGUR

17. MAÍ 2015

Tónleikar

16.00 SUMARTÓNLEIKAR. Selfosskirkju. Þreykið Ásgeir Páll, Egill Árni og Þóra Gylfa að syngja inn sumarið og Bjarni Jónatansson píanóleikari leikur með. *Aðgangseyrir 2.000 kr. Ekki posi á staðnum*

16.00 NÝJABRUM Í STOFUNNI, TÓNLEIKAR Í HEIMAHÚSI.

Óðinsgötu, 101 Reykjavík. Tónskáldin Daníel Bjarnason, María Huld Markan Sigfúsdóttir og Haukur Tómasson hafa samið ný tónverk og verða þau frumflutt á þessum tónleikum.

16.00 TÓNLEIKAR. Reykholtskirkju. Á tónleikunum leikur Gunnar Kvaran Sellós vítur og Saraböndur eftir J.S. Bach og frumflytur ásamt Hauki Guðlaugssyni lag eftir Pál Guðmundsson á Húsafelli. *Allir velkomnir.*

16.00 TÓNLEIKAR SINFÓNÍU-HLJÓMSVEITAR ÁHUGAMANNA. Seltjarnarneskirkju. Ari Þór Vilhjálmsson leikur einleik í fiðlukonserti í e moll opus 64 eftir Felix Mendelssohn.

16.00 LOKATÓNLEIKAR STARFSÁRS STÓRSVEITAR REYKJAVÍKUR.

Silfurbergi, Hörfu. Frumfluttar verða útsetningar Kjartans Valdemarssonar á verkum Jóels Pálssonar. Miðasala á midi.is og harpa.is. *Aðgangseyrir 3.000 en kr. 2.000 fyrir námsmenn og eldri borgara.*

17.00 ÚTSKRIFTARTÓNLEIKAR SUNNU RÁNAR STEFÁNSDÓTTUR TÓNSKÁLDS OG FIÐLULEIKARA. Seltjarnarneskirkju.

Leiklist

20.00 Síðasta sýning á kabarettinum Leitinn að Jörundi í Þjóðleikhúskjallaranum, en þar er sögð ævintýraleig saga hundadagakonungins í myndum, tali og tónum.

Fræðsla

11.00 ÍSLENSKI SAFNADAGURINN, UMHIRÐA FJÖLÆRINGA. Grasagarði Reykjavíkur í Laugardal. Fræðsla um umhírðu fjölæringa.

Sýningar

13.30 HJÓNIN PAULIUS OG JUVENTA MUDÉNIENÉ MEÐ SÝNINGUNA LÍSA OG UNDRU ENGISINS. Kaffi 111 á efri hæð Gerðubergs. Bókarkynningin hefst kl. 13.30 og stendur í um klukkustund. Sýningin Lísa og undru engisins opnar kl. 14.30. *Allir velkomnir.*



13.30 LEIÐSAGNIR BAK VIÐ TJÖLDIN. Hönnunarsafninu. Í tilefni af íslenska safnadeginum. Takmarkaður fjöldi gesta og er miðað við tíu gesti í hóp. Fjórar leiðsagnir sem taka hálf tíma hver. Kl. 13.30; 14.30; 15.30 og 16.30. *Ókeypis aðgangur er á safnið þennan dag.*

14.00 KÍNASAFN UNNAR. Njálsgötu 33a. Opið í dag, safnadaginn. Boðið verður upp á te og bakkelsi.

14.00 OPNUN Á SÝNINGUNNI HJÁ-VERKIN, ATVINNUSKÖPUN KVENNA Í HEIMAHÚSUM 1900-1970. Árbæjar-safni. Sýningin verður opnuð í Kornhúsinu. *Allir velkomnir og frítt inn.*

17.00 SAFNADAGUR. Listasafn Íslands. Sjónum beint að nýjustu deild Listasafns Íslands, Vasulka-stofu og fjölskyldu- og miðlunarrýminu Hugskoti og þeirri starfsemi sem þar fer fram.

Dans

20.00 DANS. Félagsheimili eldri borgara í Reykjavík í Stangarhyl 4. Dansað til kl 23.00. Hjómssveit Hússins leikur fyrir dansi. Félagar taki með sér gesti. *Aðgangseyrir er kr. 2.000 en kr. 1.600 gegn framvísun félagsskirteinis.*

20.30 SUNNUDANSKÖLD, ÓKEYPIS BYRJENDAKENNSLA. Kaffi Sólon. Swing, Rock and Roll og Boogie Woogie.

Tónlist

13.00 KRAKKAJAZZ. Kex Hostel. Sigga Eyrún, Agnar Már og Snorri Sigurðar sem voru saman í Mary Poppins í Borgarleikhúsinu. *Frítt inn og allir velkomnir.*

Listamannspjall

13.00 SÝNINGARSPJALL UM HINA NÝOPNUÐU SÝNINGU VERKSUMMERKI: HUGLÆG OG PERSÓNLEG SAMTÍMALJÓSMYNDUN. Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Brynja Sveinsdóttir sýningarstjóri stýrir spjallinu. *Allir velkomnir og frítt inn.*

Fyrirlestrar

14.00 FYRIRLESTARURIN STIKLUR ÚR STARFI LISTMÁLARA, ÁSGRÍMUR JÓNSSON 1876 - 1958. Safni Ásgríms Jónssonar. Rakel Pétursdóttir rekur þróun listar Ásgríms.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettablaid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is

Innritun
2015-2016

Inntökupróf 19. maí

Söngskólinn í Reykjavík



Þitt hvad!

fyrir
alla!

Dægurlög

Söngleikir

Óperur

Þjóðlagasöngur

Íslensk og
erlend sönglög



SARA
UNGLINGAÐEILD

ELÍN
GRUNNÐEILD

ARI
MIÐDEILD

SOLVEIG
FRAMHALDSÐEILD

DAVÍÐ
HÁSKÓLAEILD

www.songskolinn.is

552 7366

songskolinn@songskolinn.is

Jamie Oliver

LOVE THE OUTDOORS

Gas Grill



Nýtt

NÝTT Í SÖLU HJÁ
BYGGT OG BÚIÐ

Meistarakokkurinn Jamie Oliver hefur nú ásamt grill teyminu sínu hannað frábæra línu af gas grillum sem eru tilvalin fyrir öll tilefni. Þessi glæsilega 2015 lína er byggð til að endast og hönnuð til að gera eldamennskuna fljótlega, auðveldu og gómsæta.



Jamie Oliver G1040XX

- 2 brennarar
- Grillgrindur úr pottjárni
- Orka 24500 BTU-7.2 Kw
- Grillflötur 52x44,5 sm
- Þrýstijafnari fylgir ekki

VERÐ 64.995



Fæst í 3 litum!

Jamie Oliver G1140XX

- 3 brennarar
- Grillgrindur úr pottjárni
- Orka 36900 BTU – 10.8 Kw
- Grillflötur 63,6x44,5 sm
- Þrýstijafnari fylgir ekki

VERÐ 79.995



Jamie Oliver G1340XX

- 4 brennarar
- Grillgrindur úr pottjárni
- Orka 57700 BTU – 16.9 Kw
- Grillflötur 84,8x44,5 sm
- Þrýstijafnari fylgir ekki

VERÐ 99.995



Jamie Oliver G1540XX

- 4 brennarar
- Grillgrindur úr pottjárni
- Orka 57700 BTU – 16.9 Kw
- Grillflötur 84,8x44,5 sm
- Þrýstijafnari fylgir ekki

VERÐ 149.995

Designed
by **Jamie**

byggto**g**búið

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS

OREO-BRÚNKUR SEM BRÁÐNA Í MUNNI

Það er gaman að eiga eitt-hvað gott með kaffinu um helgar og þessi kaka tikkar í öll boxin. Kjör- ið að njóta með ísköldu mjólkurglasi eða góðum kaffibolla.

165 g smjör
200 g suðusúkkulaði, saxað fint
3 egg
2 eggjarauður
2 tsk. vanillusykur
115 g púðursykur
50 g sykur
2 msk. hveiti
1 msk. kakó
smá salt
12 Oreo-kexkökur, hver kaka skorin í fjóra bita.

Hitið ofninn í 180°C. Smyrjið bökunarform (20x20 cm) og klæðið með bökunarpappír þannig hann

fari yfir kant bökunarformsins. Bræðið smjör í potti við miðlungshita. Þegar smjórið er bráðnað er það tekið af hitanum og súkkulaðinu bætt í pottinn. Leyfið þessu að standa í nokkrar mínútur, þar til súkkulaðið er bráðnað og hrærið þá saman þannig að smjórið og súkkulaðið blandist vel. Hrærið eggjum, eggjarauðum og vanillusykri saman í stórri skál þar til blandan verður ljós og létt. Bætið sykrinum í tveimur skömmtum við og hrærið vel á milli. Þegar allur sykurinn er kominn út í er

hrært áfram þar til blandan verður stífari. Bætið súkkulaðinu varlega saman við og hrærið þar til allt hefur blandast vel. Bætið hveiti, kakói, salti og þriðjung af Oreo-kexkökunum út í og hrærið vel. Setjið deigið í bökunarformið og stingið restinni af Oreo-kexkökunum í deigið. Bakið í miðjum ofni í 25-30 mínútur. Leyfið kökunni að kólna áður en hún er tekin úr forminu og skorin í bita. Sigið flórsykur yfir hana áður en hún er borin fram.

Uppskrift fengin af Ljufmeti.com



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



Mannssonurinn er kominn að leita að hinu **týnda** og frelsa það...

www.versidgims.is



FÉLAGSFUNDIR VM



Félagssfundur VM verður haldinn þriðjudaginn 19. maí n.k. kl. 20:00 í VM húsinu, Stórhöfða 25, 3. hæð.

DAGSKRÁ FUNDARINS:

1. Staðan í kjaraviðræðum
2. Verkfallsboðun
3. Önnur mál

Fundurinn verður sendur út á heimasíðu VM, hægt verður að senda inn fyrirspurnir á gudnig@vm.is á meðan fundi stendur.

Nánari upplýsingar á heimasíðu VM www.vm.is



Landsfélag í vél- og málmáttækni

EUROVISION
SONG CONTEST

FÁNÝTUR EUROVISION FRÓÐLEIKUR 7 DAGAR Í EUROVISION

- Þann 16. maí 2013 tóku þrjár þekktar tónlistarkonur þátt í Eurovision. Anouk fyrir Holland, Cascada fyrir Þýskaland og Bonnie Tyler fyrir Bretland.
- Aserbaidsjan var fyrst með árið 2008, en Aserum hefur tekist að vinna keppnina einu sinni á þessum stutta tíma, árið 2011.
- Þegar Finnar unnu Eurovision árið 2006 með Hard Rock Hallelujah var það í fyrsta sinn sem rokklag vann keppnina, auk þess sem allir í atriðinu voru í grímubúningum. Lagið komst á top 40 í Bretlandi og var vinsælt annars staðar í Evrópu.
- Í sömu keppni, var púað á okkar konu, Sylvíu Nótt, sem fór mikinn með laginu Congratulations.
- Grikkir unnu keppnina árið 2005, þar sem hin sænskættaða Helena Paparizou heillaði með laginu My Number One. Lagið varð gríðarlega vinsælt hér heima.
- Sama ár, 2005, tóku Búlgaría og Moldóva þátt í fyrsta sinn. Slógu Moldóvar í gegn með sínu atriði þar sem amman fræga spilaði á trommur.
- Árið 2006 var tekin ákvörðun um að birta stig 1-7 beint á skjánum, þannig að 8, 10 og 12 voru bara lesin upp. Að lesa allt upp tók of langan tíma.
- Í keppninni 2003 tóku stelpurnar í t.A.t.U þátt fyrir Rússlands hönd. Mikill

LORDI Finnarnir voru sáttir með sína sigurvegara.



viðbúnaður var í kringum atriðið þeirra, þar sem aðstandendur „óttuðust“ að þær myndu kyssast í miðju atriði og þar með hneyksla alla Evrópu.

- 2004 tóku Albanía, Andorra, Hvíta-Rússland og Serbía/Svartfjallaland þátt í fyrsta sinn.
- Sama ár, 2004, keppti Íslendingurinn Tómas Þórðarson fyrir Danmörk á hjólaskautum með lagið Shame on You, en komst ekki áfram.
- Keppnin árið 2000 var fyrsta keppnin sem sýnd var beint á internetinu, sem var nýjung þá.
- Keppnin árið 2000 var mjög eftirminnileg, en flestir muna sennilega eftir sigurvegurinum frá Danmörku, Olsen-bræðrum, með lagið Fly on the Wings of Love, sem sló heldur betur í gegn. Þeir voru þá elstu mennirnir til að sigra í Eurovision, alveg 46 og 50 ára.
- 29. maí 1999 er flestum Íslendingum eftirminnileg, en þá laut Selma Björnsdóttir í lægra haldi fyrir Charlotte Nilsson frá Svíþjóð og fékk 146 stig á móti 163. Enn eru einhverjir sem ekki hafa fyrirgefið það.
- Í keppninni 1998 urðu Bretar í 2. sæti í fimmtánda sinn, en þeir hafa aðeins tvisvar sinnum lent á topp tíu síðan. Þá var í fyrsta sinn haldin símakosning í flestum löndum (viljum við ekki þakka Páli okkar Óskari fyrir þessar breytingar?)
- Sigurvegarinn 1998 var Dana International frá Ísrael með lagið Diva. Hún var fyrsti kynskiptingurinn til þess að vinna keppnina.

HLAUGHTU AF STAÐ INN Í SUMARIÐ!

Glæsilegt úrval af hlaupafatnaði
og hlaupaskóm á frábæru verði

20%

AFSLÁTTUR AF
öllum hlaupa-
buxum*

*Gildir fyrir klúbbfélaga
13.-18. maí 2015



INTERSPORT
KLÚBBURINN

Ný sending af
ASICS
hlaupaskóm!

Mikið úrval af
fylgihlutum fyrir
hlauparann!

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/éða myndbreytingar.



29.990

ASICS NIMBUS 17
Hlaupaskór með hlutlausri styrkingu.
Litir: Hvítir m/bleiku, hvítir m/svörtu.
Dömu- og herrastærðir.



3.390

COMPRESSPORT RUN
Hlaupasokkar. High cut. Margir litir.
Dömu- og herrastærðir.



5.990

PROTOUCH VATSKEBALTE
Hlaupabelti með 4 brúsum.



8.990

NIKE HIGH COMPRESS BRA
Íþróttatoppur með miklum stuðningi,
DRI FIT efni. Margir litir. Stærðir: XS-XL.



9.990

NEWLINE VISIO VEST
Hlaupavesti. Litir: Bleikur, gulur.
Dömu- og herra-stærðir. Fæst
aðeins á Bíldshöfða.



6.990

NIKE MILER LS TOP
Dri Fit langermabolur sem hentar í
alhliða líkamsrækt. Litir: Svartur, bleikur,
blár. Stærðir: XS-XL.

**KLÚBB-
TILBOÐ**
8.790
Fullt verð: 10.990

Fullt verð: 10.990

NIKE DF ESSENTIAL
Dri Fit hlaupabuxur með þröngu sniði og
rennilás að neðan. Litir: Svartar, svartar
m/bleiku. Stærðir: XS-XL.



10.990

NEWLINE VISIO SWEATER
Hálfrennd hlaupapeysa. Litir: Bleik.
Dömustærðir. Fæst aðeins á Bíldshöfða.



15.990

NEWLINE VISIO JACKET
Hlaupajakki vindheldur og vatnsvarinn.
Litir: Bleikur, gulur. Dömu- og herra-
stærðir. Fæst aðeins á Bíldshöfða.



**KLÚBB-
TILBOÐ**
6.490
Fullt verð: 7.990

Fullt verð: 7.990

PROTOUCH SPRINT
Hlaupabuxur úr compression efni. Litir:
Svartar. Dömu- og herrastærðir.

INTERSPORT AKUREYRI / SÍMI 460 4891 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.
INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA / SÍMI 585 7220 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 11 - 18. SUN. 13 - 17.
INTERSPORT SELFOSSI / SÍMI 480 4611 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.

SPORT TO THE PEOPLE

INTERSPORT®

Tími til að rífa kjaft

BAKPANKAR

Jóns Sigurðar Eyjólfssonar



Eitt sinn seldi ég grískum bónda móturfák. Var mikill völlur á honum og samningaviðræðurnar því fjórlegar. Við komumst svo að samkomulagi um að hann greiddi 40 þúsund drökmur fyrir. Þá hrifsað hann 30 þúsund úr vasanum, réttir mér og býst til brottferðar. „Eh, við sögðum 40 þúsund,“ sagði ég þá. Hann lítur þá á mig með vandlætingu og segir: „Þú ert ekki fyrr kominn með pening en þú byrjar að rífa kjaft.“ Hann var svo sannfærandi að eitt andartak fékk ég sektarkennd fyrir framhlypnina þar sem ég stóð með útreidda seðla eins og blómvönd.

PETTA er eitt albesta bragðið í bókinni þegar maður vill komast upp með óréttlæti. Og það klikkar ekki, ósvífnin lamar andstæðinginn.

EITT ALMESTA áhyggjuefni heimsins í dag er ójöfnuður en ég held að allir geti verið sammála um að hann er eins og sýking í samfélögum þar sem hann er mikill. Afleiðingarnar eru oftast aukið ofbeldi, eymd, siðleysi og óryggi svo eitt-hvað sé nefnt. Metnaður yfirvalda ætti að vera á þá lund að draga úr honum en á Íslandi er stjórnin á annarri vegferð.

Í SJÁVARÚTVEGI er sífellt verið að hlaða meiru á færri hendur. Stjórnin lækkar líka veiðigjaldið, afnemur auðlegðarskattinn en hækkar skatt á matvæli og komugjaldið á heilsugæslu og ekki þarf svo að undra að svona stjórnvöld telji sig hafa lítið ráðrúm til að leggja fátækum þjóðum lið. Stórfyrirtæki fá líka hér þruga sem pöpullinn má helst ekki fréttu af og fjármálaráðuneytið

blesar bónusana sem áður afvega-leiddu þessa þjóð. Baráttan virðist líka ætla að ná tilætluðum árangri því eitt prósent ríkustu skattgreiðenda á nú þegar um fjórðung af auði alls landsmanna.

PÚ SEM ERT utan við þessa skjaldborg og berst fyrir bættum kjörum færð hins vegar að kenna á bragði gríska bóndans sem stjórnin beitir af krafti. Þú ert að valda sýkingunni sem fer út í verðbólgunu, þú ert að ögra stöðugleikanum: Þú ert að keyra allt um koll!

ÞJÓÐIN hefur síðustu ár áttað sig á bolabragðinu og brugðist við með því að kjósa í auknum mæli þönkara til áhrifa. Má þar nefna Jón Gnarr, Birgittu Jónsdóttur og Óttar Proppé. Það er líka kominn tími til að rífa kjaft.

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

PITCH PERFECT 2
12

BAKK
7

PAUL BLART MALL COP 2
L

THE AGE OF ADALINE
L

Sýningartímar á eMiði.is og miði.is

Barnaheill
Save the Children & Iceland

Vissir þú...
Hvernig þú getur verið gættur barnsins.



UPPÁTÆKJASAMUR Leikarinn í einu af hlutverkum sínum.



Kryddpía giftir sig

Kryddpían fyrrverandi, Geri Halliwell, gekk í hjónaband í gær. Giftist hún Formula 1-kappanum Christian Horner í Woburn Abbey í Bedfordshire á Englandi, sem er í um klukkustundar fjarlægð frá London. Halliwell mætti til athafnarinnar í gömlum Rolls Royce ásamt sonum Emmu Bunton, einnig fyrrverandi kryddpíu og blómastúlkum. Horner mætti hins vegar til kirkju í Aston Martin 1965 bifreið, að hætti James Bond.

Smyglaði hundunum til Ástralíu

Leikarinn Johnny Depp flaug til Ástralíu fyrir skemmstu. Það er ekki í frásögur færandi nema að með í för voru hundarnir hans tveir, Pistol og Boo, en leikarinn smyglaði þeim ólöglega inn í landið. Þegar upp komst um atburðinn var leikaranum gert skylt að senda þá aftur til Bandaríkjanna, annars yrði að lóga þeim báðum.

Talið er að leikarinn hafi sett báða hundana í íþróttatösku og þannig hafi hann komið þeim óséðum til Ástralíu. Hann hefur nú sent hundana báða til Bandaríkjanna aftur. Er Depp enn í Ástralíu, ásamt eiginkonu sinni, Amber Heard, þar sem hann er að taka upp myndina Pirates of the Caribbean 5: Dead Men Tell No Tales.

LAUGARÁS BÍÓ **midí.is** **miðasala og nánari upplýsingar** **LAUGARÁSBÍÓ**

PITCH PERFECT 2 12

MAD MAX 16
POWERSÝNING KL. 10:30

BAKK L

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

PITCH PERFECT 2	2, 5, 8, 10:30	12
MAD MAX	8, 10:30(P)	16
BAKK	5:50, 8	L
AVENGERS 2 3D	5, 10:10	12
ÁSTRÍKUR 2D	2, 4 - ÍSL TAL	L
LOKSINS HEIM	1:50 - ÍSL TAL	L

SAMBÍÓINN
HEIMSFURMSÝND Á ÍSLANDI

MAD MAX FURY ROAD
★★★★★ TOTAL FILM
★★★★★ EMPIRE
★★★★★ TIME OUT LONDON
★★★★★ HITFIX
★★★★★ TIME OUT NEW YORK
FRÁ SNILLINGINUM GEORGE MILLER KEMUR HARÐASTA MYND PESSA ÁRS!
TOM HARDY OG CHARLIZE THERON ERU STÓRKOSTLEG Í MYND SEM GAGNRYNENDUR HALDA VART VÄTNI YFIR.

AVENGERS AGE OF ULTRON
★★★★★ VARIETY
★★★★★ CHICAGO SUN TIMES

HOT PURSUIT
16

THE WATER DIVINER
16

SMÁRA BÍÓ ALFABAKKA	SMÁRA BÍÓ EGILSHÖLL
MAD MAX: FURY ROAD 3D KL. 3:40 - 6:20 - 9	MAD MAX: FURY ROAD 3D KL. 5:30 - 8 - 10:30
MAD MAX: FURY ROAD 2D KL. 2:40 - 5:20 - 8 - 10:40	MAD MAX: FURY ROAD 2D KL. 3:30 - 9
MAD MAX: FURY ROAD VIP 2D KL. 2:40 - 5:20 - 8 - 10:40	HOT PURSUIT KL. 3:30 - 6 - 8 - 10:50
HOT PURSUIT KL. 3 - 6 - 8 - 10:55	THE WATER DIVINER KL. 5:30
THE WATER DIVINER KL. 5:30 - 8	AVENGERS 2 2D KL. 3 - 6 - 8 - 10
AVENGERS 2 2D KL. 3 - 5 - 8 - 10:40	CINDERELLA KL. 3
CHILD 44 KL. 10:10	SMÁRA BÍÓ KRINGLUNNI NÚMÉRÐ SETI
SVAMPUR SVEINSSON 3D KL. 3	MAD MAX: FURY ROAD 2D KL. 2:40 - 5:20 - 8 - 10:40
SMÁRA BÍÓ KEFLAVÍK	MAD MAX: FURY ROAD 3D KL. 10
MAD MAX: FURY ROAD 3D KL. 8 - 10:40	HOT PURSUIT KL. 3:30 - 6 - 8
PITCH PERFECT 2 KL. 5:30 - 8	AVENGERS 2 2D KL. 3 - 5:30 - 8:30
HOT PURSUIT KL. 10:20	SMÁRA BÍÓ AKUREYRI
AVENGERS 2 2D KL. 5	MAD MAX: FURY ROAD 3D KL. 2:40 - 5:20 - 8 - 10:40
ÁSTRÍKUR Á GODABAKKA 3D KL. 3	HOT PURSUIT KL. 8
LOKSINS HEIM 3D KL. 3	AVENGERS 2 2D KL. 5 - 10
SPARBÍÓ MERKTAR MEÐ GRÆNU Eða APPELSÍNUGULU KR. 950 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1200 Á GRÆNT	SVAMPUR SVEINSSON 3D KL. 3

LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus **Ódýrt í bíó**

Sími: 553 2075

PITCH PERFECT 2 SÝND KL. 2

ÁSTRÍKUR SÝND KL. 2
SÝND Í 2D
Á GODABAKKA ÍSLENSKT TAL

LOKSINS HEIM SÝND Í 2D ÍSL TAL
SÝND KL. 1:50

LAUGARÁS BÍÓ TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

SAMBÍÓ **SPARBÍÓ**

HOT PURSUIT MITCHELL MURPHY BERGHA

AVENGERS AGE OF ULTRON

SVAMPUR SVEINSSON SVAMPUR Á ÞUCCU LANI

MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓANNA, KR. 1200 Á GRÆNT OG KR. 950 Á APPELSÍNUGULT

FJÖLSKYLDUPAKKINN
Allir borga barnaverð

MINNST 4 MÍÐAR, A.M.K. 2 BÖRN Á ALDRINUM 2-11 ÁRA
NÁNAR Á WWW.SMARBÍÓ.IS/BYLTING

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

DAGSKRÁ OG MIÐASALA ER Á EMÍÐI.IS

ÁSTRÍKUR **MALL COP 2** **LOKSINS HEIM**

Ofgnótt af alls kyns dýrindum

DANS ★★★★★

Svartar fjaðrir

Dansverk

Listrænn stjórnandi /danhöfundur
Sigríður Soffía Nielsdóttir

Dansarar/Leikendur Atli Rafn Sigurðarson, Ásgeir Helgi Magnússon, Dóra Jóhannsdóttir, Hannes Egilsson, Lovísa Ósk Gunnarsdóttir, Lilja Guðrún Porvaldsdóttir, Ingvar E. Sigurðsson, Oddur Júlíusson, Saga Garðarsdóttir og Sigríður Soffía Nielsdóttir.

Tónlist Jónas Sen og Valdimar Jóhannsson

Búningar Hildur Yeoman

Leikmynd Daniel Björnsson og Helgi Már Kristinsson

Texti Davíð Stefánsson frá Fagraskógi

Opnunarverk Listahátíðar í ár var dansverkið Svartar fjaðrir eftir Sigríði Soffíu Nielsdóttur. Smart byrjun á hátíðinni verð ég að segja að hafa dansverk eftir unga íslenska konu.

Í verkinu fjallar Sigríður Soffía um Davíð Stefánsson frá Fagraskógi, ljóðin hans og hann sem persónu. Um dansverk er að ræða en að vanda leikur Sigríður Soffía sér að því að þenja út listformið og ögra hugmyndum um mörk listgreina. Að þessu sinni með því að dansa ljóð og flytja ljóð með hreyfingu. Til fulltingis við sig hefur hún fengið eðallistamenn, dansara og leikara sem eins og í mörgum samtímadansverkum nýttu fagþekkingu sína í túlkun og tjáningu, auk þess að takast á við tjáningarleiðir listformsins. Eitthvað sem er vandmeðfarið en gekk oftast upp eins og í fallegum flutningi Atla Rafns leikara og Ásgeirs Helga dansara á ljóðinu Ofstjórn með hreyfingum og orðum.

Samtímis því að vera flutningur á ljóðum Davíðs í orðum og hreyfingum er verkið tilraun til að draga upp mynd af skáldinu sjálfu. Til þess nýtir Sigríður Soffía hefðbundið frásagnarform en leikararnir Saga Garðarsdóttir og Oddur Júlíusson túlkuðu á skemmtilegan hátt samferðafólk Davíðs og sögðu sögur af honum. Í þessum innskotum var oft stutt í grínið sem náði vel til salarins en braut að sama skapi upp stemminguna.

Svartar fjaðrir hófst með yndislegu atriði þar sem eitthvað sem við fyrstu sýn virtist vera svartur steinn sem lá í þokuslæðingi á sviðinu lifnaði við og hreyfðist um sviðið í ótrúlega fingerðu og viðkvæmu flæði. Gripani mynd sem gaf fyrirheit um hrifandi kvöld. Í kjölfarið fylgdi aftur á móti klisja, berleggjaðar konur í háhæluðum skóm sem reyna að tengjast kol-svartri verunni sem sló á væntingarnar. Samspil Lovísu Óskar og Hannesar (verunnar) var mjög fallegt í þessu atriði en ekki fleiri fáklæddar konur í háhæluðum skóm að reyna að þóknast karlmönnum í dansverk, takk.

Í framhaldinu komu margir góðir kaflar bæði í ljóðaflutningi og frásögn eins og áður nefndur flutningur á Ofstjórn, flutningur Ingvars E. Sigurðssonar á Moldin angar og ekki síður framsetning sama ljóðs í dansi og flutningur Odds á ölaðistexta frá Davíð sjálfum. Atriði sem hefði þó mátt vera blæbrigðameira. Fyrir utan upphafsessenuna þá var það þó ekki fyrr en í lokin í túlkuninni á Að skýjabaki og Er árin færast yfir sem tófrarnir birtust á ný. Tjáning Lilju Guðrúnar og túlkun á þessum text-



SVARTAR FJÆDRIR Opnunarverk Listahátíðar í ár var dansverkið Svartar fjaðrir eftir Sigríði Soffíu Nielsdóttur.

MYND/HÖRÐURSVINSSON

um var mjög sterk og samspil listformanna, hreyfinganna, notkunar orða og söngs var hrífandi. Hvernig textanum var haldið lifandi í Að skýjabaki var fallegt og dúett Lilju Guðrúnar og Lovísu Óskar var ótrúlega flott gerður og áhrifaríkur

Útlit og umgjörð sýningarinnar gekk mjög vel upp. Notkunin á svarta og hvíta litnum rímaði vel við hugmyndir Davíðs sjálfs um að það væru hans litir en undirrituð saknaði þess að rauði liturinn fengi líka sinn sess í takt við orð skálds-

ins, „að kvæði mín eru blóð af mínu blóði...“ Búningarnir komu ágætlega út í heildina og tónlistin/hljóðheimurinn var mjög flottur, fjölbreyttur og fullur af stemmingu.

Í heild var sýningin tæknilega vel útfærð og allir þátttakendur stóðu sig með þryði en það vantaði upp á listræna útfærslu og leikstjórn. Það var verið að gera of margt í einu þannig að verkið var of langt og brotkennt og skildi því ekki eins mikið eftir sig og efni stóðu til.

Sesselja G. Magnúsdóttir

→ Tjáning Lilju Guðrúnar og túlkun á þessum textum var mjög sterk og samspil listformanna, hreyfinganna, notkunar orða og söngs var hrífandi.

NIÐURSTAÐA: Stórhuga verk stúfult af góðu efni en þarfnaðist slípunar og fágunar.



LOFAR GÓÐU FJÖRI Benedikt Freyr Jónsson, betur þekktur sem Benni B Ruff, er einn af skipuleggjendum klúbbaveislunnar.

Plötusnúðar fagna lóunni í Gamla bíói

Klúbbaveisla þar sem nítján plötusnúðar koma fram.

„Það má eiginlega segja að við séum að fagna lóunni, þessi viðburður er kominn til að vera,“ segir Benedikt Freyr Jónsson, betur þekktur sem Benni B Ruff. Hann er einn af skipuleggjendum klúbbaveislu sem kallast Lóan. Um er að ræða einstakan viðburð sem fram fer í Gamla bíói en þar koma fram hvorki fleiri né færri en nítján plötusnúðar. „Þetta eru allt frekar ólíkir plötusnúðar en hópa sig samt saman þannig að þetta verður spennandi og skemmtileg blanda. Það mætti alveg kalla þetta árshátíð plötusnúða,“ bætir Benedikt við. Þeir sem koma fram undir hverjum hópi:

Tetriz – (B-Ruff & Finga-rint), Blokk – (Housekell, Introbeats, Viktor Birgiss, Jónbjörn, Jón Reginbald, Símon fknhdsm, Ómar E, Moff & Tarkin), Plútó – (Kocoon, Tandri, Skeng, Gunnir Ewok, Julia Ruslanovna, Skurður, Maggi B, Hlynun Jarðar, Ozy) og Yamaha – (Dj Yamaha).

Tetriz spilar gullaldrhiphopp frá 93-97, Blokk spilar hús & teknó, Plútó spilar grime, juke, footwork, hiphopp, haglabysuhúsógen teknó



KEMUR FRAM Introbeats er einn af þeim sem koma fram í kvöld.

og svo ætlar Yamaha að spila hús & teknó.

„Hver og einn hópur spilar í klukkutíma þannig að þetta verður 4 tíma keyrsla,“ bætir Benedikt við.

Lóan fer fram í Gamla bíói í kvöld og hefst klukkan 22.00. „Ég lofa hörku góðu kvöldi og verður Corona í boði fyrir þá sem mæta tímanlega.“

- glp



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY



NEMENDUR Í TÖLVUNARFRÆÐI KYNNA LOKAVERKEFNI

Lokaverkefni sem nemendur í grunnnámi við tölvunarfræðideild HR hafa unnið í samstarfi við íslensk fyrirtæki verða kynnt dagana 18. og 19. maí.

@haskolinn
#haskolinnrvk

Verkefni	Samstarfsaðili	Stofa	Dags.	Tími
Viðskiptagreind	Marel	M104	18. maí	08:30
MMOs for Science	MMOS, CCP, CADIA	M105	18. maí	09:15
Boggan	Landsbjörg	M104	18. maí	10:00
Birdie		M105	18. maí	10:45
Stoðkerfi fyrir námsleiki	Costner ehf.	M104	18. maí	11:30
Graphical recipe automation	Gracipe	M105	18. maí	12:45
DATI	Tern Systems	M104	18. maí	13:30
Fanaments app	Viking software	M105	18. maí	14:15
Authenteq ID	Authenteq	M104	18. maí	15:00
HR umræður	Háskólinn í Reykjavík	M105	18. maí	15:45
Þöntunarkerfi bílaleigu í Dynamic Ax	Annata	V102	18. maí	16:30
HiPOS for Windows	Handpoint	M104	19. maí	08:30
Heimir skráningasíða	Borgun	M105	19. maí	09:15
KPMG skráningar	KPMG	M104	19. maí	10:00
Saga samskiptastaðall	Cadia	M105	19. maí	10:45
Applicon-Fussball	Applicon	M104	19. maí	11:30
Vegabréfaumsóknir Advania	Advania	M105	19. maí	12:15
Thrifter		M104	19. maí	13:45
Tempo Mobile	Tempo	M105	19. maí	14:30
Advania áætlanir	Advania	M104	19. maí	15:15
Oturgjöld	Valitor	M105	19. maí	16:00
Interactive design of the Gracipe user interface	GRESS - rannsóknarsetur HR	V102	19. maí	13:00
Social Questing in Deckbattana	CADIA - rannsóknarsetur HR	V102	19. maí	13:30
Visual Evaluation of User Reaction in VR	CADIA - rannsóknarsetur HR	V102	19. maí	14:00
GUI design for the P3 photo browser	GRESS - rannsóknarsetur HR	V102	19. maí	14:30
WebAPI for the O3 media server	GRESS - rannsóknarsetur HR	V102	19. maí	15:00

Frá München til Selfoss

FÓTBOLTI Landsliðskonan Dagný Brynjarsdóttir er gengin í raðir Selfoss á ný. Dagný kemur frá stórlíði Bayern München en hún varð þýskur meistari með liðinu á dögum.

Til stóð að Dagný myndi semja við lið í Bandaríkjunum en liðin í atvinnumannadeildinni vestra settu sig upp á móti því að hún þyrfti ekki að fara í gegnum formlegt valferli eins og aðrir leikmenn sem koma inn í deildina. Ekkert varð því af þeim félagaskiptum.

Dagný mun spila með Selfossi í sumar, í það minnsta fram í miðjan júlí þegar félagaskiptaglugginn opnar á ný. Dagný lék með Selfossi í Pepsi-deildinni í fyrra og skoraði þá sjö mörk í ellefu deildarleikjum. Ljóst er að landsliðskonan styrkir Selfossliðið gróðarlega en Sunnlendingar töpuðu fyrir Fylki í sínum fyrsta leik í Pepsi-deildinni á fimmtudaginn.

- íps



Jóhann Birgir í sex mánaða bann

